

LÍF OKKAR BREYTTIST
Á EINNI NÓTTU
Palestínskir flóttamenn á
Akranesi segja frá

VIÐTAL 28



TÓNLISTAR-
MAÐURINN
EBERG Í
YFIRHEYRSLU

VIÐTAL 60



Mín Borg
ferðablað Ícelandair
fylgir með
Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ

ÍCELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

4. apríl 2009 — 82. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÓLK 94



Kári Stefánsson
með ljósmynda-
sýningu

60 ÁRA AFMÆLI 34

Tekist á um
framtíð NATO

KANNABIS 36

**Margt nei-
kvætt fylgir**
banninu



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



ÖRLAGATÍMAR Örlagaríkt samtali Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, við Árna Mathiesen að morgni 7. október var talið hafa valdið því að Bretar gripu til hryðjuverkalaga til að tryggja hagsmuni breskra þegna sem áttu fé á Icesave-reikningum Landsbankans. Árni sagði það hugsanlegt að ekki væri nægilegt fé til í tryggingasjóði innlána til að tryggja innistæðurnar. Það túlkaði Darling sem svo að íslensk stjórnvöld ætluðu ekkert að borga.

NORDICPHOTOS/AFP

Darling rangtúlkaði orð Árna segir bresk þingnefnd

Beiting hryðjuverkalaga gegn íslenskum fyrirtækjum er mjög gagnrýniverð aðgerð, segir rannsóknarnefnd breska þingsins. Alistair Darling er sagður hafa rangtúlkað orð Árna Mathiesen í frægu símtali 7. október.

BANKAHRUNIÐ „Útskrift af samtali fjármálaráðherrans við íslenska fjármálaráðherrann staðfestir ekki að íslenska ríkisstjórnin hafi haldið því fram að hún myndi ekki virða skuldbindingar sínar,“ segir í skýrslu nefndar breska þingsins sem rannsakar meðal annars fall íslensku bankanna og áhrif þess á breskt efnahagslíf.

Skýrslan var gerð opinber klukkan ellefu í gærkvöldi. Hún er sú fyrsta af nokkrum sem munu fjalla um fall íslensku bankanna í Bretlandi.

Hér er vitnað til samtals sem Árna Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, átti við starfsbróður sinn Alistair Darling snemma dags 7. október síðastliðinn; daginn eftir að neyðarlög voru sett og bankarnir hrundu.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að beiting hryðjuverkalaganna sé mjög gagnrýniverð aðgerð. Einnig að í raun sé engin löggjöf til sem geti tekið á viðlíka vanda og kom upp í október.

„Við hvetjum fjármálaráðuneytið til að íhuga hversu viðeigandi beiting laganna væri við áþekkar aðstæður í framtíðinni,“ segir í skýrslunni. Kemur fram að önnur löggjöf, sem ekki er eins harkaleg, væri vænlegri. Eindregið er hvatt til að slík löggjöf verði sett hið fyrsta. Þá segir nefndin augljóst að beiting hryðjuverkalaganna hafi haft mikil áhrif á tilraunir íslenskra stjórnvalda til að verja íslenska bankakerfið falli.

Um atburðarásina í október segir að aðgerðir Alistair Darling til að vernda hagsmuni breskra innistæðueigenda hafi haft mikil áhrif á getu Kaupþings til að halda velli. Hins vegar finnur nefndin þess engin merki að líkur séu til að Kaupþing hefði getað haldið áfram starfsemi; sem hefur verið grundvallarágreiðingur á milli breskra og íslenskra stjórnvalda frá upphafi. Ummæli Darlings gerðu bresk stjórnvöld að virkum þátttakanda á markaði, sem er óheppilegt að mati nefndarmanna.

ÞAÐ EINA GLEÐILEGA HINGAÐ TIL



„Ef þetta er svona þá er þetta það eina gleðilega í þessu öllu saman hingað til,“ sagði Árni Mathiesen þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans í gærkvöldi. „Þetta hjálpar okkur hins vegar lítið núna þegar þetta er búið.“

Árni telur að þessi niðurstaða bendi til að bresk stjórnvöld hafi verið meiri gerendur í bankafallinu en almennt hafi verið talið.

Ekkert er minnst á þung orð Gordons Brown, forsætisráðherra Breta, í garð Íslands í stærstu fjölmiðlum landsins á þessum tíma sem öllu deilu ríkjanna frekar en nokkuð athyglisvert í ljósi gagnrýni á Darling og bresk stjórnvöld almennt.

Nefndarmenn lýsa furðu sinni á því að látlaus umfjöllun fjölmiðla um íslenska banka fyrir bankahrunið hafi ekki orðið til þess að ráðgjafar fjármálafyrirtækja gerðu skjólstæðingum sínum grein fyrir aukinni áhættu í viðskiptum við þá.

-shá

Fréttablað
Hjálparstarfs
kirkjunnar,

Margt smátt,
fylgir Fréttablaðinu
í dag



Hjálparstarf
kirkjunnar

KR - Grindavík í dag kl. 16.00

Iceland Express
deildin



NS
NÓI SÍRUS



Jón Þór, spila ekki allir með hinu liðinu?

„Nei, nei. Það spila allir með öllum.“

Fótboltiðin sem keppa á alþjóðlegu páskamóti Strákafélagsins Styrmis eru skipuð innlendum og erlendum hömum og lesbium. Jón Þór Þorleifsson er skipuleggjandi mótsins.



ÁST OG FRÍÐUR Mótmælendur í búðum sínum í Neuhof-hverfinu í Strassborg.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NATO-mótmæli í Strassborg: Táragsi beitt

STRASSBORG, AP Lögregla beitti í gær táragsi til að dreifa grjót-kösturum í liði mótmælenda, sem safnast hafa til Strassborgar við landamæri Frakklands og Þýskalands í tilefni af leiðtogafundi NATO sem þar fer nú fram.

Mótmælendur kveiktu í bálköstum úr timbri og drasli á götu sem liggur að búðum mótmælenda. Um 9.000 franskir og 15.000 þýskir lögreglumenn annast eftirlit á fundinum, sem hófst í Baden-Baden í Þýskalandi í gær og heldur áfram í Strassborg í Frakklandi í dag. „Sextíu ár eru of mikið!“ sungu mótmælendur. „Endalok NATO eru markmiðið.“

- aa

Ættleiðingardagar dýranna: Gæludýrin fá nýtt heimili

DÝRAHALD Í Garðheimum geta dýravinir orðið sér úti um gæludýr um helgina en Dýrahjálpi Íslands stendur þar fyrir Ættleiðingardögum.

„Við verðum í Garðheimum í dag og á morgun frá klukkan 12 til 18 og hingað getur fólk komið sem er að leita sér að dýri sem það vill veita heimili,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir hjá Dýrahjálpi en samtökin veittu um 300 dýrum nýtt heimili á síðasta ári.

Ásbjörg vill hvetja fólk til að líta við í Garðheimum og sjá hvort það fellur ekki fyrir einhverri sætri kisu til að taka með sér heim en leitað er að framtíðarheimili fyrir dýrin.

- rat / sjá Allt helgin



Yfirmenn Hamraskóla funduðu um einelti með foreldrum bekkjarsystkina:

Funduðu án foreldra fórnarlambins

SKÓLAMÁL Skólastjóri Hamraskóla í Grafarvogi fundaði í gær með foreldrum bekkjarsystkina drengs sem orðið hefur fyrir alvarlegu einelti í skólanum frá áramótum. Á fundinum var einnig yfirkennari skólans og fulltrúi menntasviðs Reykjavíkurborgar. Foreldrum drengsins var hins vegar ekki boðið á fundinn.

Faðir drengsins, sem ekki vill láta nafns síns getið sonar síns vegna, segir að sér þyki afar undarlegt að hafa ekki fengið að sitja fundinn. Hann hafi rætt við fulltrúa menntasviðs, sem var á fundinum, og hann hafi tekið í sama streng.



HAMRASKÓLI Faðirinn segir einkennilegt að hafa ekki verið boðið á fund um einelti gegn eigin syni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Faðirinn hefur rætt við foreldra sem sátu fundinn og segir að þar hafi fleiri stigið fram og sagt frá því að tiltekinn drengur í bekknum, sá sem einkum hefur ráðist

gegn syni hans, hafi beitt börn þeirra ítrekuðu líkamlegu og andlegu ofbeldi. Kröfur hafi heyrst á fundinum um að honum verði víkið úr skólanum.

Faðirinn segir ljóst að sonur sinn muni ekki snúa aftur í skólann eftir páska nema mikið breytist. Drengurinn hefur ekki mætt í skólann síðustu tvo daga. Hann hefur verið kyldur níu sinnum síðan hann kom í skólann um áramót, og einnig stunginn til blóðs með blýanti.

Eftir að fréttin um drenginn birtist í gær hafa fleiri foreldrar barna í Hamraskóla haft samband með áþekkar sögur af sínum börnum.

- sh

Strokufangi handtekinn:

Engin efni hafa enn skilað sér

LÖGREGLUMÁL Rúmlegur tvítugur Belgí, Gilles Claessens, sem strauk úr haldi lögreglunnar á Suðurnesjum í fyrrakvöld, fannst um sexleytið í gærmorgun í miðbæ Keflavíkur. Hann er talinn hafa fíkniefni innvortis en hefur enn ekki skilað þeim af sér. Ekki er þó útilokað að hann hafi losað sig við eitthvað af þeim á meðan hann gekk laus.

Claessens var handtekinn við komuna til landsins og játaði þá brot sitt. Svo virðist sem honum hafi síðan tekist að losa af sér handjárn í lögreglubíl og hlaupið á brott þegar átti að færa hann úr bílnum.

- sh

Sakar skilanevndina um að vinna fyrir MP

Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri Kaupþings segir skilanevnd SPRON starfa eins og markaðsdeild fyrir MP Banka. Fyrirverandi viðskiptavinur fékk tölvupóst frá SPRON með hvatningu um að skrá sig í viðskipti á vefsíðu MP eftir helgi.

VIÐSKIPTI Nýja Kaupþing hefur kvartað til Fjármálaeftirlitsins vegna tölvupósts sem fyrirverandi viðskiptavinur SPRON fékk frá sparisjóðnum, þar sem hann var hvattur til að snúa sér til MP Banka með sín viðskipti.

Maðurinn sendi skilanevnd SPRON fyrirspurn um innlánsreikning sinn, sem eftir fall bankans var tekinn í vörslu Kaupþings. Samdægurs barst honum svar frá þjónustuveri SPRON. Í niðurlagi svarsins segir: „Við hvetjum alla þá sem vilja koma í viðskipti við

SPRON að setja sig í samband við starfsfólk útibúa SPRON frá og með mánudeginum 6. apríl. Einnig er hægt að skrá sig á vefsíðu www.mp.is og starfsmenn SPRON munu hafa samband við þig á næstunni.“

Umræddan mánudag stóð til að MP Banki myndi opna nýjan viðskiptabanka með þremur útíbúum undir merkjum SPRON. Það hefur nú frestast vegna þess að Fjármálaeftirlitið á eftir að samþykkja kaupin.

„Mér finnst mjög óeðlilegt að skilanevnd sem á að vera að vinna fyrir kröfuhafa sé að starfa sem markaðsdeild fyrir þá aðila sem hún hefur verið að selja útíbúin,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings. Það kæmi Kaupþingi afar illa ef allir þeir sem áttu fé á reikningum hjá



SPRON Skilanevnd SPRON gekk á dögum að 800 milljóna króna tilboði MP Banka í útíbúanet SPRON. MP hyggst opna þrjú útíbú á ný undir merkjum SPRON. FME á þó eftir að samþykkja kaupin og því verður ekki af fyrirhugaðri opnun útíbúanna á mánudag. Innlánsreikningar úr SPRON voru færðir til Kaupþings við hrun SPRON.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SPRON hlupu til og færðu það yfir í nýja SPRON þegar bankinn tekur til starfa. Það sé því einkennilegt af skilanevnd gamla SPRON að hvetja til þess. Það sé ekki hlutverk hennar.

Kaupþing er eftir yfirtöku innlánsreikninganna langstærsti kröfuhafinn í þrotabú SPRON.

Hlynur Jónsson, formaður skilanevndar SPRON, kannast ekki við póstin og segir ljóst að hann sé ekki frá skilanevndinni kominn. Um leið og ábending hafi borist

um að póstur af þessu tagi kunni að hafa farið frá bankanum hafi menn farið að grennslast fyrir um uppruna hans. Það hafi ekki enn borið árangur.

Hann segir niðurlag póstsins óheppilegt, ekki síst í ljósi þess að kaup MP Banka á útíbúanetinu séu ekki enn frágengin. „Við lítum þetta mjög alvarlegum augum. Við munum að sjálfsögðu reyna að komast til botns í þessu máli og grípa til viðeigandi ráðstafana.“

stigur@frettabladid.is

Dr. Michael Hudson: Skuldaafskriftir eini kosturinn

EFNAHAGSMÁL Raunveruleg hættu er á að á Íslandi myndist ný stétt fjármagnseigenda sem muni stjórna landinu til lengdar, að mati dr. Michaels Hudson, sérfræðings í alþjóðafjármálum.

Hudson ritar grein í Fréttablaðið í dag þar sem segir að Ísland hafi orðið fyrir efnahagslegri árás útlendinga sem studdir voru af íslenskum bankamönnum. Eftir hrúnið sé reynt að láta kné fylgja kvíði með því að telja íslenskum almenningi trú um að honum standi ekki annað til boða en að borga skuldir, sem örfáir einstaklingar steypu landinu í. „Þjóðin þarf einfaldlega að gera sér grein fyrir því að þær skuldir sem krafist er að hún greiði, eru meiri en hún getur ráðið við,“ skrifar Hudson.



DR. MICHAELS HUDSON

- bs / sjá síðu 22

Bruni í Vestmannaeyjum: Þrír hafa játað

LÖGREGLUMÁL Þrír menn hafa játað að hafa kveikt í rútu í Vestmannaeyjum aðfaranótt miðvikudags. Tveir mennanna voru handteknir í fyrradag en sá þriðji í gær. Þeim var sleppt úr haldi eftir að þeir játuðu á sig brotið.

Að sögn lögreglunnar er mennirnir um tvítugt. Hún vill hins vegar engu svara um það hvort einn mannanna sé slökkviliðsmaður eins og sagt hefur verið frá í fjölmiðlum.

Lögreglan rannsakar hvort þessir menn séu tengdir öðrum íkveikjum í Vestmannaeyjum undanfarnin misseri. Tólf rúður brotnuðu í nærliggjandi húsi þegar rútan brann.

- jse

Obama Bandaríkjaforseta er í kastljósinu á sextíu ára afmælisleiðtogafundi NATO:

Samstaða bandamanna bætt

STRASSBORG, AP Undir dynjandi fagnaðarlátum hét Barack Obama Bandaríkjaforseti því í gær að koma tengslum lands síns við Evrópu í samt lag. Sagði hann heimsbyggðina hafa sameinast um stund eftir hryðjuverkaárásirnar árið 2001 en síðan hefðum „við lent á röngu spori vegna Íraks“.

„Við verðum að vera hreinskilin við okkur sjálf,“ sagði Obama. „Á undanförmum árum höfum við leyft bandalagi okkar að reka á reiðanum.“

Obama sagði að þrátt fyrir þá biturð sem deilurnar um Íraksstríðið hefðu skapað yrðu Bandaríkin og bandamenn þeirra að standa saman því „al-Kaída er enn ógn“.

Á borgarafundi með Þjóðverjum og Frökkum í íþróttahúsi í Strassborg hvatti Obama enn fremur Evrópumenn til að styðja viðleitni ríkisstjórnar sinnar til að uppræta hryðjuverkaöfl í Afganistan og Pakistan, og Evrópa ætti ekki að vænta þess að Bandaríkin bæru allan kostnaðinn af því að fjölga í herliðinu í Afganistan.

„Þetta er sameiginlegt vandamál,“ sagði hann við upphaf sextíu ára afmælisleiðtogafundar bandalagsins, og bætti við: „og það krefst sameiginlegs átaks.“



ALLRA AUGU Á OBAMA Fólk sem hleypt var nærri leiðtogunum reynir að heilsa Barack Obama Bandaríkjaforseta fyrir utan fundarstaðinn í Strassborg í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, staðfesti í gær að hann saktist eftir því að verða næsti framkvæmdastjóri NATO.

- aa / sjá síðu 34

NOVA

Okk. Nova í Nova

1000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

DAÐUR & STEINI

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	118,77 119,33
Sterlingspund	175,34 176,2
Evra	159,52 160,42
Dönsk króna	21,416 21,542
Norsk króna	18,056 18,162
Sænsk króna	14,734 14,82
Japanskt jen	1,1885 1,1955
SDR	178,1 179,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
194,7375
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir Vestmannaeyjabæ skaðabætur:

Olúfélögin borgi tíu milljónir

DÓMSMÁL Olúfélögin Þrjú, Ker, Skeljungur og Oliuverslun Íslands, voru í gær dæmd til að greiða



ELLIÐI VIGNISSON

Vestmannaeyjabæ tíu milljónir króna í skaðabætur vegna verðsamráðs við útboð bæjarins í olúkaup árið 1997. „Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á því hversu freklega var brotið gegn okkur,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.



SKAÐABÓTASKYLD Olúfélögin Þrjú höfðu með sér viðtækt samráð um margra ára skeið eins og samkeppnis-yfirvöld komust að á sínum tíma.

en fékk sem áður segir aðeins tíu, með vöxtum og dráttarvöxtum frá febrúar 2004. „Þetta er heldur lægri upphæð en skaði okkar var,“ segir Elliði. „En upphæðin er svo

sem ekki stóra málið í þessu. Móralska hliðin finnst mér ekki skipta minna máli en þessar krónur.“

Jafnframt segir í dómnum að telja megi að tjon Vestmannaeyjabæjar af ótvíræðu samráðinu hafi í raun verið meira en hagnaður olúfélaganna af því.

Elliði segir niðurstöðuna traustvekjandi. „Í þessum væringum í viðskiptalífínu eftir bankahrunið er líka gott að sjá að það er hægt að treysta dómskerfinu til að takast á við mál af þessu tagi,“ segir hann.

Elliði á fastlega von á því að málið verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Pingframboðum fækkar:

L-listinn hættir við framboð sitt

STJÓRNMÁL L-listi fullveldissinna hefur hætt við að bjóða fram til Alþingis í komandi kosningum. Þetta var ákveðið á fundi hreyfingarinnar í gær.

Fulltrúar listans treysta sér ekki til að uppfylla skilyrði sem ólýðræðislegar aðstæður skapa nýjum framboðum, og nefna í því samhengi þaulsetu Alþingis, sem skapi sitjandi þingflokki óeðlilegt forskot, fimm prósentu þröskuldinn svokallaða og kröfuna um 126 framboðendur í öllum kjördæmum. Enn fremur hafi þeir átt von á kveðningu sjálfstæðismanna og vinstri grænna í afstöðunni til Evrópusambandsins.

Álagningarskrár áfram birtar: Skattstjóri sigrar Borgar Þór

DÓMSMÁL Lögfræðingurinn Borgar Þór Einarssonar tapaði í gær máli sem hann höfðaði gegn



BORGAR ÞÓR EINARSSON

Skattstjóranum í Reykjavík vegna árlegrar framlagningar álagningarskrár þar sem upplýsingar um tekju-skattgreiðslur hans og annarra eru til sýnis. Borgar telur að þótt kveðið sé á um það í lögum að leggja skuli skrána fram á hverju ári gangi það samt gegn stjórnarskrárkvæðum um friðhelgi einkalífs. Dómurinn telur rétt að birting skráarinnar geti falið í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs, en engu að síður sé slík skerðing heimil löggjafanum. Borgar segist muna áfrýja málinu til Hæstaréttar.

Landsbankinn:

Bankastjórar tóku ekki lán til hlutabréfakaupa

BANKAHRUNIÐ Einkahlutafélög í eigu nokkurra ædstu stjórnenda Landsbankans fengu lán að til hlutabréfakaupa í bankanum. Þetta kemur fram í ársreikningi bankans frá 2007. Mun minna fé mun vera um að ræða en Kaupþing og Glitnir lánuðu til sinna starfsmanna, eða rúmlega 100 milljónir króna. Lánin runnu til framkvæmdastjóra innan bankans, en bankastjórnir Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Arnason voru ekki í þessum hópi.

Stefán Már Stefánsson, laga- prófessor við Háskóla Íslands, telur að stjórnir bankanna þriggja hafi brotið lög með lánveitingum til einkahlutafélaga í eigu starfsmanna.

LÍÚ mun bregðast við með aðgerðum

Framkvæmdastjóri LÍÚ trúir ekki að stjórnarflokkarnir láti verða af hugmyndum sínum um afturköllun aflaheimilda. Geri þeir það grípi útvegsmenn til aðgerða. Samfylkingin hefur ekki útfært hugmyndir sínar en vill ná sátt um kerfið.

SJÁVARÚTVEGUR Verulegur ágreiningur er um hina svokölluðu fyrningarleið milli stjórnarflokkaanna og útgerðarmanna. „Ég bara trúir því ekki að þeir muni fara þessa leið, ég hef meiri trú á skynsemi sjávarútvegsráðherra en svo,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landsambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ).

Spurður hvort LÍÚ muni bregðast við með einhverjum aðgerðum verði þessi leið farin segir hann: „Já, við munum örugglega gera það en ég á bara alls ekki von á því að nokkur ábyrgur stjórnámalaður muni láta verða af þessu.“

Formenn og aðrir fulltrúar þingflokkaanna ræddu hver á eftir öðrum við stjórnarmenn LÍÚ og Samtaka fiskvinnslustöðva (SF) á fundum í gær og gerðu grein fyrir stefnum sínum í sjávarútvegsmálum.

Báðir stjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir stefni að því að innkalla aflaheimildirnar en LÍÚ hefur sagt slíkt ríða sjávarútvegsfyrirtækjunum að fullu og jafnvel svo að bankarnir fylgi með í fallinu.

„Við höfum ekkert útfært þetta í smáatriðum hvað varðar upphæðir né annað,“ segir Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar og fulltrúi flokksins á fundinum í gær, aðspurður hvaða áhrif hann teldi innköllun þessa hafa á greiðslugetu sjávarútvegsfyrirtækjanna. „Enda teljum við að hvorki ég né einstakir þingmenn Samfylkingar séum bestu menn til að úfæra þessi smá-



GERT AÐ ÞEIM GULA Sjómenn eru samtaka þegar þeir gera að þeim gula en miklar deilur eru um það hvernig staðið skuli að því að sækja hann.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON



GUÐBJARTUR HANNESSON

atriði, það verður að gera það í sátt við alla aðila, banka og með samvinnu bestu sérfræðinga. Það sem við höfum hins vegar gert er að verða við kröfu fólks um að

reyna að koma á sátt um fiskveiðikerfið.“

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, sagði í samtali við Fréttablaðið að aðgerðir sem þessar væru aðför að landsbyggðinni og að þeim myndi fylgja miklar bætur til þeirra sem verða af heimildunum. Guðbjartur útilokar ekki að útgerðarmönnum verði greiddar bætur við innköllun aflaheimildanna. Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra eftir fundinn.

js@frettabladid.is

Aldrei fór ég suður:

Kynning með plockkfisksveislu

MENNING „Það ber að hneigja sig og beygja fyrir fyrirtækjum sem gleyma ekki mikilvægi menningarstarfsemi á tímum sem þessum,“ segir Jón Þór Þorleifsson, skipuleggjandi tónlistarháttáráttarinnar Aldrei fór ég suður sem verður haldin á Ísafirði í sjötta sinn um næstu helgi.

Dagskrá háttáráttarinnar var kynnt í gær með plockkfisksveislu á veitingastaðnum Karamba við Laugaveg. Sérstaklega voru teknar fram þakkir til aðalstyrktaraðilanna: Vodafone og Flugfélags Íslands.

Landsvirkjun:

Breytingar gerðar á stjórn

ORKUMÁL Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrekstur Háskólans á Bifröst, er nýr stjórnarformaður Landsvirkjunar. Á aðalfundi fyrirtækisins, sem fram fór í gær, var kjörin ný stjórn þess til eins árs. Bryndís tekur við af Ingimundi Sigurpálssyni, forstjóra Íslandspósts, sem verður almennur stjórnarmaður.

Aðrir í stjórn Landsvirkjunar eru Sigurbjörg Gísladóttir, efnafræðingur við Umhverfisstofnun, sem verður varaformaður, Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi, og Stefán Arnórsson, prófessor við Háskóla Íslands.

BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMMUM

Eigum fyrirleggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.



15% afsláttur



EXIDE

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is


VEÐURSPÁ



ÁGÆTAR HELGARHORFUR

Þessa helgina horfir vel með veður. Vindur hægur af suðri í dag og milt. Einhver úrkoma kann að falla sunnan til og vestan en allt bendir til að það verði lítilsháttar og dragi úr úrkomulíkum eftir því sem líður á daginn. Á sunnudag verður svipað veður nema að þá snýst hann í norðaustan á Vestfjörðum og við það kólnar.

Á MORGUN
Viðast 3-8 m/s.



MÁNUDAGUR
8-13 m/s á Vestfjörðum, annars 5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	20°
Amsterdam	15°
Basel	16°
Berlín	22°
Billund	15°
Eindhoven	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	20°
London	14°
New York	15°
Orlando	28°
Osló	13°
París	17°
Róm	17°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

20% til 50%

afsláttur

Vorgleðitilboð á:

- Garðrósum
- Garðplöntum
- Garðstyttum
- Garðhúsgögnum
- Mold
- Áburði
- Trjáklippum
- Casoron
- Silkiplöntum
- Páskaskrauti
- o.fl.



Við gefum góðu ráðin!



Garðrósirnar komnar!



VORGLEÐI GARÐHEIMA

er laugardag og sunnudag

Páskatúlípanar



10stk
990kr

Myndasýningar úr fallegum gördum á Íslandi, Frakklandi og Japan

Kaffi og kleinur í boði Garðheima

Páskaleikur barnanna – Páskegg í verðlaun

Ís og blöðrur fyrir börnin

emmessis

Páskaskraut



20%
af öllu
páskaskrauti

Páskagreinar



3 greinar
645kr

Trjáklippingar

fáðu góð ráð hjá Garðabræðrum



Kristján og Ingvar
Skrúðgarðyrkjufræðingar

Kryddjurtir

Ingólfur á Engi verður með ráðgjöf milli 14.00 – 16.00 laugardag



Lífrænt – hollt – gott fyrir budduna!



Kartöfluútsæðið komið!

Premier | Helga Rauðar | Gullauga

5kg
895kr

Dýrahjálpi Íslands verður með ættleiðingardaga frá



kl. 13.00 - 17.00
laugardag og sunnudag



GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Opnunartími um páskana...

Skírdagur: 10.00 - 21.00
Föstudagurinn langi: Lokað
Laugardagur: 10.00 - 21.00
Páskadagur: Lokað
Annar í páskum: 10.00 - 21.00



Telur þú að hvalveiðar muni eyðileggja uppbyggingu hvalaskoðunarfyrtækja?

Já	24,3%
Nei	75,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að einelti í íslenskum grunnskólum sé vanmetið vandamál?

Segðu skoðun þína á visir.is



Stærstu skuldarar gömlu viðskiptabankanna fengu helming heildarútlána:

Fáir fengu þúsundir milljarða

BANKAHRUNID Útlán til hundrað stærstu skuldara föllu viðskiptabankanna var um helmingur heildarútlána þeirra. Því er ljóst að um 300 aðilar hafa fengið að láni þúsundir milljarða í því ljósi að heildareignir bankanna, sem að stórum hluta eru útlán, námu tífaldri landsframleiðslu þegar mest var.

Rannsóknarnefnd Alþingis vinnur nú að frekari greiningu á útlánunum bankanna og þróun þessara lána með tilliti til trygginga og í hvað verið var að lána.

Þetta og önnur vinna nefndarinnar var kynnt forseta Alþingis, formönnum flokkanna og forsætisnefnd Alþingis í gær.



RANNSÓKNARNEFND ALÞINGIS Tryggvi Gunnarsson, Páll Hreinsson og Sigríður Benediktsdóttir.

Nefndin hefur aflað gagna frá bönkunum og Fjármálaeftirlitinu og fengið skýrslur frá endurskoðendum sem falið var að skoða starfsemi bankanna síðustu misserin fyrir hrun þeirra.

Er nú unnið að frekari greiningu á útlánunum og annari fyrirgreiðslu sem bankarnir veittu, sérstaklega á árunum 2007 og 2008 eða fram að falli þeirra.

Rannsóknin beinist bæði að fyrirgreiðslu sem veitt var hér á landi og í útibúum og dótturfélögum sem tilheyrðu viðkomandi samstæðu í öðrum löndum.

Rannsóknarnefndin hefur, auk þess að athuga sérstaklega viðskipti með hlutabréf og stofnfjárluti í fjármálafrirtækjum, lagt grunn að því að gera með rafrænum hætti úttekt á hlutabréfviðskiptum í Kauphöll Íslands á síðustu árum.

- shá

Kosningatölur frá Hagstofu: 700 fleiri konur á kjörskránni

KOSNINGAR Á kjörskrá vegna alþingiskosninganna í apríl eru 227.896 kjósendur, þar af eru konur 114.295 en karlar 113.601. Konur eru því 694 eða 0,6 prósentum fleiri en karlar, að því er fram kemur í tölum frá Hagstofnunni. Í kosningunum 2007 voru 221.330 á kjörskrá. Fjölgunin nemur 3,0 prósentum.

Kjósendur með lögheimili erlendis eru 9.924 og hefur þeim fjölgað um 1.131 frá síðustu alþingiskosningum eða um 12,9 prósent. Þeir sem vegna aldurs fá nú að kjósa í fyrsta sinn til Alþingis eru 9.398 eða 4,1 prósent af kjósendatölunni.

- kg

Krónan rúin trausti

Viðskiptaráð segir gjaldeyrishöftin stefna þjóðinni inn á braut einangrunar. Sársaukafullt getur reynst að brjótast undan þeim, segir framkvæmdastjórinn. Ráðið telur haftastefnuna ekki duga til að koma í veg fyrir fjármagnsflotta.

EFNAHAGSMÁL „Með þéttingu gjald-eyrishaftanna hafa Íslendingar sjálfir viðurkennt að krónan er ekki gjaldgeng í alþjóðaviðskiptum,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.



FINNUR ODDSSON

Viðskiptaráð sendi í gær frá sér harðorða skoðun þar sem segir að staðan í gjald-eyrismálum sé óviðunandi. Þar segir að krónan sé rúin trausti á alþjóðlegum fjármálamörkuðum eftir þrot bankanna í fyrra og með inngrípi stjórnvalda á gjald-eyrismarkaði með setningu víðtækra hafta.

Höftin takmarki verulega umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis og getu landsins til utanríkisviðskipta. Þá sé ekki ljóst hvernig krónan verði losuð úr viðjum þeirra án þess að því fylgi verulegt gengisfall með tilheyrandi áföllum fyrir hagkerfið. Lausn á vandamálinu sé mikilvægasta viðfangsefnið í dag enda muni örlög heimila og atvinnulífs að miklu leyti ráðast af gengisþróun næstu missera.

Viðskiptaráð telur haftastefnuna ekki duga til að koma í veg fyrir fjármagnsflotta. Máli skipti að sannfæra innlenda aðila um að betri tímar séu fram undan. Stjórnámálmenn gegni lykilhlutverki til að skapa trúverðuga og ákjósanlega framtíðarsýn í efnahagsmálum.

Upptaka annarrar myntar hér á landi, í fullri sátt og samráði við alþjóðasamfélagið, geti orðið verulega til bóta fyrir innlendan efnahag, jafnt til skemmri og lengri tíma. „Í raun stendur valið ekki lengur á milli áframhaldandi



UMRÆÐUR Á ALÞINGI Í vikunni samþykkti Alþingi ný lög sem herða á gjaldeyrishöftunum. Lögum er ætlað að tryggja styrkingu krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÖMU SKOÐUNAR OG VIÐSKIPTARÁÐ

„Ég deili þessari skoðun með Viðskiptaráði. Við verðum að brjótast út úr gjaldeyrishöftunum sem allra fyrst. Til að það sé hægt verður að létta þrýstingi af krónunni,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann gagnrýnir ríkisstjórnina harðlega fyrir að hafa ekkert orðið ágengt í þeim brýnu efnahagslegu aðgerðum sem hún boðaði við stjórnarskiptin. Þvert á móti hafi aðstæður þróast á verri veg. „Ég geri orð Viðskiptaráðs frá 2006 að mínum: Við eigum enga valkosti í gjaldmiðismálum fyrr en við náum hér stöðugleika og jafnvægi,“ segir Bjarni.



BJARNI BENEDIKTSSON

sjálfstæðrar peningastefnu og upptöku annarrar myntar, heldur má færa gild rök fyrir því að valið standi einfaldlega á milli upptöku

annarrar myntar eða framhalds á núverandi stöðu,“ segir Viðskiptaráð.

jonab@markadurinn.is

**OPNUM Í DAG
KOSNINGAMIÐSTÖÐ
Í TRYGGVAGÖTU 11,
REYKJAVÍK.**

Kaffi og kökur
Frambjóðendur taka á móti gestum
kl. 16-18.
Ellen Kristjánsdóttir syngur.

ALLIR VELKOMNIR

**OPNUM SUNNUDAG
KOSNINGAMIÐSTÖÐ
Í KRAGANUM,
HAMRABORG 1-3,
KÓPAVOGI.**

Kaffi og kökur
Frambjóðendur taka á móti gestum
kl. 14-16.
Guðrún Gunnarsdóttir syngur.

ALLIR VELKOMNIR

Skemmdarverk unnið á einbýlishúsi fyrrverandi milljarðamæringa á Fjölnisvegi:

Málningu skvett á hús Hannesar

FÓLK Rauðri málningu var í gær skvett á hús Hannesar Smárasonar á Fjölnisvegi. Sjálfur var Hannes ekki heima þegar spjöllin voru unnin en starfslið hans kallaði skjótt til málara til að lagfæra skemmdirnar.


Við Fréttablaðið kvaðst starfsliðið telja að síður bæri að greina frá þessum atburði opinberlega þar sem það virtist einmitt vera það sem skemmdarvargurinn vonaðist eftir.

Eins og kunnugt er hefur Hannes ásamt fleirum kaupsýslumönnum legið undir ámæli í opinberri umræðu eftir hrun íslenska fjármálakerfisins.

- gar



Á FJÖLNISVEGI Málari var strax fenginn að húsi fjölskyldu Hannesar Smárasonar á Fjölnisvegi til að afmá rauða málningu sem skvett var á húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is

ÓDÝRT fyrir páskana

OPIÐ
til **20**
alla daga



RÍSEGG
NR. 9
1.679 kr/stk.
Verð áður 2.099.-



DRAUMAEGG
NR. 9
1.679 kr/stk.
Verð áður 2.099.-



NS PÁSKAEGG
NR. 5
1.359 kr/stk.
Verð áður 1.699.-



PÁSKAEGG
GÓU NR. 4
799 kr/stk.
Verð áður 929.-



SPENNANDI

PÁSKALÆRI
HAGKAUPS
1.678 kr/kg.
Verð áður 2.098.-



MACKINTOSH
1.643 gr
1.389 kr/stk.



NS PÁSKAEGG
NR. 4
899 kr/stk.
Verð áður 1.198.-



PÁSKA
ELDHÚSRÚLLUR
479 kr/pk.



PÁSKA
JÓGÚRT
77 kr/stk.



PÁSKA
ÖL
114 kr/stk.



Gildir til 5. apríl eða á meðan birgðir endast.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Sæktu um
ORKULYKIL
á staðnum!

NYÝ

ORKUSTÖÐ

Á AKUREYRI

KJARNAGÖTU 2



OPNUNAR-
TILBOÐ

Allir fá
8 kr.
afslátt
af eldsneytislítranum
á Kjarnagötustöðinni
í dag

Pantaðu nýja Orkulykilinn á www.orkan.is eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á www.orkan.is



Ódýrara eldsneyti



LAFÐADAGUR Klæðskiptingur er hér á meðal finna frúa á „Lafðadegi“ á Aintree-veðreiðunum í Liverpool á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kostnaður við lóðafrágang var að sliga Þjóðkirkjusöfnuð í Vogahverfinu:

Langholtskirkju gefnar 17 milljónir króna

BORGARSTJÓRN Langholtsöfnuði verða gefnar eftir 16,7 milljónir af 49,8 milljónum eftirstöðvum skuldar við Reykjavíkurborg. Borgarráð staðfesti samkomulag þess efnis á fimmtudaginn.

Gengið var frá samkonulagi borgaryfirvalda og Langholtskirkju á fundi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra með fulltrúum safnaðarins fyrir um mánuði. Málið varðar skuldabréf sem gefið var út í apríl 2005.

Auk þess sem borgin gefur eftir þriðjung af skuld safnaðarins mun Jöfnunarsjóður sókna og kirkjuráðs greiða borgarsjóði þriðjung af skuldinni. Útbúið verður nýtt



LANGHOLTSKIRKJA Framkvæmdir við bílastæði og fleira á lóðinni kostuðu um sextíu milljónir króna og söfnuðurinn var hættur að ráða við afborganir af láni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýja lánið ber þriggja prósentu vexti og er verðtryggt.

Helgi Kristinsson, gjaldkeri sóknarnefndar Langholtskirkju, segir upphaflegu skuldina tilkomna vegna lóðarframkvæmda við kirkjuna. „Borgin þrýsti á okkur að ganga frá lóðinni og það má enda segja að frágangur hennar hafi hvorki verið boðlegur gagnvart íbúum hverfisins né öðrum. Eins og oft er vatt kostnaðurinn mikið upp á sig frá upphaflegu áætluninni,“ segir Helgi, sem kveður nýja samkomulagið létta söfnuðinum mikið róðurinn. „Nú sjáum við fram á að geta ráðið við þetta.“

skuldabréf til fimm ára fyrir þeim þriðjungi sem eftir stendur, 16,7 milljónum króna, og mun Langholtsöfnuður greiða af því bréfi.

Borgin vill greiða götu þeirra sem sýna lóðakaupum áhuga þrátt fyrir kreppuna: Félög mega kaupa einbýlishúsalóðir

BORGARSTJÓRN Þrátt fyrir að nýjar reglur um lóðaúthlutunir séu ekki enn tilbúnar verður komið til móts við lóðaumsækjendur í Reykjavík með gildistöku nokkurra undantekningaákvæða frá núverandi úthlutunarreglum.

Samkvæmt erindi framkvæmda- og eignasviðs til borgarráðs hafa borist nokkrar fyrirspurnir um íbúðarhúsalóðir í Úlfarsárdal og Reynisvatnsá. Verið sé að endurskoða skilmála fyrir úthlutunir en að ekki sé gert ráð fyrir að þeim breytingum verði lokið fyrir en um næstu mánaðamót. Þá á að auglýsa eftir almennum umsóknum.

Meðal þeirra undantekninga sem borgarráð hefur nú samþykkt að gera á úthlutunarreglum er að fyrirtæki megi kaupa allt að fjórar einbýlishúsa- og parhúslóðir. Þeir sem fengið hafa lóðir og skilað þeim til baka á síðustu fjórum árum geta ekki fengið lóð. Þá geta lóðarhafar nú ekki ákveðið einhliða að skila henni aftur og fá endurgreiðslu.

Verðið fyrir byggingarréttinn er það sama og það var í árslok 2007. Hægt verður að greiða 90 prósent af lóðargjöldunum með verðtryggðu skuldabréfi til fimm til átta ára. Vextirnir eru



NÝJAR LENDUR Margir hafa guggnað á lóðakaupum í kreppunni en þeir eru þó til sem gjarnan vilja lóðir undir íbúðarhúsi í Reynisvatnsá og Úlfarsárdal.

fjögur prósent. Einnig er hægt að fá styttri lán þar sem vextirnir miðast við 4. kjörvaxtaflokk hjá Landsbankanum. Þeir vextir eru í augnablikinu 22,7 prósent.



SumarPlús 2009



NÝTT

Madeira

76.398 kr.

á mann m.v. 2 með 2 börn í eina viku. Brottför 7. ágúst. Gisting Four Views Monumental Lido Junior Svita með morgunverði. Ef 2 ferðast saman 92.991.-



NÝTT

Rimini Ítalía

72.175 kr.

á mann m.v. 2 með 2 börn í eina viku. Brottför 10. ágúst. Gisting Residence Angeli í íbúð m/1 svefnherbergi. Ef 2 ferðast saman 93.550.-

Besta verðið bókast fyrst
Bókaðu strax á www.plusferdir.is



www.plusferdir.is





PLÚSFERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

Þinn styrkur – okkar framlag

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til mannúðar- og samfélagsmála, menningarmála, umhverfis- og útvistarmála og til íþróttar- og æskulýðsmála,

þ.m.t. styrkjum til afreksfólks.

Við vekjum sérstaka athygli á að eingöngu er hægt að sækja um styrk á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is

Sækja skal um styrk fyrir 30. apríl næstkomandi.



• Nýir tímar, nýjar hugmyndir

www.or.is

Ráðherra segir af sér: Ráðuneytið of viðamikl

DANMÖRK Karen Jespersen, ráðherra velferðarmála í Danmörku, hefur dregið sig í hlé þar sem of margir og mismunandi mála-flokkar heyra undir ráðuneytið. Þetta hefur hún tilkynnt Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, að sögn Berlinske Tidende.

Velferðarráðuneytið var stofnað í nóvember 2008 þegar slegið var saman félags- og jafnréttisráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og hluta af fjölskylduráðuneytinu. Karen segist ekki vera hætt í stjórnárum eða á þingi þó að hún hætti sem velferðarráðherra.

- ghs

Uppstokkun í stjórn Íslenskrar ættleiðingar og boðað til aukaaðalfundar:

Tveir hafa sagt sig úr stjórninni

SAMFÉLAGSMÁL Veruleg uppstokkun á sér stað á stjórn Íslenskrar ættleiðingar þessa dagana. Formaður félagsins náði ekki endurkjöri á aðalfundi sem haldinn var nýlega. Þá hafa tveir stjórnarmenn sagt sig úr stjórn og öllum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Annar stjórnarmaðurinn segir af sér þar sem hún sér sér ekki fært að starfa innan hinnar nýju stjórnar, samkvæmt fundargerð félagsins, og telur sig ekki njóta trausts félagsmanna, hinn segir af sér af persónulegum ástæðum.

Boðað hefur verið til aukaaðalfundar félagsins 21. apríl. Hörð-

ur Svavarsson, formaður félagsins, segir að þetta sé gert þar sem stjórnin sé ekki lengur fullskipuð. Á aukaaðalfundinum verði þess freistað að fá tvo menn til viðbótar kjörna í stjórn í stað þeirra sem hafa sagt af sér.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar hefur ákveðið að hækkanir á biðlista- og lokagreiðslum, sem ákveðnar höfðu verið af fyrri stjórn, komi ekki til framkvæmda í þeirri mynd sem félagsmönnum var tilkynnt með bréfi um miðjan mars heldur tekna til endurskoðunar og niðurstaðan kynnt síðar á árinu. Hörður segir að þetta sé

gert vegna óvissunnar í efnahagsmálum þjóðarinnar og óvissu í greiðslugetu fjölskyldnanna í landinu.

Fyrri stjórn hafði borist bréf frá umsækjendum þar sem óskað var eftir rökstuðningi fyrir hækkun ættleiðingargjalda auk þess sem fjallað var um hana á aðalfundinum. Óánægja hefur verið með hækkunina og hvernig staðið var að henni hjá fyrri stjórn.

- ghs

MÓÐIR OG BARN Tveir stjórnarmenn hafa sagt sig úr stjórn Íslenskrar ættleiðingar, annar vegna þess að hún getur ekki starfað með nýrri stjórn.



REYNISVATNSÁS Hjón fá lóð hér í skiptum fyrir skika í Úlfarsárdal.

Landeigendur í Úlfarsárdal: Byggingarlóð fyrir landskika

BORGARSTJÓRN Hjón sem eiga 1.750 fermetra spildu í Úlfarsárdal fá henni skipt í byggingarlóð fyrir einbýlishús. Spilda hjónanna er nokkuð austan við íbúðarbyggðina sem Reykjavíkurborg hefur skipulagt og geta þau því ekki reist einbýlishús á sinni lóð. Nú hefur borgarráð samþykkt að kaupa spilduna af hjónunum og láta þau í staðinn fá 750 fermetra einbýlishúsaloð á Haukdælbraut á Reynisvatnsási. Viðskiptin eru metin á 11,4 milljónir króna og má byggja 375 fermetra hús á lóðinni. Ef hjónin selja hins vegar lóðarréttindin innan sex ára þurfa þau að greiða borginni sex milljónir.

- gar

Bardagar geisa á Srí Lanka: Lögreglan drap 13 skæruliða

SRÍ LANKA, AP Yfirvöld á Srí Lanka segja að lögreglumenn hafi ráðist gegn hópi Tamiltígra og drepið þrettán þeirra í skotbardaga sem braust út í austurhluta landsins í gær.

Bardaginn braust út degi eftir að herinn sagðist hafa fellt 31 skæruliða í norðurhluta landsins.

Stjórnvöld á Srí Lanka sögðust hafa rekið tígrana frá austurhluta landsins fyrir tveimur árum en það hefur ekki fengist staðfest.

Sameinuðu þjóðirnar telja að hátt í tvö hundruð þúsund almennir borgarar, flestir tamílar, séu fastir inni á svæði tígranna og lendi á milli stríðandi fylkinga.

- kh

Heilbrigðisyfirvöld í Kína: Sýking banar nú börnum


PEKING, AP Heilbrigðisyfirvöld í Kína hafa fyrirskipað að gerð skuli ítarleg rannsókn í Shandong-héraðinu í austurhluta landsins til að reyna að stemma stigu við útbreiðslu handa-, fóta- og munn-sjúkdóms sem geislað hefur á svæðinu og dregið að minnsta kosti níu börn til dauða á tveimur vikum. Sjúkdómsins hefur ekki áður orðið vart á svæðinu.

Heilbrigðisyfirvöld ætla að láta rannsaka að minnsta kosti 600 þorp í Shandong-héraðinu. Þar að auki verður gerð rannsókn í öðrum héruðum en að minnsta kosti níttján börn hafa látið lífið af völdum sjúkdómsins um allt land frá því í lok síðasta mánaðar.

- kh

Tólf þúsund kall!

Þú getur talað fyrir
12.000 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.



SONY ERICSSON K660i

Einn með öllu! Gmail og Hotmail aðgangur og ef þú ert GSM viðskiptavinur Símans og hjá simnet.is tækkaðu á tölvupóstinum hvar sem er fyrir 0 kr. á M-inu. 3G, MP3 spilari, FM útvarp, tónlistargreinir og Active Sync stuðningur.

Símalán - útborgun:

3.500 kr.

Aðeins 2.200 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 29.900 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn





VILJA NATO Á BÁL SÖGUNNAR Grímu-klæddir menn kynda bál á götu í Strassborg í mótmælaaðgerðum gegn sextíu ára afmælisleiðtogafundi NATO.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðsglæpadómstóll SP:

Ekki fallið frá máli Króata

HAAG, AP Dómari hjá stríðsglæpadómstólnum í Haag hefur hafnað því að falla frá máli er snýr að þremur króatískum hershöfðingjum sem eru sakaðir um að hafa myrt, ofsótt og hrakið Serba úr Króatíu árið 1995.

Hershöfðingjarnir Ante Gotovina, Mladen Markić og Ivan Čermak eru álitnir hetjur í heimalandi sínu fyrir framgöngu sína í Júgóslavíustríðinu. Saksóknari við stríðsglæpadómstólinn er hins vegar á öndverðum meiði og segir þá hafa átt þátt í að myrða og hrekja úr landi þúsundir Serba.

Verjendur þremmenninganna fóru fram á að málin yrðu látnin niður falla þar sem saksóknari hefði ekki náð að koma fram með nægar sannanir á því ári sem liðið er frá því að réttarhöldin hófust.

- kh

Samræmd úrræði í greiðsluferfiðleikum

Hætt hefur verið við að koma fasteignaveðlámum í skjól hjá Íbúðalánasjóði. Í staðinn er búið að samræma úrræði fyrir fólk í greiðsluferfiðleikum. Unnið er að samræmingu vegna myntkórfulána og verður hún kynnt á næstu dögum.

EFNAHAGSMÁL Hætt hefur verið við að koma fasteignaveðlámum hjá bönkum og lífeyrissjóðum í skjól hjá Íbúðalánasjóði eins og rætt var um í vetur. Í staðinn er búið að samræma úrræði fyrir einstaklinga og heimili í greiðsluferfiðleikum vegna fasteignaveðlána. Nú á að vera tryggt að allir lántakendur fasteignaveðlána njóti sambærilegra úrræða vegna greiðsluferfiðleika og Íbúðalánasjóður veitir.

Sex úrræði verða nú virk fyrir þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum vegna fasteignaveðlána hjá bönkum og lífeyrissjóðum. Þetta fólk getur samið um dreifingu á vanskilum í allt að einu og hálfu ári, tekið verður aukið tillit til aðstæðna við rýmingu í kjölfar nauðungarsölu og veittur rýmingarfrestur allt að þremur mánuðum frá söludegi. Með frýstingu greiðslna vegna sölutregðu verður komið til móts við þá sem hafa keypt fasteign en ekki getað selt fyrri eign, með skuldbreytingu vanskila verður hægt að bæta vanskilum við höfuðstól eða með því að gefa út nýtt skuldabréf. Þá getur lántakandi fengið frest á greiðslum í allt að eitt ár í senn með möguleika á framlengingu í allt að þremur árum auk þess sem mögulegt verður að lengja lánstíma.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að brýnt sé að taka á vanda heimilanna og telur



Í ÞJÓDMENNINGARHÚSINU Samkomulag um samræmd úrræði vegna fasteignaveðlána var undirritað af ráðherrunum Ástu R. Jóhannesdóttur, Gylfa Magnússyni, Guðmundi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Hrafní Magnússyni, framkvæmdastjóra Landsamtaka lífeyrissjóða, og Hlyni Jónssyni, formanni skilanevndar SPRON.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að þessi samræmd úrræði séu gott og ábyrgt skref í þá átt. Þetta skref stefni ekki stöðugleika eða afkomu lánastofnana í hættu. „Þótt ég sé almennt ekki hlynntur samráði fyrirtækja get ég ekki annað en verið hlynntur þessu samkomulagi,“ segir hann og telur líklegt að samkeppnis-yfirvöld samþykki þetta „óvenjulega skref. Ég get ekki ímyndað mér annað,“ segir hann.

Samkomulag um samræmd úrræði var undirritað í gær. Gylfi segir að það nái ekki til myntkórfulána. „Unnið er að hliðstæðu

samkomulagi sem tekur á vanda þeirra sem eru með myntkórfulán. Það hefði verið gott að geta undirritað það í dag en ég á von á að það geti orðið á næstu dögum.“

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir að samkomulagið komi ekki í veg fyrir að Íbúðalánasjóður kaupi skuldabréf af bönkum, sparissjóðum eða lífeyrissjóðum ef áhugi er fyrir hendi. Sjóðurinn hafi til að mynda nýlega keypt bréf af Sparissjóður Keflavíkur. Sá möguleiki haldist opinn áfram.

ghs@frettabladid.is



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Úrskurð dómara þarf fyrir greiðslu-aðlögun.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Engir enn sótt um aðlögun

DÓMSTÓLAR Enn hefur enginn sótt um greiðsluadlögun til Héraðsdóms Reykjavíkur á grundvelli nýrra laga sem Alþingi samþykkti á þriðjudag. Eins og komið hefur fram telur dómsmálaráðuneytið að umsækjendur um greiðsluadlögun byggja á þessum tilteknum lögum verði á bilinu 100 til 200. Er það mat byggt á fjölda gjaldþrotáúrskurða hjá einstaklingum. Þess má geta að þótt slíkir úrskurðir hafi aðeins verið 198 talsins á árinu 2008 voru svokölluð árangurslaus fjárnám 26 falt fleiri eða alls 5.200. Dómsmálaráðuneytið segir mat sitt á væntanlegum fjölda umsækjenda óbreytt. Þessi lög ná til þeirra sem eru alls ófærir um að borga af fasteignalánnum og er þeim skipaður umsýjarnamaður.

- gar

SAMALAND

Samíska í hættu

Samísk tungumál eru á lista Sameinuðu þjóðanna yfir tungumál í hættu, þar af teljast þrjú samísk tungumál í alvarlegri hættu. Þetta eru austur-samíska og lulesamíska. Verst stendur þó pitesamíska þar sem aðeins eru eftir tuttugu einstaklingar sem tala það mál.

Páskaglaðningur!

FRÍTT PÁSKAEGG!

EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 6000 KR. EÐA MEIRA



EF ÞÚ VERSLAR FYRIR 6.000 KR. EÐA MEIRA Í DAG LAUGARDAG FÆRÐU GÓU PÁSKAEGG NR. 4 Í KAUPBÆTI AÐ VERÐMÆTI 938 KR.

Frítt páskaegg

KÍKTU Á HEIMASÍÐU NÓATÚNS: www.noatun.is


NÓATÚN

Gleðilega páska!

Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

โกดังสินค้าเหลือ | Wyprzedaż zapasów magazynowych | sales outlet

30-70% afsláttur



Vorum að bæta við vörum!


Opið í dag kl. 12-17, sunnud. kl. 13-17.
Askalind 2a, Kópavogi

**ATH! LOKAÐ
LAUGARDAGINN
11. APRÍL**

HEIMA
HÚSIÐ
heima *Ordrregi*

heima

Nýkomin sending af klukkum



25% afsláttur af öllum vörum!

ATH! Eingöngu í Síðumúla 30, 108 Reykjavík.

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Ordrregi
BÚM BETUR

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA
EGG
SKÚTUVOGI

Páskagreinar
699 kr

Sýpris
1.499 kr
100 sm

Blómstrandir

í Húsasmiðjunni um land allt

Krýsi
979 kr

Tilboð
Blómavals
gilda einnig í
Húsasmiðjunni
um land allt

Páska-
skreytingar
990 kr

Páskaliljur
í potti
399 kr
pottlíf fylgir ekki með

Útsæði Gullauga **899** kr/kg
5 kg. í poka
10220610

Helga **899** kr/kg
5 kg. í poka
10220611

Premiere **899** kr/kg
5 kg. í poka
10220612

Rauðar íslenskar **899** kr/kg
5 kg. í poka
10220612


blómavall
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

Gildir laugardag og sunnudag



OUTBACK

Omega 200

6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara
Emeluruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð,
neistakveikja, þrýstijafnari.
Gaskútur fylgir ekki
3000235

16.990

Ódýrt

GULRÓTARKAKA & KAFFI

190 kr.
í Skútuvogi

KJÖTSÚPA
190 kr

11:30-14:00



27.990

Frábært verð



Trampólín

13 ft, 88 sm á hæð.
3900563

páskar

FRÁBÆRT VERÐ
í Húsasmiðjunni
um land allt



Pallurinn klár!

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Timburráðgjöf Grafarholti,
Skútuvogi og í verslunum
okkar um land allt.

Frábært verð

11.999



Rafmagns keðjusög

Ikra, 2000W - 40 sm blað.
5083541

1.299

5084660



1.499

5084669



Klippur

1.699

5084672



12.999

Háþrýstidæla

Nilfisk Alto, 100 bör, vönduð dæla sem dælir allt að 440 ltr/klst, fyrir bílinn, stéttina o.fl., 5 m slanga og 5 m rafmagnssnúra
5254240

verð frá 670.000

BRJÁLAD TILBOÐ!!!

Hydropool rafhitaðir pottar á tilboði í apríl, takmarkað magn.

VERÐDÆMI:

Nuddpottur

Hydropool
8085266-70

670.000
fullt verð ~~790.000~~

3 stk.
takmarkað magn

Nuddpottur

Hydropool
8085288

790.000
fullt verð ~~889.000~~

1 stk.
takmarkað magn

Nuddpottur

Hydropool
8087100-02

880.000
fullt verð ~~1.090.000~~

3 stk.
takmarkað magn



HYDROPOOL
HOT TUBS • SWIM-IN-PLACE POOLS
Recognized for Quality Work



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 24

OMX ÍSLAND 15
215 -0,63%

Velta: 44,5 milljónir

OMX ÍSLAND 6
634 -0,99%

MESTA HÆKKUN

↑ CENTURY ALU. +33,12%
FØROYA BANKI +1,21%
ÖSSUR +0,66%

MESTA LÆKKUN

↓ ICELANDAIR -28,55%
BAKKAVÖR -10,64%
MAREL -2,31%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,26 -10,64% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 126,00 +1,21% ... Icelandair Group 5,00 -28,55% ... Marel Food Systems 42,30 -2,31% ... Össur 91,60 +0,66%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Fleiri fjárfesta í sprotafyrirtækjum

Stór fyrirtækjakaup heyrta sögunni til í bili og hafa fjárfestingarsjóðir í Evrópu beint sjónum sínum í auknum mæli að fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þetta segir Kimberly Romaine, ristjóri breska tímaritsins Unquote. Tímaritið sérhæfir sig í umfjöllun um einkaframtaks- og áhættufjárfestingarsjóði í Evrópu og víðar.

Kimberly, sem hélt erindi um fjárfestingarsjóðina á sprotabíngi Seed Forum í gær, sagði fjárfestingarsjóði hafa safnað dágóðum skilningi upp á síðkastið þrátt fyrir efnahagskreppuna.

Aldrei hafa fleiri fjárfestar verið skráðir á þingid, að sögn Eypórs Ívars Jónssonar, stjórnarformanns Seed Forum hér á landi. Sex íslensk fyrirtæki kynntu sig og vörur sínar fyrir fjárfestum, viðskiptaenglum, sem margir hverjir hafa áralanga reynslu af rekstri sprotafyrirtækja.



VIÐSKIPTARÁÐHERRA Í PONTU Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra opnaði sprotabíngid í gær en þar kynntu sex íslensk fyrirtæki starfsemi sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á meðal fyrirtækja sem kynnt hafa starfsemi sína á þinginu á liðnum árum eru CCP, Gogoyoko og Orf líftækni.

-jab

Eik tapar 31 milljón

Eik fasteignafélag tapaði 31,6 milljónum króna á síðasta ári samanboreið við 1,7 milljarða króna hagnað í hittiðfyrra.

Í uppgjöri félagsins kemur fram að reksturinn hafi gengið mjög vel þrátt fyrir mjög erfið skilyrði.

Eigið fé nam 20,2 milljörðum króna í lok síðasta árs og var arðsemi eiginfjár neikvæð um 1,25 prósent.

Tvö kúlulán hvíla á félaginu upp á 509 milljónir króna og á gjaldþaga í júní og 523 milljónir sem dreifast á árið allt. Viðræður standa yfir um endurfjármögnun vegna þessa, að því er fram kemur í uppgjörinu.

-jab

Mikið atvinnuleysi í Bandaríkjunum

Atvinnuleysi mældist 8,5 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði, samkvæmt tölum bandarísku vinnumálastofnunarinnar, sem birtar voru í gær. Þetta er í samræmi við spár.

Til samanburðar mældist atvinnuleysi hér 8,2 prósent í febrúar.

Þetta er fjórði mánuðurinn í röð sem atvinnuleysi eykst vestanhafs

og getur aukið líkurnar á því að frekar dragi úr einkaneyslu, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Tölurnar jafngilda því að 5,1 milljón Bandaríkjamanna hafi verið án atvinnu í mars en fjöldinn hefur ekki verið meiri í um 26 ár, eða frá 1983 þegar Bandaríkin voru að koma upp úr niðursveifluskeiði. Þá fór atvinnuleysið hæst í ellefu prósent. Haft hefur verið

eftir Ben Bernanke, bankastjóra bandaríska seðlabankans, að í versta falli geti atvinnuleysi farið í svipaðar hæðir nú og þá.

Bloomberg segir þróun mála geta gert Barack Obama forseta erfitt fyrir en hann hefur lagt áherslu á að hið opinbera grípi til aðgerða til að fjölga störfum og koma hjólum efnahagslífsins í gang á ný.

-jab

MORGUNÞING UM EFNAHAGSMÁL

ÚRRÆÐI LÍTILLA HAGKERFA Í KREPPU

Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við Kaupþing, efnir til morgunþings um efnahagsmál **mánudaginn 6. apríl nk. kl. 8:30-10:30** í Kaupþingssalnum, Borgartúni 19. Sérstök áhersla verður lögð á eignaumsýslufélög í eigu ríkisins og fjallað um þau út frá mismunandi sjónarhornum. Fundurinn fer fram á ensku.

Hvaða úrræði hafa lítil hagkerfi á tímum sem þessum?

Hvert á hlutverk ríkisins á að vera? Hversu mikil eiga ríkisafskipti

að vera? Hvaða leið hafa íslensk stjórnvöld farið?

Hvaða leið hafa stjórnvöld í Ísrael farið? Hvað tekur við?

Dagskrá

- Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, setur fundinn.
- Tamir Agmon, Chair, Department of Finance and International Business, Graduate School of Business, the College of Management, Israel:
„The crisis causes and remedies, an application for small and open economies“.
- Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA: „The U-turn“.
- Arnar Þór Másson, staðgengill skrifstofustjóra í Fjármálaráðuneytinu:
„The Icelandic way regarding the build-up of an asset management company“.
- Þórður Pálsson, sérfræðingur NKB: „NKB Business as unusual“.
- Pallborðsumræður.

Fundarstjóri: Ásta Dís Óladóttir, forseti viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst.

Morgunverðarveitingar. Allir velkomnir. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á www.kaupthing.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



KAUPÞING



HÚSNÆÐI STOÐA Kröfuhafar hefðu borið meiri skaða af færi félagið í þrot, að sögn upplýsingafulltrúa Stoða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kröfuhafar taki Stoðir upp í skuld

Eign núverandi hluthafa félagsins verður að engu samkvæmt hugmyndum um endurskipulagningu.

„Vinna okkar síðustu mánuði hefur snúist um hagsmuni lánardrottna. Gjaldþrot Stoða hefði valdið þeim meiri skaða,“ segir Júlíus Þorfinnsson, upplýsingafulltrúi Stoða (áður FL Group).

Félagið óskaði í gær eftir heimild Héraðsdóms Reykjavíkur til að leita nauðasamninga við kröfuhafa.

Í nauðasamningunum felst að núverandi hlutafé verður afskrifað og eignast lánardrottinn 86 prósent í félaginu. Öllum kröfuhöfum verður greidd ein milljón króna og má gera ráð fyrir að þeim sem eiga lægri kröfur á hendur félaginu fækki við það. Þeir sem eiga hærri kröfu en eina milljón fá fimm prósent af eftirstöðvum breytt í hlutafé.

Markaðsverðmæti tuttugu stærstu hluthafa Stoða hljóðaði upp

á rúma 86 milljarða króna áður en félagið var tekið af markaði um mitt síðasta ár. Gömlu bankarnir voru þar á meðal en bæði þeir og nýju bankarnir verða á meðal hluthafa ásamt þýskum bönkum sem áttu hlut að sambankaláni félagsins. Fulltrúar bankanna og aðrir kröfuhafar hafa setið í kröfuhafaráði Stoða frá byrjun árs.

Áætlað er að skuldir Stoða hljóði upp á 287 milljarða króna. Við ríkisvæðingu Glitnis í fyrrahaust gafaði eigið fé félagsins og óskaði félagið eftir heimild til greiðslustöðvunar. Þá voru eignir nokkurn veginn á pari við skuldir, að sögn Júlíusar. Síðan þá hafa aðstæður breyst til muna og nemur eignaverð allt að áttatíu milljörðum króna. Það jafngildir um fjórðungi til þrjátíu prósentum af skuldum.

jonab@markadurinn.is

STOÐIR Í HNOTSKURN

- Stoðir (áður FL Group) tapaði 67 milljörðum króna árið 2007, sem var mettap í íslenskrí fyrirtækjasögu.
- Hannes Smárason hætti sem forstjóri og Jón Sigurðsson tók við. Veruleg breyting varð á hluthafalista síðla árs 2007.
- Stærsta eign var 32 prósent hlutur í Glitni. Markaðsverðmæti nam 75 milljörðum króna þegar ríkið tók bankann yfir síðasta haust.
- Stoðir áttu í um ár stóra hluti í

- bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR og þýska bankanum Commerzbank. Eignirnar voru seldar með milljarðatapi.
- Helstu eignir í dag eru 99 prósent í Tryggingamiðstöðinni og 49 prósent í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco. Aðrar eignir eru í Landic Property, verktafyrirtækinu Bayrock og matvörukeðjunni Iceland Foods.
- Sjó starfa hjá Stoðum í dag, allir á uppsagnarfresti.

Jákvæð vöruskipti

Vöruskipti voru jákvæð um 8,3 milljarða króna í mars, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

Verðmæti vöruútlutnings nam 34,9 milljörðum króna á óbreyttu gengi í mánuðinum en verðmæti innflutnings 26,6 milljörðum króna á sama tíma.

Þetta er svipuð útkoma og í mánuðinum á undan og hefur ekki verið lægra í einum mánuði í þrjú ár, að sögn Hagstofunnar. Afgangur af vöruskiptum í febrúar nam 5,9 milljörðum króna.

Hagstofan bendir á að innflutningur á hrá- og rekstrarvörum hafi verið með minnsta mótí í mánuðinum en það bendi til að heimsmarkaðsverð á áloxíði sé mjög lágt um þessar mundir. Nokkur aukning er aftur á mótí í innflutningi á hálf-varanlegri neysluvöru, svo sem fatnaði.

Á mótí hafi verðmæti sjávarafurða aukist lítillega. Það sé þó lágt miðað við lok síðasta árs, að sögn Hagstofunnar.

-jab



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

FYRIR

OKKUR

ÖLL

Opnum kosningaskrifstofu okkar
í Borgartúni 28, í dag, laugardaginn
4. apríl kl. 14.00-16.00

- Kaffi, kökur, pylsur og gosdrykkir verða í boði
- Hoppukastalar fyrir börnin
- Sirkus Íslands skemmtir kl. 15.00

Allir velkomnir

Frambjóðendur Framsóknarflokksins í Reykjavík



FRAMSÓKN

RAUNÁVÖXTUN
VIÐBÓTALÍFEYRISSPARNADAR
KAMPBINGUR

MEÐALÁVÖXTUN
2003-2008

VISTA 1	0,75%
VISTA 2	2,64%
VISTA 3	2,44%
VISTA 4	2,12%
VISTA 5	6,10%
LÍFEYRISAMKI 1	0,80%
LÍFEYRISAMKI 2	3,01%
LÍFEYRISAMKI 3	2,44%
LÍFEYRISAMKI 4	2,26%
LÍFEYRISAMKI 5	6,09%

ÍSLANDBANKI

ÆVISAFTN 1	-1,09%
ÆVISAFTN 2	1,25%
ÆVISAFTN 3	-0,31%
ÆVISAFTN 4	1,37%

LANDSBANKINN

LIF 1	0,78%
LIF 2	0,23%
LIF 3	-1,21%
LIF 4	-8,21%

ALLIANZ

ALLIANZ

10,99%

SKÝRING

Ávöxtun í töflunni hefur verið staðfest af viðkomandi aðilum. Ávöxtun Allianz einnig staðfest af óháðum þýskum greiningaraðilum, m.a. Versicherungs Journal, Assekurata og Map-Report.

Meðaltal er rúmfræðilegt meðaltal (geometric mean) fyrir árin sem sýnd eru í tilviki hvers sjóðs. $m_n = ((1 + m_1)(1 + m_2)...(1 + m_n))^{1/n} - 1$

Tölur eru leiðréttar með vísitölu neysluserðs til verðtryggingar (VNV) skv. Hagstofu Íslands og einnig gengisleiðréttar þar sem við á.

TAKTU
ALLT MEÐ Í
REIKNINGINN

Allianz 

- tryggir þína framtíð

Gjaldeyrishöft hverfa ekki af sjálfu sér.

Stefna eða stefnuleysi

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Fatan sem sett var undir gjaldeyrishaftalekann fyrr í vikunni er frekar sú fyrsta en síðasta. Traustið á krónunni féll enn frekar þegar bannað var að eiga í útflutningsviðskiptum í íslenskum krónum.

Þegar gjaldeyrishöftin voru sett á var þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, vengóður um að hægt yrði að slaka á þeim innan þriggja mánaða, en þá átti að endurskoða lög.

Í komandi kosningum verða stjórnmaflokkanir, eins og áður hefur verið ítrekað, að útskýra hvernig skorið verður niður á fjárlögum. Í því munu koma fram hugmyndir um hvernig nýtt Ísland verður og hvert hlutverk ríkisins verður í uppbyggingunni.

Stefna Samfylkingarinnar er ljós þegar kemur að íslensku krónunni. Hún hefur lengi verið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru. Sú stefna var reyndar mjög svo gagnrýnd þegar krónan var sterk, fyrir það að vera að tala krónuna niður.

Ef valið stendur milli evru og dollara þarf að skoða það í víðu samhengi. Skoða þarf hvar utanríkisviðskipti Íslands liggja. Einnig þarf að skoða hvort upptaka dollarans leiði til þess að hægt sé að leggja af gjaldeyrishöft, eða hvort halda þurfi í höftin til að allir dollarar landsins leki ekki út.

Hvernig sem gjaldmiðlaumræðan fer eru engar töfralausnir í boði. Ísland fer í gegnum djúpa kreppu sem mun lenda á öllum. Til framtíðar gæti krónan og trú á henni eitthvað styrkst. Jafnvel er fræðilegur möguleiki á að hægt sé að sigla út úr gjaldeyrishöftum. Reynsla okkar af krónunni ætti hins vegar að vera búin að kenna okkur að hún mun ekki verða forsenda stöðugleika eða öruggs hagvaxtar. Til þess verður að líta annað.

Bless-listinn

L-listinn hefur dregið framboð sitt til baka og ekki skortir ástæðurnar ef marka má tilkynninguna frá listanum. Óljóðræðislegar aðstæður, þaulseta Alþingis fram undir kosningar, fimm prósentu múrinn, krafa um 126 framboðendur í sex kjördæmum og síðast en ekki síst fjölmiðlar sem verða ekki við kröfum um jafnræði í umfjöllun.

Framboð og eftirspurn

Fjölmiðlamaðurinn Friðrik Þór Guðmundsson sem liðsinnt hefur Borgarahreyfing-



unni segir á bloggsíðu sinni: „Útlitið er gott hvað Borgarahreyfinguna varðar. Meðmælendur hrannast inn og framboðendur eru að fylla alla lista og boðið verður fram í öllum kjördæmum.“ Einhverja hluta vegna virðist fimm prósentu múrinn, fjölmiðlar, 126 framboðenda reglan og þaulseta Alþingis ekki vera hreyfingunni sami fjötur um fót. Þetta eru kannski minni vandræði þegar eftirspurnin er til staðar.

Kostnaðurinn við Davíð

Guðlaugur Þór Þórðarson fjallar um það á vefsíðu sinni hversu dýrt ætlar að



reynast Íslendingum að reka Davíð Oddsson úr stóli Seðlabankastjóra. Hann bendir á að á þeim rúma mánuði sem liðinn er síðan Davíð yfirgaf bankann hafi gengi íslensku krónunnar fallið um heil tólf prósent.

„Guðlaugur? Á ég að senda reikninginn beint til þín eða upp í Valhöll?“ spyr bloggari á vefnum Grettir.net.

Háir vextir veikja krónuna

Á meðan flest þróuð ríki keppast við að lækka stýrivexti niður að núll prósentum til að blása lífi í efnahagslífið heldur Seðlabanki Íslands stýrivöxtum í sautján prósentustigum.

Rök Seðlabankans fyrir háum vöxtum eru helst þau að það verji gengi krónunnar. Nánar tiltekið telur bankinn að ávöxtun á íslenskum markaði þurfi að vera ásættanleg miðað við áhættu þegar gjaldeyrishöftunum verður aflétt til að sporna við útlæði gjaldeyris. Með öðrum orðum verða Íslendingar að borga háa vexti til að erlendir aðilar skipti ekki út íslenskum verðbréfum fyrir erlenda mynt þegar gjaldeyrishöftunum verður aflétt.

Í fyrsta lagi eru vextir undanþegnar gjaldeyrishöftum og því má skipta vaxtagreiðslum beint yfir í erlenda mynt miðað við núverandi reglur. Samkvæmt heimildum Seðlabankans eiga erlendir aðilar ríkisverðbréf að upphæð 400 milljörum og þar af má ætla að um 150-200 milljarðar séu á fljóttandi vöxtum. Samkvæmt munlegum heimildum markaðsaðila nýta þessir aðilar sér reglulega að skipta vaxtagreiðslum fyrir erlendan gjaldeyri. Hærri vextir valda því meira útlæði gjaldeyris. Meira útlæði gjaldeyris veikir krónuna. Til að setja hlutina í samhengi mun hvert prósentustig minnka útlæði vegna fljóttandi vaxta um 1,5 til 2 milljarða á ársgrunni. Tveggja prósentustiga lækkan þýðir því sparnað fyrir ríkið sem samvarar áætlunum tekjum af hátekjuskatti. Heildarvaxtagjöld miðað við 17% vexti og 150-200 milljarða skuld eru 26-34 milljarðar á ári sem aftur má skipta í gjaldeyri. Þetta útlæði samsvarar nettó gjaldeyrisáhrifum af þorskveiði núverandi fiskveiðiárs. Lægri vextir munu því draga markvert úr útstreymi gjaldeyris við núverandi aðstæður. Í öðru lagi endurspeglar



JÓN HELGI EGILSSON OG KÁRI SIGURÐSSON Í DAG | Stýrivextir

íslenska krónan íslenskt efnahagslífi. Fyrirtæki og heimili eru nú í sárum eftir bankahrúnið, gengisfall, tilheyrandi verðbólguþrygging, almennan samdrátt, eignatap og tapað lánstraust erlendis. Á sama tíma og spáð er 10% samdrætti í landsframleiðslu, áður óþekktu atvinnuleysi og tímabilum verðhjöðunar er fráleitt að ætla að efnahagslífið geti staðið undir vöxtum nálægt 20%. Lægri vextir munu aftur á móti styrkja efnahagslífið og hvetja til fjárfestinga með tilheyrandi atvinnusköpun. Slíkur raunverulegur stuðningur við efnahagslífið eykur síðan aftur tiltrú á gjaldmiðlinum sem endurspeglar grundvallar efnahagsaðstæður.

Í þriðja lagi virðist Seðlabankinn byggja á forsendunni um að það verði hægt að aflétta gjaldeyrishöftunum í náinni framtíð og því sé þess virði að borga háa vexti í skamman tíma með von um að fljótlega verði hægt að lækka þá þegar tiltrú erlendra aðila á hagkerfinu hefur aukist. Þessi forsenda verður að teljast veik því líklegt er að höft verði til staðar í marga mánuði og jafnvel ár til viðbótar til að verja gengi krónunnar. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Miðað við gengi krónunnar utan Íslands er hæpið að hægt sé að aflétta höftunum í brád án þess að fjármagn flæði úr landi þar til jafnvægi næst á gengi krónunnar. Erlent fjármagn, sem bundið er í

íslenskum skuldabréfum (sem er bein afleiðing hávaxtastefnu Seðlabankans undanfarin ár), er svo mikið að það er ekki raunhæft að gefa kost á því að það fari í gegnum gjaldeyrismarkaðinn án þess að valda umtalsverðri veikingu krónunnar. Eins og áður hefur komið fram eiga erlendir aðilar ríkisverðbréf að upphæð 400 milljarðar. Þessi upphæð er mjög há samkvæmt öllum mælikvörðum. 400 milljarðar eru 1,6 sinnum heildarvelta á gjaldeyrismarkaði á ársgrunni (miðað við veltu síðustu fimm mánuði), 400 milljarðar eru þrisvar sinnum byggingarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar, 400 milljarðar eru nokkru hærri en gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands (341 milljarðar) og jafngilda erlendum eignum allra íslenskra lífeyrissjóða (424 milljarðar). 400 milljarðar samsvara nettó innstreymi gjaldeyris vegna veiba á 2 milljónum tonna af þorski!

Af þessu leiðir að það er næstum óhugsandi að höftunum verði aflétt án þess að semja sérstaklega við erlenda kröfuhafa (og viðhalda þar með ákveðnum höftum) og því verður núverandi vaxtastefna fyrst og fremst að byggja á þeirri forsendu.

Rök fyrir því að Seðlabankinn heldur vöxtum háum til að styrkja gengi krónunnar þola illa nánari skoðun. Þvert á móti eru sterk rök fyrir hinu gagnstæða. Rök-rett væri því að horfast í augu við þá staðreynd að ef markmiðið er að halda gengi krónunnar sterku þurfa gjaldeyrishöftin að vera til staðar í einhvern tíma í viðbót og því er eðlilegt að miða vaxtastefnuna fyrst og fremst við núverandi ástand efnahagsmála í landinu líkt og gert er í öðrum löndum.

Jón Helgi er verkfræðingur. Kári er með doktorspróf í fjármálum og gegnir lektorsstöðu við Háskólann í Reykjavík.

Forgangsráðað í þágu barna

UMRÆÐAN

Kjartan Magnússon skrifar um barna- og unglíngastarf.

Í pistli í Fréttablaðinu sl. föstudag fjallar Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í Íþróttatog tómsundaráði (ÍTR), um tvö atriði, sem varða barna- og unglíngastarf á vegum borgarinnar og fullyrðir að þau séu í uppnámi. Annars vegar nefnir hún svokallaða félagsmiðstöðvarhópa fyrir unglínga í sumar og hins vegar viðbótarþjónustu á frístundaheimilum fyrir hádegi þá daga sem frí er gefið í skólum. Sóley veit að bæði þessi mál eru til sérstakrar skoðunar hjá starfsmönnum ÍTR þar sem reynt er að finna á þeim farsæla lausn fyrir alla aðila. Það liggur fyrir að frístundaheimili veita börnum umrædda



KJARTAN MAGNÚSSON

viðbótarþjónustu út yfirstandandi skólaár og bind ég vonir við að svo verði einnig á næsta skólaári. Mun það m.a. ráðast af viðræðum, sem standa nú yfir á milli Starfsmannafélags borgarinnar og borgaryfirvalda um vinnufyrirkomulag starfsmanna á þessum dögum. Skilja má grein Sólreyjar þannig að til standi að loka frístundaheimilum alveg á umræddum frídögum en sá skilningur er arlangur. Aldrei hefur verið hvið frá því að hafa frístundaheimilin opin með eðlilegum hætti umrædda daga, það er einungis viðbótarþjónustan fyrir hádegi sem er til skoðunar.

Þá er stefnt að því að á næsta fundi ÍTR verði lögð fram tillaga, sem tryggja mun starfsmönnum umræddra félagsmiðstöðvarhópa í sumar og að hún muni síðan leiða af sér stórbætt starf fyrir 10-12 ára börn næsta vetur.

Þannig er unnið hörðum höndum að því við erfiðar aðstæður að finna farsæla lausn á þeim málum sem Sóley nefnir. Hefði ég talið farsælla að kjörnir fulltrúar biðu með stóryrði og yfirlýsingar um skerta þjónustu og uppnám í barna- og unglíngastarfi á meðan sú vinna stendur yfir. Mikilvægt er að starfsmenn borgarinnar fái vinnufrið til góðra verka í stað þess að reynt sé að setja mál í uppnám og valda óvissu meðal notaðra þjónustunnar og þeirra sem veita hana.

Starfsmenn ÍTR hafa lagt fram fjölda tillagna um hagræðingu í rekstri sviðsins og eru nú að vinna stórvirki með því að hrinda mörgum þeirra í framkvæmd. Fyrir það vil ég þakka sérstaklega og heiti á alla kjörna fulltrúa að taka þátt í þeirri vinnu í stað þess að reyna að valda uppnámi með ótímabærum og illa ígrunduðum yfirlýsingum.

Höfundur er formaður íþróttatog tómsundaráðs Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ. ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorst@frettabladid.is

Protabú Gólfefna og hurða hf., sem rak verlanir Egils Árnasonar í Reykjavík og á Akureyri, auglýsir eftir tilboðum í eignir protabúsins, þ.m.t. lager og rekstur verslana félagsins. Áhugasamir kaupendur hafi samband við skiptastjóra protabúsins, Grím Sigurðsson, hrl., eigi síðar en þriðjudaginn 7. apríl nk. kl. 18:00.

Iceland Express 
deildin

Peir bestu fljúgast á!



Fyrsti leikurinn
í dag
kl.16.00

Úrslitin í Iceland Express-deildinni

1. leikur

4. apríl: KR - Grindavík kl. 16.00

2. leikur

6. apríl: Grindavík - KR kl. 19.15

3. leikur

9. apríl: KR - Grindavík kl. 19.15

Rimman er hafin

Lokaslagurinn um meistaratitilinn í Iceland Express-deild karla hefst í dag. Til úrslita leika KR og Grindavík og byrja Vesturbæingar á heimavelli sem ætla sér ekkert annað en heimasigur. En kapparnir suður með sjó hafa allt aðrar hugmyndir. Iceland Express er afar stoltur styrktaraðili körfuboltans - og megi betra liðið sigra!

Iceland Express 
með ánægju

Stríðið gegn Íslandi

UMRÆÐA

Fjölmiðlafrumvarpið

Ísland hefur orðið fyrir árásum – ekki hernaðarárásum, heldur fjármálaárásum. Afleiðingarnar eru jafn banvænar þrátt fyrir það. Fleiri verða veikir, lifa í örvæntingu og deyja fyrir aldur fram ef þjóðin neitar ekki að greiða til baka megnið af þeim lánum sem prangað hefur verið inn á hana á síðustu átta árum. En leiðin til bjargar er þyrnum stráð. Voldugir skuldunautar á borð við Bandaríkin og Bretland munu siga áróðursmeisturum sínum, sem og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum, á Íslendinga og krefjast þess að þeir verði hnepptir í skuldafangelsi með því að þvinga þá til að greiða skuldir sem þessir þjóðir myndu aldrei greiða sjálfar.

Til að komast út úr skuldafeniinu verða Íslendingar að átta sig á hvers konar efnahagsástand sjálfseyðingar íslenskir bankamenn hafa skapað. Þrátt fyrir að hafa eytt nærri hálfri öld í að rannsaka þjóðir í erfiðri skuldastöðu hef ég sjaldan eða aldrei séð neitt í líkingu við ástandið á Íslandi. Hér á landi hafa bankarnir steypit sér í svo gríðarlegar skuldir að verðgildi krónunnar mun rýrna til frambúðar og leiða af sér verðbólgu næstu áratuginna.

Skuldaleikurinn

Í gegnum söguna hafa skuldugar þjóðir oftast farið þá leið að losa sig við skuldirnar með hjálp verðbólgu, þ.e. borgað skuldirnar með „ódyrum peningum“. Ríkisstjórnir prenta peninga og viðhalda fjárlagahalla til þess að hækka verðlag og þannig er meira fjármagn í boði, en vöruframboð óbreytt. Þessi verðbólga og gengisfall minnka skuldabyrðina svo framarlega sem laun og aðrar tekjur hækka samhliða.

Ísland hefur snúið þessari lausn á hvolf. Í stað þess að auðvelda hina hefðbundnu skuldaleiðréttingu hefur verið sköpuð paradís lánardrottna og hinn sigildu flóttaleið skuldettra þjóða lokað. Þjóðin hefur fundið leið til að steypa sér í skuldir með hjálp verðbólgunnar, í stað þess að vinna sig úr þeim með henni. Með verðtryggingu skulda hefur Ísland komið upp einstöku kerfi fyrir banka og aðra lánardrottna sem stóreykur tekjur þeirra af lánastarfsemi, á kostnað launa og tekna af raunverulegri atvinnustarfsemi.

Það er eðlilegt að fólk greiði lán sem tekin hafa verið á heidarlegan hátt. Venjulega er gert ráð fyrir að fólk taki lán – og bankar láni – til vænlegra fjárfestinga, sem skili arði sem síðan er hægt að nýta til að greiða lánið til baka auk vaxta. Þannig hafa bankar starfað um aldir og þannig hefur orðið til ímynd hins varkára bankamanns sem neitar fjölmörgum þeirra sem sækjast eftir lánum frá honum.

Þannig var það að minnsta kosti einu sinni. Fáir sáu fyrir sér að aðgangur að lánsfé yrði svo greiður að þau vænskil sem við sjáum í dag væru óhjákvæmileg. Í Bandaríkjunum er þannig þriðjungur þeirra sem tóku húsnæðislán með neikvæða eiginfjárstöðu. Það þýðir að lánin eru orðin hærri en virði eignanna sem þau hvíla á.

Lausn nýfrjálshyggjunnar á þessu vandamáli er að selja eignir með gríðarlegum afföllum til alþjóðlegra arðræningja og brjóta niður félagslegt kerfi



MICHAEL HUDSON

þjóða, einmitt þegar þær þurfa mest á því að halda. Þetta gildir þó aðeins um litlu þjóðirnar. Þær þjóðir sem hæst hrópa á Íslendinga að greiða lán spákaupmanna eru undanskildar. Þar eru fremstar í flokki þær þjóðir sem eru skuldsettastar, Bandaríkin og Bretland, undir stjórn manna sem dytti aldrei í hug að leggja slíkar byrðar á eigin þegna. Um leið og þessar þjóðir lækka skatta og auka á fjarlagahallann reyna þær að kúga peninga út úr smærri og veikburða þjóðum, líkt og þær stunduðu gagnvart Þriðjaheimsríkjum á 9. og 10. áratug síðustu aldar.

Fjármálastríðið

Á síðustu árum hefur Ísland orðið fyrir árásum alþjóðlegra lánardrottna. Þeir hafa náð að sannfæra hóp lukkuriddara um að leiðin til auðs og hagvaxtar væri í skuldsetningu, en ekki ráðdeild. Bankar og spákaupmenn í innsta hring alþjóðafjármálakerfisins höfðu það að meginstarfi að selja skuldir og þurftu að búa sig undir það efnahagslega hrún sem sagan sýnir að fylgi óhjákvæmilega í kjölfar slíkrar ofurskuldsetningar. Það gerðu þeir með því að sá fræjum hugmyndafræði sem leit á keðjuverkandi skuldsetningu sem góða hagstjórn.

Stefna stjórnvalda í Bandaríkjunum er að koma á stöðugleika og forðast kreppu með því að færa niður skuldir til jafns við lækkað markaðsverð, en ekki síður að ná greiðslubyrði húsnæðislána niður á viðráðanlegt stig, þ.e. innan við 32% af tekjum heimilanna. Í öðrum löndum er einnig verið að færa niður skuldir svo fólk og fyrirtæki geti staðið í skilum. Á Íslandi er verðtryggingin hins vegar að belgja út skuldir og steypa húseigendum í neikvæða eiginfjárstöðu.

Það fyrsta sem Íslendingar verða að gera er að átta sig á að landið hefur orðið fyrir efnahagslegri árásum útlendinga, sem studdir voru af íslenskum bankamönnum. Til að hafa sigur reyndu þessir lánardrottinnar að sannfæra þjóðina um að skuldir væru framleiðsluhvetjandi og að hagkerfið eflidist, þar sem verðmæti þess ykist – þ.e. eignir yxu umfram skuldir. Þannig var gert ráð fyrir að verð myndi aldrei lækka og við myndum aldrei standa eftir með skuldirnar einar og neikvæða eiginfjárstöðu. Þeir gerðu sitt besta til að sannfæra þjóðina um að það væri slys sem gerðist aðeins einu sinni á öld eða svo, en ekki óhjákvæmileg afleiðing gríðarlegrar skuldsetningar með samsettum vöxtum án tekjuaukningar sem stæði undir vaxta- greiðslum.

Þessari hugmyndafræði er nú fylgt eftir með því að telja íslenskum almenningi trú um að honum standi ekkert annað til boða en að borga skuldirnar sem örfáir einstaklingar hafa steypit sér í, skuldir sem safna vöxtum að öðrum kosti. Þjóðin þarf einfaldlega að gera sér grein fyrir því að þær skuldir sem krafist er að hún greiði eru meiri en hún getur ráðið við.

Hvernig eiga Íslendingar að borga?

Íslendingar verða að gera sér grein fyrir því fyrr en seinna að ekki er hægt að greiða þessar skuldir og um leið halda uppi sanngjörnu samfélagi. Óhjákvæmilegt er að afskrifa skuldir á einhvern hátt. Hversu mikið er ekki hægt að segja til um fyrr en vitað er hver skuldar þurfa og hversu mikið. En Ísland er sjálfstætt ríki og getur



sett hver þau efnahagslög sem því hentar, svo framarlega sem þau mismuna ekki fólk eftir þjóðerni.

Alþjóðlegir lánardrottinnar munu mót-mæla harðlega. Markmið þeirra er að halda fjármálaheiminum utan alþjóðalaga og gera innheimtu skulda óháða lýðræðislegum reglum. Þannig reyna alþjóðlegar fjármálastofnanir að hindra stjórnvöld í að koma böndum á óhefta lánastarfsemi og eignaupptöku. Málþipur fjármagnseigenda saka þannig stjórnvöld um að hefta hinn frjálsa markað, þegar þau eru í raun eina aflið sem getur komið í veg fyrir að heilu þjóðirnar verði hnepptar í skuldafangelsi.

Með því að fara fram á greiningu á því hver skuldar hverjum hvað getur Ísland komið boltanum í fang lánardrottanna og látið þeim eftir að svara því hvernig í ósköpunum Íslendingar eigi að fara að því að borga og hverjar efnahagslegar afleiðingar þess verði. Hvernig geta Íslendingar borgað á næstu árum án þess að landsmenn tapi unnvörpum eignum sínum og félagslega kerfið verði lagt í rúst? Hvernig geta Íslendingar greitt skuldir sínar án þess að keyra sig í þrot, leggja niður þjóðfélagslegleg jafnréttis og koma hér á samfélagi örfárra ofurríkra lánardrottna og svo örsnauðs almennings? Það er raunveruleg hættu á að hér myndist ný stétt fjármagnseigenda sem stjórna muni landinu næstu öldina eða svo.

Íslendingar hafa verið prettaðir. Eiga þeir að líta á það sem skyldu sína að greiða þjóðum sem hafa ekki í hyggju að greiða nokkurn tíma sínar eigin skuldir? Svo lánardrottinnar fá greitt þurfa þeir að sannfæra skuldunauta sína um að þeir geti í raun og veru borgað, þ.e. borgað án þess að leggja samfélagið í rúst, selja auðlindir sínar eða koma á gríðarlegri stéttaskiptingu fjármagnseigenda og skuldara.

Lánin eða lifið?

Íslendingar verða að líta til langs tíma. Hvernig á efnahagskerfið að lifa af og

vaxa til framtíðar? Verðtryggingu lána verður að afnema. Gjaldeyrislán verður að færa yfir í krónur á lágum, óverðtryggðum vöxtum eða afskrifa að hluta eða öllu leyti. Markmiðið á að vera að fella niður skuldir sem valda efnahagslegu tjóni.

Leiðarljósið er heilbriggt efnahagskerfi í heild sinni. Þeir sem heimta mest eru ekki þeir sem skulda mest, heldur þeir sem hafa lánað mest. Markmið þeirra er að tryggja völd sín í samfélaginu. Umfram allt vilja þeir hámarka vald skulda umfram verðmætasköpun. Þess vegna er verðtrygging lána notuð til að tryggja að bankarnir hagnist á hruni efnahagslífsins, en ekki almenningur, sem greiða þarf jafnt skuldirnar sem og kostnaðinn af hækkaðri verðlagi og hruni krónunnar. Lánardrottinnar um allan heim eru í óða önn að færa niður skuldir í takt við lækkað fasteignaverð. Á Íslandi hafa bankarnir hins vegar fengið að hækka skuldabyrðina um 14% á síðasta ári, á meðan fasteignaverð hefur lækkað um 21%! Því verra sem efnahagsástandið er, því sterkari eru lánveitendurnir. Þetta er ávisun á efnahagslegt sjálfsmorð þar sem dýpkandi kreppa hneppir æ fleiri í skuldafangelsi.

Ísland getur tekið forystu og orðið fyrirmynd annarra þjóða í efnahagslegu jafnrétti. Aldrei hefur verið betra tækifæri til að taka afstöðu til þess um hvað standa á vörð – óyfirtíganlegar skuldir eða framtíð íslensks samfélags? Munu stjórnvöld verja þegna sína fyrir afætum fjármálaheimsins, eða munu þau færa þeim íslenska hagkerfið á silfurfat? Það er spurningin sem íslensk stjórnvöld verða að svara.

Höfundur er sérfræðingur í alþjóðafjármálum, hefur verið ráðgjafi Hvíta hússins, bandaríska innanríkisráðuneytisins og varnarmálaráðuneytisins og vinnur að tillögu að nýrri skattalöggjöf fyrir Bandaríkin. Þetta er fyrri greinin af tveimur eftir Hudson sem birtast í Fréttablaðinu. Sú seinna birtist innan fárra daga.


Listmunauppboð í Gallerí Fold

fer fram mánudaginn 6. apríl, kl. 18.15
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg
Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
laugardag kl. 11–17
sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

Einnig er hægt að skoða uppboðsskrána á www.myndlist.is

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



Valtýr Pétursson



Ásgrímur Jónsson



Jóhannes S. Kjarval

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Músíktílaunir

Músíktílaunir eru mikilvægur vettvangur fyrir unga tónlistarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref. Þær eru uppspretta nýrra hugmynda og tjáningar. Músíktílaunir standa nú yfir og við hvetjum fólk til að fylgjast með á Rás 2.

Iceland Airwaves

Icelandair er einn aðalstyrktaraðili Iceland Airwaves sem hafa öðlast sess bæði austan hafs og vestan sem kraftmikil og litrík tónlistarhátíð. Hún hefur laðað til landsins yfir 20.000 erlenda gesti og reynst íslenskum tónlistarmönnum einstök hjálp og hvatning. Hún kemur þeim á framfæri í erlendum fjölmiðlum og á meðal fólks í tónlistariðnaði alls staðar að úr heiminum.

Reykjavík loftbrú

Í samstarfi við Reykjavíkurborg, FHF, Stef og FÍH hefur Icelandair komið myndarlega að verkefninu Reykjavík Loftbrú. Með því höfum við styrkt yfir 3.000 íslenska tónlistarmenn og hljómsveitir til að hasla sér völl með tónleikahaldi erlendis.



STEF FHF



Icelandair styður og flytur út íslenska tónlist

Með Músíktílaunum hjálpum við ungum tónlistarmönnum að prófa sig áfram og þróa hæfileika sína. Með Iceland Airwaves gefum við tónlistarmönnum kost á að koma sér á kortið í tónlistariðnaði og Reykjavík Loftbrú gerir þeim mögulegt að komast til útlanda og sigra heiminn.

Áberandi glæsilegur

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi...



Verð kr. 4.782.000

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ

Hluti af staðalbúnað:

- | | | |
|---|--|---|
| <input checked="" type="checkbox"/> DCS - Eykur öryggi niður brekkur | <input checked="" type="checkbox"/> Bakkskynjari | <input checked="" type="checkbox"/> 18" Álfelgur |
| <input checked="" type="checkbox"/> Tölvustýrð miðstöð og loftkæling | <input checked="" type="checkbox"/> ARP - Veltivörn | <input checked="" type="checkbox"/> LRS - Heldur hæð við hleðslu |
| <input checked="" type="checkbox"/> ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg) | <input checked="" type="checkbox"/> Tölvustýrð spólvörn | <input checked="" type="checkbox"/> TOD - Sjálfvirk drifstýring |
| <input checked="" type="checkbox"/> Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri | <input checked="" type="checkbox"/> Aksturstölva | <input checked="" type="checkbox"/> Áttaviti og útihitamælir |
| <input checked="" type="checkbox"/> Kæling í hanskahólfi | <input checked="" type="checkbox"/> Sjálvirkur birtustillir | <input checked="" type="checkbox"/> ISOFIX - festing fyrir barnastól |
| <input checked="" type="checkbox"/> Tenging fyrir MP3 spilara | <input checked="" type="checkbox"/> Fjöldiskaspilari | <input checked="" type="checkbox"/> Og margt fleira.... |

www.benni.is

Bilabúð
Benna

Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Glerárgötu 36
Sími 462 1430

Reykjanesbær
Bílahornid hjá Sissa
Brekustíg 38
Sími 420 3300

CAPTIVA er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Chevrolet er kominn til þess að vera. Gæðakannanir sýna að Chevrolet er ekki einungis með litla bilanatíðni heldur er öll smíði bílsins til fyrirmyndar. Þá sakar ekki að verðið á Chevrolet er frábært. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhófanum - Alltaf heitt á könnunni.



CHEVROLET

Chevrolet gæði - frábært verð

LANGOUR LAUGARDAGUR

Nú tökum við til á lagernum okkar!
Mikið af vörum á miklum afslætti!



Mikið úrval af mótórhjólavörum.
20% AFSLÁTTUR!

Verslun okkar að Vagnhöfða 23 býður upp á EINSTÖK afsláttarkjör af frábærum vörum. Tilboðshorn í gangi allan tímann þar sem gefinn verður allt að **80%** afsláttur. Hljómflutningsgræjur í bíla á **mikið** lækkuðu verði. Úrval af mótórhjóla-, ferða- og jeppavörum á frábæru verði. Meðal annars **álstigbretti** á jeppa með **45%** afslætti. Rýmingarsala af felgum, **dæmi um verð kr. 1.250 stk.** Einstakt **VECTRIX** rafmagnsmótórhjól verður í reynsluakstri. Komdu og gerðu einstök kaup. Kaffi og kleinur fyrir alla.



Hjólakerrur frá North Star á einstökum verðum.



K&N loftsiur spara eldsneyti.



20%
AFSLÁTTUR!

TEMAX drullutjakkur á frábæru verði.
20%
AFSLÁTTUR!



15%
AFSLÁTTUR!

DEKA rafgeymar. Viðurkenndir Amerískir rafgeymar. Hátt kaldræsisþol.

Mag-lite hágæða vasaljós sem hefur einstakan endíngartíma. Mikið úrval.



20%
AFSLÁTTUR!



IPF ljósavörur - frábær gæði og einstök verð.

IPF 15%
AFSLÁTTUR!

TOYO TIRES



Hágæða dekk

Mikið af góðum notuðum dekkjum á tilboðsverðum.



Rýmingarútsala af ál- og stálfelgum.

Opið í dag frá kl. 10 til 16.
Kaffi og kleinur fyrir alla.

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
590 2000 - www.benni.is

Bílabúð Benna

Jafnrétti á erindi við börn

UMRÆÐAN

Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir skrifar um jafnréttismál



ÁSTA RAGNHEIÐUR
JÓHANNSDÓTTIR

Samningur Sameinuðu Sjjóðanna um afnám mismununar gegn konum var samþykktur fyrir 30 árum. Þó að margt hafi áunnist í jafnréttisbaráttunni er ljóst að jafnrétti er ekki að fullu náð. Til þess þarf hugarfarsbreytingu. Hún verður ekki án þess að styrkja grunninn til framtíðar með því að fræða börnin. Leikskólar og grunnskólar eru mikilvægar menntastofnanir. Þeir gegna veigamiklu hlutverki í uppeldi barna og félagsmótun. Höfuðmáli skiptir því að áhersla sé lögð á fræðslu og umræðu um jafnrétti og mannréttindi í öllu skólastarfi, þannig er stutt við málaflokkinn til framtíðar.

Í lögum um jafna stöðu og rétt kynjanna er kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, bæði í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Stórt skref í þessa átt var stigið í fyrra þegar farið var af stað með þróunarverkefnið jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum en það miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynsjónarmið í leikskólum og grunnskólum. Að verkefninu standa félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og fimm sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær og Akureyrarkaupstaður. Menntamálaráðuneytið leggur verkefninu lið ásamt Jafnréttisráði og mörgum styrktaraðilum. Annað markmið verkefnisins er að auka samvinnu innan og milli sveitar-

félaga um jafnréttismál, auka upplýsingar um jafnréttisfræðslu og búa til vettvang til að miðla reynslunni af verkefninu.

Fimm leikskólar og fimm grunnskólar hafa í vetur unnið tilrauna-verkefni á sviði jafnréttismála. Námsstefna þar sem þeir kynna verkefnið verður haldin 26. maí.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsetrinu jafnréttiskolum.is. Þar er aðgengilegt fjölbreytt efni sem hentar vel til jafnréttisfræðslu í skólastarfi. Í ár gegnir Ísland formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og er jafnréttisfræðsla í skólum eitt af fimm meginjafnréttisþemum ársins. Norræn ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum verður haldin hér á landi í september 2009. Fyrirmyndarverkefni Norðurlandanna verða kynnt þar.

Þegar samningur SP um afnám kynjamismununar var gerður bjuggu margar konur við misrétti. Enn er hann mikilvægt tæki í jafnréttisbaráttunni. Félags- og tryggingamálaráðuneytið útbjó dagatal í samstarfi við Jafnréttisstofu, Kópavogsbæ og Fljótsdalshérað til að marka tímamótin. Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars, færði undirrituð öllum bekkjardeildum tólf ára nemenda í grunnskólum landsins dagatalið sem daglega áminningu um mikilvægi jafnréttis.

Með því að fræða börnin okkar um jafnrétti og mannréttindi gerum við þau meðvituð um mikilvægi þeirra. Með aukinni jafnréttisfræðslu eflum við einnig skilning barna okkar á því að réttindi þessi eru ekki sjálfgefin heldur afrakstur langrar baráttu sem enn á langt í land víða um heim.

Höfundur er félags- og tryggingamálaráðgjafi.

Sviknir um persónukjör(?)

UMRÆÐAN

Hjörtur Hjartarson skrifar um persónukjör



HJÖRTUR
HJARTARSON

Íkjölfar fjármála- og Iefnahagshruns risu örvæntingarfullar og tilfinningaþrungnar kröfur almennings um aukid lýðræði. Málsmetandi fólk sagði berum orðum að „stjórnmalastéttin“ yrði að víkja til hliðar. Öllum var ljóst að við lýðræðiskröfum yrði að bregðast 25. apríl. Persónukjör og stjórnlagaþing urðu aðalatriði í málefnaáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, með stuðningi Framsóknarflokksins.

Frumvarpið um persónukjör gerir ráð fyrir varfærnu skrefi í átt

til meiri áhrifa kjósenda í alþingiskosningum. Flokkarnir geta boðið fram raðaða lista eins og venjulega. Breytingin felst í því að framboðum verður einnig heimilt að bjóða fram óraðaða lista sem kjósendur þeirra mega raða ef þeir vilja. Það er nú öll byltingin. Engu skiptir þótt lokuð prófkjör eða forval hafi þegar farið fram.

Flokkarnir ákveða sjálfir hvora leiðina þeir fara. Þorkell Helgason upplýsti að tæknilega væri ekkert því til fyrirstöðu að leyfa framboðum að viðhafa persónukjör 25. apríl. Með því er heldur ekki verið að leggja í neina óvissuferð. Í nágrannalöndum okkar eru þrautreynd kosningakerfi með persónukjöri sem nær öll gera

kjósendum hærra undir höfði en hér þekktist. Getur verið að þingmenn og frambjóðendur sem nú hafa tryggt sér örugg þingsæti í lokuðum prófkjörum flokkanna hafi misst áhuga á lýðræðisumbótum? Svo er að sjá. Hálmstrá þeirra er að vísa í eina mjög ósannfærandi álitsgerð eins starfsmanns Alþingis þar sem segir að 2/3 hluta atkvæða þurfi til að samþykkja frumvarpið um persónukjör. Ríkisstjórnin ætlar að láta það duga til þess að hætta við allt saman. Það mun hefna sín grimmilega.

Stjórnmalamennt verða að þekkja sinn vitjunartíma. Vorið 2009 á Íslandi gæti orðið heitt ekki síður en haustið 2008, og þá verður erfitt að standa uppi með svikin loforð.

Höfundur er í framboði fyrir Borgarahreyfinguna.

Góðar fréttir af Reykjavík Loftbrú

UMRÆÐAN

Jakob Hrafnsson skrifar um menningu



JAKOB HRAFNSSON

Menningarstefna Reykjavíkurborgar hefur verið í endurskoðun að undanförunum með það að markmiði að finna enn betri leiðir til að stuðla að því að blómleg menning og listir einkenni höfuðborgina áfram. Samstarf borgarinnar við tónlistarmenn hefur verið gott og hefur Reykjavíkurborg um árabíl stutt dyggilega við bakið á íslenskrum tónlist með ýmsum hætti, t.d. með starfssamningum og verkefnastyrkjum til allra tegunda tónlistar og stuðningi sínum við ýmsar hátíðir og viðburði tengda tónlist. Eitt af betur heppnuðum verkefnum á sviði tónlistar er svo útflutnings-sjóðurinn Reykjavík Loftbrú. Nú er gaman að segja frá því að Reykja-


víkurborg, Ícelandair, FÍH, STEF og SFH hafa endurnýjað samstarf sitt um sjóðinn Reykjavík Loftbrú en fregna af framhaldinu hefur verið beðið með eftirvæntingu.

Sjóðurinn hefur verið starfræktur frá miðju ári 2003 og styður framsækið tónlistarfólk við að hasla sér völl erlendis. Á síðasta ári styrkti sjóðurinn 197 verkefni, sem á bak við stóðu 497 tónlistarmenn, tónskáld, textahöfundar og útgefendur. Í heildina hefur sjóðurinn styrkt 536 verkefni frá stofnun árið 2003, eða hátt á þriðja þúsund einstaklinga.

Útflutningsverðlaun Reykjavíkur Loftbrúar voru afhent á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir skömmu og varð Mugison fyrir valinu að þessu sinni. Hann er tvímælaust glæsilegur fulltrúi Íslands og íslenskrar tónlistar erlendis.

Með stofnun Reykjavíkur Loftbrúar felst viðurkenning á hlut tónlistar og lista í kynningu á Reykjavík sem nútímalegrar menningarborgar og spennandi viðkomustaðar ferðamanna. Markmið styrkveitinga er að auka tækifæri íslenskra tónlistarmanna, tónskálda og útgefenda til að sækja á erlenda markaði. Úthlutad er úr sjóðnum mánaðarlega og er hann vistaður hjá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar og eru ný umsóknareyðublöð ásamt upplýsingum um breytt fyrirkomulag aðgengileg á vefsíðum aðstandenda sjóðsins s.s. á www.reykjavik.is, www.icelandair.is/loftbrú og á vefsíður fagfélaga tónlistarmanna og útgefenda. Samningurinn gildir út árið 2009 og stefnt er að endurskoðun og viðræðum um framhaldið á haustdögum.

Höfundur er formaður stjórnar Reykjavíkur Loftbrúar.



KRONAN

fyrst og fremst ódýr

4x21 kippa


FLOTT TILBOÐ FYRIR PÁSKANA!

Þú kaupir 4x21 Coke eða Coke Light og Freyju Rísegg nr. 4 saman á aðeins

998 kr.

2 dagar eftir

lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.



ekki missa
af þessu!!
Bak við Holtagarða!!

allt á að seljast 30-70% afsláttur

aðeins í dag og á morgun
frá kl. 11 - 16



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Skilaboð frá þeim sem eftir eru

Systkinin **Mustafa Jamal Saeed** og **Mahal Jamal Saeed** lifðu ofurvenjulegu lífi í Bagdad til ársins 2003 þegar ráðist var inn í Írak. Eftir það og þar til þau komu til Íslands síðastliðið haust hafa þau lifað það að sjá föður sinn myrtan og bestu vinur Mahals var skotinn til bana þegar þeir voru á gangi heim úr skólanum. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti systkinin sem voru heppin. Þau komust burt úr flóttamannabúðunum Al Waleed sem þykja bjóða upp á hvað verstar aðstæður í heiminum.

Það er miðvikudagur í Fjölbrautaskóla Vesturlands og systkinin standa fyrir framan samnemendur sína og segja þeim sögu sína. Þau draga fram myndir úr flóttamannabúðunum og segja að þessar myndir og þeirra orð, sem túlkur þýðir fyrir bekkinn, geti ekki skýrt þann hrylling sem þau bjuggu við í búðunum. Mustafa segir að henni dygði ekki heilt ár til að lýsa aðstæðunum. Þau eru ekki að færa í stílinn því að mati Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna þykja búðirnar bjóða upp á hvað verstu aðstæður fyrir flóttamenn í heiminum. Tími þeirra í búðunum var ekki langur miðað við hve lengi margir þurfa að dvelja þar, en sumir hafa verið þar í þrjú ár. Enginn velur sér að dvelja á svona stað, en þegar aðstæður í heima-högum eru orðnir eins og þeir voru í Bagdad, á fólk engra annarra kosta vól.

Fatlað og veikt systkini

Mustafa var ellefu ára þegar lífið breyttist á einni nóttu í Bagdad. Mahal bróðir hennar var ári eldri. Þau eru Palestínumenn, afkomendur þeirra Palestínumanna sem flúðu Ísrael í átökunum árið 1948. Og í Bagdad bjuggu þau í hverfi sem nær aðeins Palestínumenn bjuggu í, með föður sínum og móður og tveimur öðrum systkinum og lífið var gott og öruggt að þeirra sögn. Faðir þeirra vann sem viðgerðarmaður hjá fyrirtæki sem gerði við stærri heimilistæki, svo sem ísskápa, frystikistur og slíkt. Bróðir þeirra er þroskaheftur og systir þeirra hefur átt við veikindi að stríða í gegnum ævina þannig að hún þarf að vera undir stöðugu læknis-efirliti. Það varð því mikið áfall fyrir fjölskylduna þegar faðir þeirra, fyrirvinnan, var drepinn.

Palestínumenn ofsóttir

Við setjumst niður eftir tímann og túlkur hjálpar til. Þau eru farin að skilja heilmikið í Íslandskunni en það er erfiðara að tala hana. Þeim finnst tungumálið erfitt en vilja leggja sig öll fram við að læra það, segja þau. Við byrjum í Bagdad. „Ofsóknirnar byrjuðu strax eftir að innrásin var gerð. Okkur var oft hótað og margir voru reknir af heimilum sínum. Ef Íraki kemst að því í dag að þú ert Palestínumaður, áttu á hættu að vera myrtur.“ Palestínumenn eru ofsóttir í Bagdad af ástæðum sem rekja má til stuðnings Saddams við Palestínumenn. Hann studdi málstað þeirra og ýmsir hópar í samfélaginu töldu sig því eiga eitthvað sökótt við Palestínumenn, héldu þá hafa notið sérreittinda. Staðreyndin var hins vegar sú að Palestínumenn nutu ekki fullra réttinda í Írak, fengu aldrei varanlegt dvalarleyfi og engan möguleika á að sækja um ríkisborgararétt.

Myrtur í vinnuni

Árið 2003 er talið að um 40.000 Palestínumenn hafi verið í Írak. Nú séu kannski um 10.000 eftir. Ýmist hafa þeir verið myrtir eða reknir á brott frá heimilum sínum. Flóttamannabúðirnar í Al Waleed urðu til þegar fólk reyndi að flýja yfir landamæri Íraks til Sírylands. Landamærunum var lokað og fólk komst heldur ekki til baka þaðan sem það var að flýja. Mustafa og Mahal urðu að flýja eftir að faðir þeirra var myrtur. Nokkrum dögum fyrir morðið hafði hann verið handtekinn, en Íraskir lögreglumenn áreittu Palestínumenn daglega. Honum var sleppt, beðinn afsökunar á handtökunni og fjölskyldan hélt að þeim væri óhætt. „Hann var að klára vinnudaginn og var að loka fyrirtækinu, átti bara eftir að gera við einn ísskáp. Ég var í heimsókn hjá vini mínum þarna við hliðina á þegar við heyrðum skothvell. Ég kom að honum liggjandi í götunni,“ segir Mahal.

Besti vinurinn skotinn

Þetta var ekki í eina skiptið sem Mahal upplifði að einhver svona náinn honum var drepinn. Hann var á gangi heim úr skólanum með bestu vinum sínum þegar skothríð hófst í hverfinu þeirra.



ERU HRIFIN AF NÁTTÚRU ÍSLANDS Systkinin Mustafa Jamal Saeed og Mahal Jamal Saeed hafa eytt síðustu árum við erfiðar aðstæður í Írak. Þau hlakka til að eiga framtíð á Íslandi.

Einn besti vinur hans, sem átti að fara að gifta sig daginn eftir, var myrtur.

Að lokum fór svo að fjölskyldunni var ekki lengur vært í borginni. Þau yrðu að komast burt. „Við höfðum sótt um að komast burt og einn daginn komu nöfnin okkar upp á lista yfir fólk sem mögulega gat komist til Íslands. Við urðum að flytjast í Al Waleed-flóttamannabúðirnar frá Bagdad vegna þess.“ Mustafa reynir að útskýra hvernig Al Waleed-búðirnar eru. „Ímyndið ykkur stað þar sem ekkert er. Bara eyðimörk. Hvert sem þú lítur er eyðimörk. Það er ekkert, ekki eitt tré til að skýla sér bak við. Bara tjöld. Og hitinn er kannski 48 gráður. Í þessum búðum hefur fólk dvalið í jafnvel þrjú ár.“

Vatnsleysi erfiðast

Í búðunum var ekki alltaf vatn. Vatnsskorturinn var svo mikill suma daga að fólk kom sér í mikla lífshættu þegar það fór út á veg til að betla vatn, þrátt fyrir að vita að kannski yrði það drepíð. Mustafa segir að vatnsskorturinn hafi verið erfiðastur. Einnig var hreinlætisaðstaða engin og daunn frá rusli sem enginn gat hirt um. Mahal segir salernisaðstöðuna hafa verið hrikalega, skítuga og ógeðslega og konur hafi verið feimnar við að nota hana því karlmenn og konur hafi átt að nota sömu aðstöðu. Margir í búðunum voru veikir að þeirra sögn. Læknishjálpar þurfti að sækja í 150 kílómetra fjarlægð og mjög hættulegt að ferðast þangað. Fólk dró það því í lengstu lög því ef rútan var stöðvuð á leiðinni og Íraska lögreglan komst að því að viðkomandi var Palestínumaður, var hætt á að viðkomandi yrði drepinn.

Sandstormar og snákar

Í eyðimörkinni geisluðu miklir sandstormar, á nokkurra daga fresti. Rokið sem við þekkjum hér á landi er víst eins og væg gola miðað við hvernig blásið gat í eyðimörkinni. Þegar stormurinn var yfirstaðinn voru tjöldin oft fokin út í veður og vind. „Við höfðum ekkert til að skýla okkur á bak við. Við kvíðum oftast nóttinni. Myndi koma stormur eða kannski einhver dýr úr eyðimörkinni, snákar eða annað slíkt? Margt var að hræðast þarna, líka nærveru bandarískra og Íraskra hermanna. Maður var aldrei öruggur.“ Aðgerðaleysið var að



Ofsóknirnar byrjuðu strax eftir að innrásin var gerð. Okkur var oft hótað og margir voru reknir af heimilum sínum. Ef Íraki kemst að því í dag að þú ert Palestínumaður áttu á hættu að vera myrtur.



BÚSTAÐUR FJÖLSKYLDUNNAR Fyrir miðju má sjá tjaldið sem fjölskylda systkinanna hafðist við í. Tjöldin fuku á nokkurra daga fresti í sandstormum.



EFTIR STORMINN Sandstormar feykja bústöðum flóttamannanna til á nokkurra daga fresti.

þeirra sögn afar erfitt enda lítið sem ekkert að hafa fyrir stafni. „Það er erfitt að geta ekkert gert nema hanga og það er líka mjög erfitt fyrir fólk sem þarna bíður og bíður og veit ekki hvort það á framtíð. Við erum heppin að hafa komið hingað en við viljum færa skilaboð frá fólkinu sem er þarna eftir. Það er að deyjá í eyðimörkinni.“

Íslenskunámið í fyrsta sæti

Mustafa og Mahal segjast hafa nú dvalið á Akranesi síðan í september með móður sinni og systkinum og þau eru hrifnust af náttúrunni hér, fjöll-

unum og öllu sem þau segja afar ólíkt því sem þau þekkjá. Íslenskan er erfið en þau vonast til að geta lært ensku og íslensku betur. Kuldanum er erfiðast að venjast. Þau eru brosmild þegar þau tala um það sem fram undan er. „Fyrst og fremst núna erum við að hugsa um íslenskunámið. Við þurfum að læra hana vel. Og við hlökkum til að eiga framtíð á Íslandi. Við sjáum það fyrir okkur að geta átt mjög gott líf hérna.“

FRAMHALD Á SÍÐU 32

Gledilega páska!



1 STK.

299,-

Gerviblóm
Falleg gerviblóm á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir fánlegir.



1 STK.

299,-

Blómakerti
Blómakerti fánleg í bláum,
bleikum, gulum og lime grænum lit.
Flott, vorleg kerfi. Hæð: 10 sm.

Páskasprittkerfi
Virkelega sæt
páskasprittkerfi.
6 stk. í pakka.

6 STK.

499,-



4 STK.

790,-

Skeiðar
Skemmtilegar
skeiðar fyrir eftir-
réttinn, í sultuna,
sykurkerið eða
bara jógúrtina.
4 stk. í pakka.

48 STK. EGG

790,-

Páskaskraut
48 lítil egg saman í pakka.
6 mismunandi mynstur fánleg. Hægt
að hengja upp eða nota í skreytingu.

4 STK.

299,-



Páskaungar
Fjórir flottir
páskaungar
úr filti saman
í pakka á
frábæru verði.
Fjórir litir.



4 STK.

990,-

4 STK.

790,-

FREJA matarsett
4 stk. undirskál og bolli
990,- 4 stk. hliðardiskur
Ø: 19 sm. **790,-**



SAMA VERÐ

499,-

Skrautsteinar
Skrautsteinar, skraut-
sandur, gelperlur og
kerfi. 4 flottir litir, allir í
stíl! Skrautsteinar **499,-**
Skrautsandur **499,-**
Gelperlur **499,-**
Kerfi **499,-**



20 HLUTIR

2.990,-

CORAL matarstell

Fallegt matarstell fyrir fjóra með
mynstruðum kantí. 20 hlutir
í setti.



1 STK.

790,-

Gerviblóm í kórflu
Litskrúðug og falleg gerviblóm
í glerpotti og kórflu. Margir
fallegir litir fánlegir.
Frábært verði!

1 STK.

499,-

Glervasi
Fallegur glervasi, fæst
í nokkrum mismunandi
litum. Hæð: 34 sm.

1 STK.

990,-



4 STK.

299,-

Eggлага kerfi
Flott, eggлага kerfi í
bakka. 4 stk. saman í
pakka. 6 mismunandi
litir fánlegir.



2 STK.

99,-

Kertaglös
Falleg kertaglös undir spritt-
kerfi eða eggлага kerfi.
Fást í nokkrum litum.
2 stk. saman í pakka.



16 HLUTIR

2.990,-

ANNA
hnífaparasett
Fallegt hnífaparasett.
16 stk. í pakka.

Hitakanna
Flott hitakanna í
fjörum litum. Tekur
1 líter.

-góð kaup

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

1 RÚLLA

1.490,-

FLORAL skreytingapappír
Skemmtilegur skreytingapappír.
Breidd: 60 sm. Lengd: 20
metrar á rúllu.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1298

NV NAUTASNITSEL **1298 kr./kg.**



Ali

1398

ALI HAMBORGARHRYGGUR **1398 kr./kg.**



1079

KS LAMBLÆRI FROSID **1079 kr./kg.**



1298

NV NAUTAGÚLLAS **1298 kr./kg.**



798

KF HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **798 kr./kg.**



1359

KS LAMBLÆRI Í SNEIÐUM **1359 kr./kg.**



1359

KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.



898

FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.



769

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
Roð & beinlaus
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
769 kr./kg.



189

HUNT'S BBQ SÓSA
189 kr.



398

GRILLBORGARAR
4 stk með brauði **398 kr.**



459

PEPSI & PEPSI MAX
4 x 2 ltr. **459 kr.**



298

HOLLT & GOTT
VEISLUSALAT 100gr **298 kr.**
KLETTASALAT 75 gr **298 kr.**
GARÐSALAT 200 gr **298 kr.**

298



498

BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 stk **498 kr.**

BONUS BÝÐUR BETUR



OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



1798

ALI FERSKAR KJÚKLÍNGABRINGUR 1798 kr./kg.



598

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLÍNGUR 598 kr./kg.



498

KJÖRFUGL KJÚKLÍNGUR ferskur heill 498 kr./kg.



1498

KJÖRFUGL KJÚKLÍNGABRINGUR ferskar 1498 kr./kg.



1798

BÓNUS RISAPÁSKAEGG 1 kg 1798 kr.



598

GERÐU PINN EIGINN HEILSU-DRYKK



798

VEET HÁREYÐINGARSTRIMLAR 20 stk 3 tegl 798 kr.



359

DIRA BERJABLANDA FROSIN 1 KG 598 kr.
DIRA MAGNOBITAR FROSINIR 450G 359 kr.
ES JARÐARBER FROSIN 1 KG 459 kr.



398

WELLA HÁRGEL 150 gr 398

BÓNUS PÁSKAEGG



NR.3 170g 398 kr.
NR.4 315g 698 kr.
NR.5 420g 898 kr.
NR.6 520g 1098 kr.



459



398

BOOZT GLÖS 10 stk með loki og röri 398 kr.



259

BÓNUS ÍS 2 LITRAR 259 kr.



STÓRT SAMSTARFSVERKEFNI

FRAMHALD AF SÍÐU 28

Talið er að á bilinu 30-40 milljónir manna séu á flóttu í heiminum, sumir segja allt að 100 milljónir. Þar af eru um ellefu milljónir manna sem eru skilgreindar sem flóttamenn samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Sá tæplega þrjátíu manna hópur Palestínuranna sem kom til Íslands síðastliðið haust frá Írak tilheyrir þeim hópi. Atli Viðar Thorstensen, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands, sagði frá því í stuttu máli hvernig flóttamönnum er veitt hæli í öðrum löndum.

Fæstir fá hæli á Vesturlöndum

„Þvert á það sem margir halda, leita langflestir flóttamenn fyrst til nágrannaríkjanna. Þannig liggur straumur fólks sem þarf að flytja heimaland sitt fyrst til þeirra landa sem liggja hvað næst stríðshráðum löndum en ekki hingað til Vesturlanda. Þegar fólk er komið í annað land eru þrjár leiðir mögulegar til að leysa vanda þess. Í fyrsta lagi getur fólk snúið til sinna heima ef ástandið lagast. Ef það gengur ekki getur fólk reynt að aðlagast því ríki sem það flúði til. Þriðja úrræðið, er algert neyðarúrræði, og snýst um það, eins og í tilfelli þessa fólks, að flytja það til þriðja ríkisins. Það verkefni er undir hatti Sameinuðu þjóðanna og það er Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem metur hverjir það eru sem eru í hvað mestri hættu og í hvað brýnustu þörf fyrir að komast í öruggt land.“ Talið er að innan við 1 prósent flóttamanna fái griðland í þriðja ríki með þessum hætti, eða um 60-70 þúsund flóttamenn á ári. Bandaríkin taka á móti langflestum flóttamönnum.

Yfirlýsing frá 2007

Flóttamannastofnun biður önnur ríki um að veita fólki hæli innan sinnar landamæra og á þeim lista eru um 15-20 ríki. Ísland hefur verið á lista ríkja sem aðstoða flóttamenn síðan árið 1956 og hefur tekið á móti

flóttamönnum nokkuð reglulega frá 1996. Það var þó ekki fyrr en vorið 2007 sem gefin var út yfirlýsing þess efnis að tekið skyldi árlega á móti flóttamönnum. „Flóttamannastofnun tekur saman skjöl um fólkið sem þarf að komast í burtu eins skjótt og má verða og sendir til flóttamannanefndar. Í flóttamannanefnd sitja fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og Rauða krossins. Þessi nefnd vinnur mjög náð með Flóttamannastofnun og eftir samráð við stofnunina leggur flóttamannanefndin fram tillögu til ríkisstjórnar Íslands um móttöku flóttamanna og frá hvaða svæði það skal vera. Flóttamannanefndin er þannig milligönguliður milli Flóttamannastofnunar og ríkisstjórnar. Tillögur flóttamannanefndar um að taka á móti hópi Palestínuranna frá Írak kom heim og saman við áherslur Flóttamannastofnunar sem ríkisstjórnin svo samþykkti.“

Nokkrir kjósa að yfirgefa ekki búðirnar

Í framhaldi fær flóttamannanefnd sendan forvalslista og les gögn um flóttafólk. Sendinefnd frá flóttamannanefnd fer svo út og tekur viðtöl við fólkið. Í sendinefndinni voru fulltrúar félagsmálaráðuneytis, Útlendingastofnunar og Rauða krossins. „Við fórum út í júní í fyrra og vorum í byrjun með um 50 manns á lista. Í samvinnu og samráði við Flóttamannastofnun var svo hluta þess boðið að koma til Íslands. Nokkrir kjósa að yfirgefa búðirnar ekki ef þeir eiga þar stóra fjölskyldu. Þess í stað kjósa þeir að deila örlögum sínum með hinum fjölskyldumeðlimunum sem eiga að vera eftir, í þeirri von að það leysist úr málum allra.“ Flóttamannastofnun tilkynnir flóttafólkinu um hverjum býðst að koma og í framhaldi fer í gang ferli við að útvega ferðaskilríki, bóka flug, sem er mikið þúsluspil og tekur nokkra mánuði. Á meðan undirbýr sveitarfélaginu komu fólksins. Litill hópur fer frá Íslandi og tekur á móti fólkinu á flugvelli í Evrópu og fylgir því síðasta spölinn til landsins. Þá tekur við starf hjá sveitarfélaginu, Akranesi og Rauða kross-deildinni þar.



MIKIÐ OG GOTT VERK AÐ BAKI Anna Lára Steindal, verkefnastjóri Rauða kross-deildarinnar á Akranesi, og Atli Viðar Thorstensen, verkefnastjóri Rauða krossins á Íslandi, unnu höndum að því að koma 29 flóttamönnum frá einum verstu flóttamannabúðum heims, Al Waleed í Írak. Fyrir það fékk Akranesdeildin Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KONURNAR ERU ÓTRÚLEGAR

Rauði krossinn á Akranesi hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Til atlögu gegn fordómum. Verðlaunin hlaut deildin fyrir hlutverk sitt við góða aðlögun hóps palestínsks flóttafólks að samfélaginu á Akranesi. Verðlaunin í þessum flokki eru veitt einstaklingi eða félagsamtökum sem hafa unnið ótulllega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

Akraneskaupstaður undirbjó komu 29 palestínskra flóttamanna, þar á meðal Mustafa og Malah, á síðasta ári, en alls var um að ræða átta fjölskyldur. Anna Lára Steindal, verkefnastjóri Akranesdeildar Rauða kross Íslands, tók við Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins fyrir hönd deildar sinnar en hún segir verkefnið hafa gengið ótrúlega vel. „Þessar konur og börnin þeirra eru ótrúleg. Þær hafa kennt okkur öllum mikið og jú, ég held það sé alveg hægt að segja að þær hafi þjappað sveitarfélaginu betur saman,“ segir Anna Lára. „Okkar verkefni var að undirbúa komu þeirra, finna húsnæði og standsetja það, undirbúa íslenskunám og skólagöngu þeirra sem á skólaaldri eru, finna stuðningsfjölskyldur og ótal margt fleira. Fólkið kom hingað og þekkti engan þannig að það að búa til gott stuðningsnet

og viðhalda því er einna mikilvægast.“

Anna Lára segir að einungis sé einn túlkatími í mánuði fyrir hvern og einn þannig að deildin hafi þurft að leggja sig alla fram um að nota leik, arabískar orðabækur og allt sem hægt var að gera til að auðvelda tjáskiptin. Hún segir að það hafi komið þeim á óvart hve vel þeim miðar öllum áfram með íslenskunámið. „Það sem er svo skemmtilegt er að við höfum líka lært heilmargt af þeim. Til dæmis ætla þær að kenna okkur að elda arabískan mat. Þær hafa mikla sjálfsbjargarviðleitni enda hafa þær lifað margt. Frumkvæði þeirra er aðdáunarvert og þær hafa ríka þörf fyrir að gefa á móti,“ segir Anna Lára.

Hún segir að óánægjuraddir hafi koðnað niður fljótlega eftir að bæjarbúum var skýrt frá því hvernig aðstæður voru í flóttamannabúðunum og að fólkið sem kom til Akranes hafi alls ekki getað dvalið áfram á sínum heimaslóðum nema hætta lífi sínu. „Í umræðunni í vor voru einhverjir sem töldu að verið væri að sólunda fjármunum og það ætti að hjálpa fólki þar sem það væri búsett. Fólk sá hins vegar fljótt að það var engin leið. Þú ferð ekki með neinar milljónir og hjálpar fólki í tjaldi í



Það sem er svo skemmtilegt er að við höfum líka lært heilmargt af þeim. Til dæmis ætla þær að kenna okkur að elda arabískan mat. Þær hafa mikla sjálfsbjargarviðleitni enda hafa þær lifað margt.

eyðimörk. Sá valkostur var ekki raunverulegur.“



VATNSSKORTURINN VERÐUR Vatnið kláraðist fljótt og marga daga var ekkert vatn til. Þessi tankur geymdi vatnið en þegar hann var orðinn tómur fóru flóttamennirnir í hættuför út á veg að betla sér vatn.



ERFIÐ BIÐ Krakkarnir í flóttamannabúðunum Al Waleed vita ekki hvort eða hvenær þeir komast burt úr eyðimörkinni. MYND/UNHCR



ENGIN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA Í búðunum er enginn sem getur aðstoðað sjúka og því þurfa þeir sem þurfa lækniþjónustu að fara um 150 kílómetra vegalengd til lækis. Flestir draga það því sé leið er mjög hættuleg og ekki víst að ferðalangar snúi aftur. MYND/UNHCR



FRIIS/DIA

Áttu varasjóð á öruggum stað?

VR varasjóður er bakland þegar á reynir. Nú hefur VR greitt um 450 milljónir inn í varasjóðinn, fjármuni sem hægt er að ráðstafa m.a. í lækniskostnað, líkamsrækt, orlof eða til að takast á við áföll eins og heilsubrest og atvinnumissi.

Kynntu þér málið og skoðuðu þína réttindainneign í VR varasjóði á [Mínum síðum á www.vr.is](http://Minum.sidum.a.www.vr.is)

Tekizt á um framtíð NATO

Er Atlantshafsbandalagið á villigötum með stríðsrekstri af því tagi sem það stendur nú í austur í Afganistan? Á það frekar að einbeita sér að hefðbundnum vörnum aðildarríkjanna? Á 60 ára afmælisleiðtogafundi NATO er tekizt á um þetta, skrifar *Auðunn Arnórsson*.

Leiðtogar hinna 28 aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins eru nú saman komnir í Strassborg við Rín til að fagna sextíu ára afmæli bandalagsins.

Þessi afmælisfundur leiðtoganna fer reyndar fram báðum megin Rínarfljóts, það er báðum megin landamæra Frakklands og Þýskalands. Er það gert til að leggja áherzlu á þann árangur sem bandalagið hefur náð í að tryggja frið í Evrópu. Um aldir var Elsass-hérað, hvers höfuðborg Strassborg er, bitbein sem tekizt var á um í stríðum milli Þjóðverja og Frakka. Nú hefur ríkt friður á þessum gömlu vígstöðum í meira en sextíu ár.

Táknrænt staðarval

Það má líka segja að þetta staðarval afmælisfundarins sé til að hnykkja á því að sá frasi sem á tímum kalda stríðsins var gjarnan hafður eftir til að lýsa tilgangi NATO sé nú endanlega úreltur: samkvæmt þessum frasa var tilgangur bandalagsins að „halda Rússum úti, Könum inni og Þjóðverjum niðri“.

Staðarvalið gefur einnig Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta tækifæri til að fylgja á heimavettvangi eftir ákvörðuninni um að Frakkar gangi aftur til liðs við herstjórnarkerfi NATO eftir 43 ára fjarveru. Þessi ákvörðun er almennt túlkuð þannig að Frakkar gefi með henni upp á bátinn tilraunir sínar til að gera varnarsamstarf í nafni Evrópusambandsins að alvöru keppinaut við NATO; með öðrum orðum: Frakkar hætti að reyna að stofna til meginlands-evrópsks varnarsamstarfs þar sem Frakkar hefðu forystuhlutverki að gegna en Bandaríkjamenn engu.

Obama lætur ljós sitt skína

Fundurinn gefur hinum nýja forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, tækifæri til að koma nýjum áherzlum sínum varðandi stríðsreksturinn í Afganistan milliliðalaust á framfæri við hina NATO-leiðtogana.

Geta NATO til að ná áþreifanlegum árangri í því verkefni sem það sinnir nú í Afganistan er álitin ein helsta þróunin á mátt bandalagsins og vægi.

NATO hefur nú þegar misst mikil af mikilvægi sínu sem vettvangur stefnumótunar milli Evrópu og Bandaríkjanna. Heimskreppan er mál G20-hópsins, valinn hópur sex ríkja fæst við hættuna af kjarnorkuvígvæðingu Írans, öryggi orkusölu frá Rússlandi á Evrópusambandið betra með að annast, og söfnun leyniþjónustuupplýsinga í tengslum við varnir gegn hryðjuverka-ógninni er skipulögð tvíhliða milli ríkja, án aðkomu NATO. „Hernaðaradgerðir eru orðnar okkar tilvistarréttlætning [raison d'être],“ hefur The Economist eftir ónafngreindum háttsettum manni í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Hann umorðar þetta líka svo: „Ég stunda hernaðaríhlutun, þess vegna er ég.“

Í þessa stöðu er bandalagið komið í framhaldi af þeirri stefnu sem tekin var á tíunda áratugnum, sem var orðuð í frasanum „utan svæðis eða verkefnaless“ („out of area or out of business“). Með þessu var átt við að breytti NATO ekki frá því að vera einönglu hefðbundið landvarnarsbandalag, eftir að kalda stríðinu var lokið, og beindi hernaðarmætti sínum í stað þess að því að stilla til friðar á áttaksvæðum „utan svæðis“, þ.e. utan lögsögu aðildarríkjanna sjálfra, þá stefndi það í að úreltast.

Í stríð „fyrir slysi“

Þegar hernaðarmætti NATO var beitt til að hrekja serbneska herinn frá Kosovo árið



ATHYGLIN Á OBAMA Angela Merkel kanslari, Barack Obama forseti, Michelle Obama og Joachim Sauer, eiginmaður Merkel, í Baden-Baden í Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

1999 renndu fáir í grun að hermenn NATO yrðu innan fárra ára farnir að berjast austur við rætur Hindúkush-fjalla. Það má reyndar segja að NATO hafi ratað í mestu hernaðarátök sögu sinnar nærri því fyrir slysi. Þegar flugrásarsárásirnar voru framdar á Bandaríkin í september 2001 virkjuðu aðildarríki NATO 5. greinina í fyrsta sinn – það er þá grein Atlantshafssáttmálans sem kveður á um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll. En þáverandi ráðamenn í Washington kærðu sig ekki um að starfsreglur varnarsambandsins flæktu þær aðgerðir sem þeir töldu rétt að ráðast í. Þess í stað handvöldu þeir ákveðna þætti úr því sem hernaðarmáttur bandalagsins byggist á og notuðu til að hrekja stjórn talibana frá völdum í Afganistan. Það var ekki fyrr en síðar, þegar athygli Bandaríkjamanna beindist að Írak, sem NATO tók formlega yfir stjórn íhlutunarinnar í Afganistan. Skæruhernaður talibana hefur orðið skæðari með hverju árinu síðan. Obama Bandaríkjaforseti segir NATO ekki vera að vinna þetta stríð og hefur boðað mikla fjölgun í bandaríska herliðinu. Hann vill að evrópsku bandamennirnir leggi líka meira af mörkum; trúverðugleiki bandalagsins og jafnvel sjálf framtíð þess sé í húfi.

Tvenns konar klofningur

Ágreiningur um Afganistan-verkefnið hefur opinberað tvenns konar innri klofning í bandalaginu. Fyrsta klofningsslínan liggur milli þeirra sem telja það þjóna tilgangi að halda áfram að mæta talibönum með hernaðarmætti – í þessum hópi eru aðallega Bandaríkin, Kanada, Bretland, Holland og Pólland – og allra hinna aðildarríkjanna. Hin klofningsslínan liggur jafnvel á milli „vígfúsustu“ ríkjanna, þar sem einn ríkjahópur telur að „hnattrænt heilagt stríð“ íslamskra öfgamanna sé

Gamlar ógnir, nýjar áskoranir fyrir NATO

NATO á sextíu ára afmæli um þessar mundir. Á fundi sem haldinn er í Frakklandi og Þýskalandi verður þess freistað að endurskilgreina hlutverk bandalagsins. Einnig verður tekið á fjölmörgum málum sem snúa að framtíðarstækkunaráformum, samskiptum við Rússland, eldflaugavörnum, orkuöryggi, sjóránum, glæpum á netinu og stríðinu í Afganistan.

1. ALBANÍA / 2. KRÓATÍA

Báðum löndunum verður veitt innganga í NATO á fundinum.

3. FRAKKLAND

Verður aðili að herstjórnarkerfi NATO á ný eftir 43 ára fjarveru.

4. MAKEDÓNÍA

Grikkland beitir neitunarvaldi til að hindra inngöngu Makedóníu, vegna ágreinings um nafngift landsins.

5. BOSNÍA / 6. SVARTFJALLALAND


Bæði lönd vonast eftir að verða boðin áætlun um aðildarundirbúning – vegvisi að fullri innöngu í NATO.

7. KOSOVO

NATO fer fyrir tíu ára friðargæsluástandi sem telur nú um 15.000 hermenn.

8. SERBÍA

Sæst ekki eftir inngöngu eftir að NATO tók undir sjálfstæðisfyrirlyngingum Kosovo.



9. RÚSSLAND

Í ljósi batnandi samskipta við NATO leyfa Rússar nú birgðaflytninga um yfirráðasvæði sitt til herliðsins í Afganistan.

10. ELDFLAUGAVARNIR

Bandaríkin endurskoða ef til vill áætlunir um eldflaugavarnir í Evrópu, sem Rússar mótmæla harðlega.

11. ÚKRAÍNA/ 12. GEORGÍA

Sækjast bæði eftir inngöngu í NATO en nálægðin við Rússland gæti varnað þeim að verða boðin áætlun um aðildarundirbúning.

13. AFGANISTAN

Bandaríkin bregðast við auknum ófriði með því að senda viðbótarherla við 55.000 manna setulið, auk þess að kanna önnur úrræði.

14. SÓMALÍA

NATO sker upp aðra herör gegn sjóránum við Adenflóa.

© GRAPHIC NEWS

mesta ógnin sem NATO verði að einbeita sér að; hinn hópurinn telur aftur á móti að endurvakin hernaðarhyggja í Rússlandi sé mesta ógnin sem NATO megi ekki trassa að mæta með viðeigandi hætti.

Híð stutta stríð milli Rússa og Georgíumanna í fyrrasumar vakti upp umræðu um það hversu langt „út fyrir svæði“ NATO eigi að teygja sig. Og að hve miklu leyti bandalagið eigi að beina sjónum

sínum að Rússlandi í stað „ósamhverfra“ ógna á borð við hryðjuverkaöfl.

Endurmat forgangsröðunar

Það hefur enginn – enn sem komið er að minnsta kosti – lagt til að NATO hætti öllum afskiptum af Afganistan. Og tónninn sem hefur verið sleginn í samskiptum Obama-stjórnarinnar vestra við ráðamenn í Kreml lofar góðu um að þau samskipti verði mun upp-

byggilegri en tilfellið var síðustu misseri Bush-stjórnarinnar.

En sérstaklega fyrrverandi austantjaldslöndin innan bandalagsins vilja að meiri athygli sé beint að hefðbundnu landvarnarsöryggi þeirra. Því er gjarnan hvíslað að þessar þjóðir hafi gengið í NATO til að komast í öruggt skjól undan Rússum, ekki til að standa í stríði við Afgana.

Jafnvel gamlir og tryggir bandamenn Bandaríkjamanna á



Á VAKT VIÐ HINDUKUSH Áhöfn bandarískra herjeppa á vakt við veg í Nuristan-sýslu í Afganistan í gær. Hjálparstofnanir vörðuðu við því að fyrirhuguð fjölgun bandarískra hermanna í Afganistan myndi sennilega leiða til fleiri dauðsfalla meðal óbreyttra borgara.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

→ ANDERS FOGH Í FRAMKVÆMDARSTJÓRAN

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, staðfesti í gær að hann gæfi kost á sér til að taka við embætti framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Þar með batt hann enda á vangaveltur sem staðið hafa yfir vikum saman. Þar sem Fogh virðist vera án keppinauta um hið áhrifamikla embætti hafa líkur aukist til muna á því að hann verði formlega útnefndur arftaki Hollendingins Jaap de Hoop Scheffer á afmælisleiðtogafundi NATO í Strassborg í dag.

Það sem helst stendur í vegi fyrir því er að ráðamenn í Tyrklandi eru ósáttir við framboð hans. Er þá óánægju Tyrkja að rekja til þess er hann neitaði í nafni tjáningarfrelsis að beita ríkisvaldinu til að banna birtingu skopteikninga af Múhameð, spámanni múslima, í dönsku dagblaði, og neitaði að biðja múslima heims afsökunar á að hið danska dagblað skyldi hafa birt teikningarnar. Þá er Tyrkjum einnig uppsígað við Fogh fyrir að hann skyldi



ANDERS FOGH RASMUSSEN

ekki vilja verða við beiðni Tyrklandsstjórnar um að banna útsendingar kúrdískrar útlagasjónvarpsstöðvar frá Danmörku. Í þriðja lagi eru Tyrkir ósáttir við að Fogh skuli hafa gagnrýnt horfur á að Tyrkir fengju aðild að Evrópusambandinu.

Vangaveltuvélin um valið á eftirmanni Jaap de Hoop Scheffers bendir líka á að val Foghs í embætti kynni að falla illa í kramið í Kreml og þannig ekki vera til þess fallið að hjálpa til við að bæta samskipti NATO við Rússa. Ástæðu þess er að rekja til þess að Fogh neitaði að framselja tétenskan uppreisnarmann, sem sótti ráðstefnu í Kaupmannahöfn haustið 2002. Vladímír Pútín, núverandi forsætisráðherra Rússlands og þáverandi forseti, brást við með því að aflýsa áformaðri heimsókn til Kaupmannahafnar, þar sem til stóð að hann mætti á leiðtogafund ESB. Sá fundur var því færður til Brussel.

borð við Norðmenn telja að það sé kominn tími til að endurmeta forgangsröðunina. „NATO virðist í augum almennings vera stofnun sem tekur syni okkar og sendir þá til Afganistans,“ hefur The Economist eftir Espen Barth Eide, aðstoðarvarnarmálaráðherra Noregs. Að beina meiri athygli að verkefnum á og nær heimavelli gæti bætt tengsl NATO við hinn almenna borgara í Evrópu, og aukið í framhaldinu stuðning við verkefni „utan svæðis“, að mati Barths Eide.

Slíkir „ný-hefðarsinnar“ vilja að stefnumótendur í hernaðarhöfuðstöðvum NATO í Belgíu, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers Europe), setji saman trúverðugar áætlanir um varnir landamæra Evrópu og loft- og hafsvæðanna í kring.

Norðurslóðamáli á dagskrá?

Norðmenn, ásamt Íslendingum, Dönum og fleiri bandalagsþjóðum með hagsmuni í Norðurhöfum, eru mjög áfram um að slíkar áætlanir séu til fyrir norðurslóðir, þar sem ísbráðnun, hugsanleg opnun nýrra skipaleiða og aðgengi að olíu- og gasindum kalla á grundvallarendurmat á hernaðarlegu mikilvægi þessa svæðis fyrir bandalagið í heild. Á NATO-þingi sem fram fór í Reykjavík í vetur kom fram mikill vilji til að NATO gæfi norðurslóðum meiri gaum. Athyglisvert verður að sjá hvort þess mun sjá merki í lokaályktun afmælisleiðtogafundarins í dag.

Sumir innan bandalagsins óttast að slíkar ályktanir myndu minna um of á „víglinur“ kalda stríðsins og yrðu af hálfu Rússa túlkaðar sem ögrun. Að mati Barths Eide eru slíkar áætlanir og heræfingar á grunni þeirra hins vegar til þess fallnar að hindra NATO í að bregðast of hart við ef til spennuástands skyldi koma.

Fjallað verður um jafnvægið milli verkefna NATO heima fyrir og „utan svæðis“ í „Ályktun um öryggi bandalagsins“ sem á að samþykkja á leiðtogafundinum í dag. Þessi ályktun á að skapa grunninn að betur útfærðri áætlun um varnarkerfi NATO sem síðan á að leggjast fyrir næsta leiðtogafund að ári.

Óbreytt aðdráttarafi

Rússneski forsetinn Dmítí Medvedev, sem Obama og fleiri af völdugustu NATO-leiðtogunum hittu á G20-fundinum í Lundúnum, varaði þá við því að opna á frekari stækkun NATO. Það fer ekkert á milli mála að með þessu er átt við að Rússar muni taka því mjög illa ef frekari skref skyldu verða stigin í átt að því að veita fyrirverandi Sovétlýðveldunum Úkraínu og Georgíu aðild að bandalaginu.

Hvað sem ákveðið verður í því efni þá mæta leiðtogar tveggja annarra fyrirverandi austurblokkarlanda, Albaníu og Króatíu, sem fulltrúar nýrra NATO-ríkja á leiðtogafundinn.

Viðvarandi aðsókn nýrra ríkja inn í bandalagið virðist því staðfesta að það er enn eitt af kjölfestusamtökum vestræns samstarfs, þótt hlutverk þess sé orðið óskýrara en það var í upphafi kalda stríðsins fyrir sex áratugum.

Til fyrrum viðskiptavina SPRON og Netbankans

Ágæti viðskiptavinar

Fjármálaeftirlitið yfirtók SPRON vegna fjárhagsörðugleika 21. mars 2009 og setti skilanevnd yfir rekstur SPRON. Samhliða yfirtökunni gerðu stjórnvöld samkomulag við Nýja Kaupþing um að innlánsreikningar fyrrum viðskiptavina SPRON og Netbankans færðust yfir til Nýja Kaupþings. Ég vil því bjóða fyrrum viðskiptavini SPRON innilega velkomna í hóp viðskiptavina Nýja Kaupþings.

Yfirfærsla innlánsreikninga tókst vonum fram

Starfsfólk Nýja Kaupþings hefur lagt nótt við nýtan dag til að tryggja að fyrrum viðskiptavinir SPRON og Netbankans verði sem minnst varir við þessa yfirfærslu. Það hefur tekist vonum fram. Nýir viðskiptavinir bankans hafa t.d. getað notað greiðslukort sín og haft fullan aðgang að netbönum. Þá hefur Nýja Kaupþing ráðið til sín um tuttugu fyrrum starfsmenn SPRON.

Ákvörðun skilanevndar SPRON

Til að tryggja viðskiptavinum heildstæða þjónustu lagði Nýja Kaupþing áherslu á að fá einnig að þjónusta þau útlán sem SPRON og Netbankinn höfðu veitt viðskiptavinum sínum. Til að sinna útlánaþjónustu þarf aðgang að ákveðnum upplýsingakerfum. Því miður hafnaði skilanevnd SPRON beiðni Nýja Kaupþings um slíkan aðgang en gerði þjónustusamning vegna útlána við þriðja aðila. Við í Nýja Kaupþingi teljum þetta miður og hörmum að ákvörðun hafi ekki verið tekin með heildarhagsmuni fyrrum viðskiptavina SPRON og Netbankans að leiðarljósi.

Meginmarkmið okkar er að tryggja rétt til eðlilegra bankaviðskipta

Nýja Kaupþing hefur lagt kapp á að finna farsæla lausn með stjórnvöldum. Það er meginmarkmið okkar að nýjum viðskiptavinum Nýja Kaupþings verði tryggður réttur til eðlilegra bankaviðskipta og þeir verði fyrir sem minnstum óþægindum vegna breyttra aðstæðna á íslenskum fjármálamarkaði.

Reykjavík, 4. apríl 2009

Með góðri kveðju,

Finnur Sveinbjörnsson,
bankastjóri Nýja Kaupþings banka



HELGI GUNNLAUGSSON Prófessorinn telur óheilbrigt að næstum sé bannað að ræða kosti og galla löggjafar, sem virðist ekki skila miklum árangri. Hann hvetur til þess að sem flestir möguleikar verði skoðaðir, en að farið sé með ýrtruðu gát þegar ákvörðun er tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Margt neikvætt fylgir banninu

Lögreglan hefur lagt hald á þúsundir kannabisplantna á árinu og ljóst að einhver spurn er eftir þeim. Viðskiptin fara öll fram í undirheimum þar sem ofbeldi tíðkast og harðari efni fást. **Helgi Gunnlaugsson**, prófessor í afbrotafræði, segir í samtali við **Klemens Ólaf Þrastarson** að stjórnvöld þurfi að íhuga stefnu sína í vímuefnamálum hverju sinni, og fordómalaust.

Kannabisræktun virðist í miklum vexti hér á landi, miðað við að lögreglan finnur nokkur slík gróðurhús í viku hverri. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafræði við Háskóla Íslands, telur þetta benda til að spurn eftir þessum vímuefnum hljóti einnig að vera töluverð. Dýrara sé að kaupa innflutta vöru en áður og erfitt að verða sér úti um gjaldeyri til að kaupa hass erlendis. Því fari fólk út í innlenda framleiðslu.

Fréttablaðið spurði Helga hvernig hann teldi að bregðast ætti við því sem virðist vera mikil neysla og mikill hvati til lögbrot, en hann gaf út bók í fyrra þar sem segir meðal annars að hertar aðgerðir virðist ekki slá á neyslu þessara efna og að „afglæpun“ á neyslu kannabisefna erlendis hafi heldur ekki ýtt undir notkunina þar. Vímuefni séu hluti samfélagsins, hvort sem fólk líki betur eða verr. Nauðsynlegt sé að borgararnir taki upplýstar ákvarðanir um þessa neyslu og að reynt sé að draga úr áhættu hegðun ungmenna, í stað þess



Vímuefni eru hluti samfélagsins hvort sem fólk líkar betur eða verr.

að lýsa yfir stríði á hendur þeim. Helgi telur að neysla á fíkniefnum eigi ekki endilega heima innan refsilöggjafarinnar. Hún virðist frekar vera félags- og heilbrigðismál.

Reynsla Hollands og Ameríku

„Við höfum reynsluna frá Bandaríkjunum þar sem um fimmtán ríki breyttu lögum um neyslu kannabisefna milli 1970 og 1980, þannig að neytendur fóru ekki á sakaskrá. Þá varðaði þetta ekki lengur við refsilög, heldur var gert að minni háttar broti, sem var sektað fyrir eins og fyrir umferðarlagabrot eða slíkt. Þessi afglæpun hafði ekki áhrif á neyslu þessara efna. Hún jókst ekki sérstaklega, heldur þróaðist með sama hætti og í öðrum ríkjum,“ segir Helgi og bætir við að í Hollandi séu kannabisefni ekki lögleg, heldur sé neysla þeirra bundin skilyrðum og við ákveðna sölustaði. Fá lönd uppræti til að mynda jafn mikið af ólöglegum fíkniefnum og Holland.

„Það sem kemur í ljós þar er að það er hugsanlegt að heldur fleiri hafi einhvern tíma prófað þessi efni en í öðrum löndum. Ef við tökum hins vegar vananeytendur eða misneytendur er lítið sem bendir til þess að Holland standi síður en önnur lönd, heldur jafnvel þvert á móti. Áhættuþættirnir og misnotkunin fara eftir einhverju öðru en löggjöfinni,“ segir Helgi. Að hans sögn eru áherslubreytingar víða í Evrópu í þessum málum. Lögreglan dragi úr því að eltast við neytendur og veikari efni. Hún einblíni frekar á sölu harðari efna.

Bann getur klofið samfélagið

Spurningin um lögleiðingu kannabisefna er pólitísk og afar viðkvæm, segir Helgi, og erfitt að svara henni án þess að vita nákvæmlega við hvað sé átt; hvernig eigi að framkvæma slíka lögleiðingu.

„Menn verða að skoða þetta í mikilli yfirvegum og íhuga ólíkar

Nýr skattstofn?

Hátt í sjöunda þúsund manna hafa skráð sig í nýjan þrýstihóp, sem kallast Lögleiðum kannabis og skattleggjum neysluna. Hópurinn telur að með því að koma böndum á fjárhagslega veltu af sölu kannabisefna, og skattleggja hagnaðinn, megi meðal annars styrkja heilbrigðiskerfið myndarlega. „Björgum fjárhag heilbrigðiskerfisins, lögreglunnar og fangelsismálastofnunar og hættum að henda fjármunum út um gluggann. Lögleiðum kannabis og skattleggjum neysluna,“ segir á Facebook-síðu hópsins.



leiðir, út frá því hvað er í húfi. Við lögleiðingu má búast við að þessi mál komi meira upp á yfirborðið, sem gæti verið jákvætt. Í dag eru þessir einstaklingar í felum. Með ríkjandi stefnu eignum við á hættu að yta þessum hópum út í jaðar samfélagsins og þar grasserar ýmslegt sem við vitum ekkert af og fáum kannski í bakið á okkur síðar. Þessu fylgja afbrot og ofbeldi og fleira. Þar er til dæmis verið að bítast um sölu-svæði og ef þú telur þig hlunnfarinn er hringt í handrúkkara og slíkt. Svo er engin neytendavörn. Það eru fleiri neikvæðir fylgifyiskar bannstefnunnar og með lögleiðingu myndum við vissulega draga úr þeim. Hins vegar ber að fara mjög varlega í þeim efnum.“

Lögleiðing leiðir til meiri neyslu

„Síðan er spurningin um mat á skaðsemi. Það er búið að sýna fram á að kannabisefni eru skaðleg og að einstaklingar fari illa út úr ofneyslu. En spurningin er hversu mikil skaðsemi sé, til dæmis í samanburði við tóbak og áfengi.

Við lögleiðingu er einnig hætt á að fleiri einstaklingar neyti þessara efna og misnoti þau og það viljum við vita-skuld ekki sjá. Aukin notkun er þó ekki alveg sjálfgefin, eins og framangreint dæmi frá Hollandi sýnir,“ segir Helgi.

Engin einföld svör séu við þessum spurningum.

Fræðsla frekar en uppræting

Helgi telur að fræðsla og forvarnir geti gert meira gagn en bannstefnan. Ekki sé raunhæft að uppræta efnin, heldur eigi að leita leiða til að einstaklingar fari sér ekki að voða við neyslu þeirra.

„Opinbera stefnan er sú að engin svona neysla eigi að vera í samfélaginu og það er nánast tabú að ræða um hana. En þessi efni eru þarna og það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því. Með leiðbeiningum getum við jafnvel dregið úr skaðsemi þeirra. Þetta er spurning um hvaða skilaboðum við getum komið til neytendanna.“

Um útbreiðslu kannabisefna tekur hann dæmi af um hundrað manna hópum nemenda sinna í Háskólanum. Hann spyrji þá öðru hvoru hvort erfitt sé að nálgast þessi efni. Yfirgnæfandi meirihluti nemanna rétti upp hönd og segi að það sé litlum vandkvæðum bundið.

„Það er því tímabært að kanna vel hversu mikil þessi neysla er meðal fullorðinna, því við vitum ekki nægilega mikið um það. Maður hefur á tilfinningunni að það sé mikið af efnunum í umferð en að það sé um leið bannað að ræða hvað beri að varast.“

Áfengissérsvæitir lögreglu

Ísland stefnir í sama farveg og Bandaríkin í fangelsismálum, hvað varðar þróun og fjölda fanga sem sitja inni fyrir innflutning og sölu efnanna, segir Helgi. Um helmingur fanga þar afpláni vegna fíkniefnabrot.

„Nú er hlutfall fíkniefnafanga komið í um þriðjung hér á landi, en fyrir fimmtán árum voru þeir undir tíu prósentum. Landslagið í löggæslu- og réttarvörslukostnaði er því talsvert breytt.“

Hann rifjar upp ástand mála á áfengisbannárunum. „Litla-Hraun var stofnað 1929 og þá voru fimm, sex ár eftir af bannárunum. Þá sat helmingur fanga inni fyrir áfengislagabrot og við erum á leiðinni í sömu átt með fíkniefnabrotin,“ segir hann. Þá hafi verið starfræktar á Íslandi áfengissérsvæitir lögreglu sem unnu gegn framleiðslu, smygli og dreifingu áfengis.

Áfengi var bannað hér á landi árið 1915, en sala léttvína leyfð að nýju árið 1922. Annað áfengi, fyrir utan bjór, var svo leyft aftur árið 1935. Bjórinn var ólöglegur allt til ársins 1989.



HELGARFERÐ Í SMÁRALIND FYRIR PÁSKANA

Betra verð
en í þekktustu
verslunarborgum
heims

ENGINN GJALDEYRI

ALLTAF 23 STIGA HITI

Helgarferð sem borgar sig

Helgarferðarstemningin er nú allsráðandi í Smáralind. Verðlagið og hitastigið gerist ekki betra í helstu verslunarborgum heims og við höfum okkar eigin Effeiltur sem er 5 m hár og byggður úr rúmlega 300 eldspýtum. Hvergi nema í Smáralind býðst þér að taka þátt í páskaleik Smáralindar, Nóa Síriusar og Iceland Express. Þú gætir unnið ferð fyrir 2 til Evrópu, gjafakort í Smáralind eða gómsætt páskaegg.

Kíktu líka í Gossip, nýju tískuvörverslunina sem var að opna á 2. hæð.



OPIÐ TIL KL.
18 Í KVÖLD

Páskaleikur Smáralindar, Nóa Síriusar og Iceland Express
25. mars – 7. apríl.

Taktu þátt í skemmtilegum páskaleik með því að fylla út þáttökuseðil, festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við hann og setja í þáttökukassann. Vinningar verða dregnir út 3., 6. og 7. apríl.

 Smáralind

Alltaf hægt að gera enn betur

Dr. John B. Vander Sande tók nýlega við stöðu konrektors við Háskólann í Reykjavík. *Kjartan Guðmundsson* hitti doktorinn góða og **Marie**, eiginkonu hans og aðstoðarmanneskju, og ræddi við þau um nýja starfið og upplifun þeirra af Íslandi.

Víð erum bæði mjög ánægð með að fá tækifæri til að vinna með ungum háskóla á uppleið og hjálpa til við aukna framþróun. Starfsfólk skólans vinnur hörðum höndum að þessu markmiði, og það er greinilega ekki unnið minna hér en í MIT (Massachusetts Institute for Technology) þar sem ég hef unnið meirihlutann af ferlinum. Við fáum iðulega símtöl á kvöldin og tölvupósta á næturna, því hér eru allir svo áhugasamir," segir dr. John B. Vander Sande, doktor í verkfræði og nýr konrektor Háskólans í Reykjavík (HR).

Skilgreint hlutverk Johns innan skólans er að efla enn frekar akademíska uppbyggingu HR og gera skólann þannig betur í stakk búinn til að láta til sín taka í framtíðinni. Marie, eiginkona Johns til 37 ára, starfar sem aðstoðarmanneskja hans í HR, þrátt fyrir að gegna ekki opinberri stöðu hjá skólanum. „Reynsla mín gegnir líka hlutverki hér í HR, en skólinn fær mig frítt með í kaupbæti," segir Marie og hlær.

Svafa mjög sannfærandi

John fæddist í Baltimore í Maryland-ríki árið 1944 og útskrifaðist sem doktor í verkfræði frá Northwestern-háskólanum í Chicago. Hann hefur gegnt starfi prófessors við MIT síðan 1971, var aðstoðardeildarforseti verkfræðideildar skólans í sjö ár og starfandi deildarforseti í tvö ár. John gegndi einnig stöðu formanns mennta- nefndar verkfræðideildarinnar, en sú nefnd ber mikla ábyrgð á grunn- og framhaldsstigi.

Stór ástæða fyrir ráðningu Johns til HR er sú mikla alþjóðlega reynsla sem hann býr yfir. Hann lék stórt hlutverk í upphafi samstarfssamnings MIT við tvo háskóla í Singapúr, þar sem MIT hefur rekið nokkurs konar útibú í allmörg ár. John var einnig fyrsti forstöðumaður Cambridge-MIT stofnunarinnar, sem er stórt samstarfsverkefni milli Cambridge-háskólans í Englandi og MIT.

Kynni Johns og Marie af HR hófust þegar skólinn, í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð, gerðist aðili að iðnaðarsamstarfsverkefni

MIT (Industrial Liasion Program – ILP) árið 2007. ILP þjónar tilgangi snertiflatar MIT og viðskiptaheimsins, eða fyrirtækja og stofnana sem kjósa að nýta sér þá viðamiklu rannsóknarvinnu og kennslu sem MIT býður upp á. Í kjölfar samstarfssamnings HR og ILP heimsóttu Svafa Grönfeldt, rektor HR, og Gunnar Tómasson, deildarforseti Tækni- og verkfræðideildar skólans, MIT og eyddu nokkrum dögum í að ræða við ýmsa aðila innan MIT um starfsemi skólanna tveggja í viðum skilningi. John segir að þessi ferð þeirra Svöfu og Gunnars hafi í raun verið farin í þeim tilgangi að leita að starfskröftum sem gætu nýst HR, þótt sá hafi ekki verið opinber tilgangur ferðarinnar.

„Þau voru á höttunum eftir fólki sem byggir yfir þeirri reynslu og þess háttar persónuleika sem gæti gagnast bæði HR og MIT," segir John. „Án þess að ég vilji hljóma of montinn þá trúir ég því að ég sé rétti maðurinn í það starf sem HR hafði í huga í ráða í. Ég hef mikla reynslu á þessu sviði og Svafa og Gunnar fræddu mig



HJÓN OG SAMSTARFSMENN John og Marie líkar lífið á Íslandi afar vel. Þau telja landið þarfnast öflugrar ímyndarvinnu á erlendra grund.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



heilmikið um starfsemi HR og þann styrkleika sem skólinn býr yfir. Ég og Marie urðum fljótlega mjög áhugasöm og þannig byrjaði það ferli sem skilaði okkur hingað til Íslands, í starf konrektors og aðstoðarmanns.“

HR og MIT, með þátttöku Johns, unnu saman að endurskipulagningu verkfræðinámsins í HR á vordögum 2008. Út frá því starfi myndast mikill vinskapur milli Svöfu og þeirra hjóna, en hún lagði að sögn Johns hart að honum að taka að sér stöðu konrektors. „Ég hef ekki enn fundið aðferð til að segja nei við hana Svöfu vinkonu mína,“ segir John og skellir upp úr. „Hún er svo sannfærandi og full af ástríðu fyrir starfi sínu. Ég er ekki átján ára lengur og hef lifað tíma tvenna í þessum geira, en hún er bara þannig gerð að maður vill allt fyrir hana gera.“

Nýjar reglur og aðferðir

Verkefni starfandi konrektors fela meðal annars í sér stefnumótun,

mikilvægum málum af meiri kostgæfni. Ég hef verið í starfinu í rúmlega tvo mánuði og sá tími hefur reynst vel sem eins konar reynslutímabil, og deildarforsetarnir þurfa til að mynda að venjast því að hafa einn stjórnanda til viðbótar við rektorinn. Ég mun eyða miklum tíma í að hanna nýjar reglur og aðferðir, og ætla mér að ganga hratt og vel til verks. Þegar betur fer að ára í samfélaginu verður að tryggja að skólinn sé í stakk búinn fyrir nýja tíma. HR er ungur háskóli sem er sterkur á mörgum sviðum, en það er alltaf möguleiki að gera enn betur.“

Ísland þarfnast ímyndarvinnu

Í ljósi efnahagshrunsins spyr blaðamaður hvort það hafi ekki vaxið þeim hjónum í augum að flytjast, að hluta til hið minnsta, til Íslands og þeirrar óvissu sem ríkir í þjóðfélaginu. Hjónin svara því neitandi. „Hingað til höfum við aðallega fylgst með þessum atburðum úr fjarlægð og erum því

við Íslendingar hafi ekki þurft að kljást við slíkt ástand fyrr. En við finnum fyrir mikilli jákvæðni allt í kringum okkur, til dæmis þegar við ferðumst um í leigubílum eða förum út að borða á veitingastaði sem eru fullir af fólki,“ segir John. „Og það eru ekki bara útlendingar sem borða á þessum stöðum,“ bætir Marie við.

„Leigubílaferðir eru reyndar mjög mikilvæg upplýsingaveita í hverju landi,“ segir John. „Þegar ég verð forsætisráðherra Íslands ætla ég að senda alla leigubílstjóra á námskeið í sögu og menningu landsins. Eða kannski ættu leigubílstjórnir frekar að uppfæra forsætisráðherrann,“ segir John og hlær.

„En að öllu gamni slepptu þá tel ég, án þess að þykjast vera sérfræðingur í þessum málum, að það verði nokkuð langur tími þar til efnahagslífið nær sér á strik. Líklega heil kynslóð. Það breytir því ekki að Ísland býr yfir mörgum tækifærum og gríðarlegum auð-

MIKIL HEPPNI AÐ FÁ JOHN TIL STARFA

„Það var mikil heppni fyrir okkur að fá John til starfa,“ segir Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík.

„Við höfum unnið að því að efla mjög akademíska uppbyggingu HR á undanföllum árum. Ráðning hans er liður í að flyta þeirri uppbyggingu, því á næstu árum munu háskólarnir gegna enn þýðingameiri stöðu í samfélaginu en verið hefur. Við vildum ekki slá þessu á frest eða hætta við þetta, vegna þess að nú fremur en nokkru sinni fyrr þurfa skólarnir að efla akademískan styrk sinn,“ segir Svafa.

Hún segir John hafa allt til að bera í starf konrektors. „Hann kemur hingað með þekkingu og reynslu sem við höfum ekki. John vann með okkur að því að byggja upp verkfræðideildina síðastliðið vor og er vel inni í íslensku menntakerfi og meðvitaður um stöðu okkar.“



Menntun er jafn mikilvæg á Íslandi nú og fyrir hrúnið, ef ekki enn mikilvægari. Það þarf að ganga úr skugga um að þeir mörgu sem eru að missa atvinnuna um þessar mundir eigi kost á frekari menntun ef þeir kjósa svo.

þróun aðgerðaáætla, uppbyggingu innviða, eflingu rannsókna og framþróun námsins í HR. Auk þess hefur konrektor yfirumsjón yfir leiðsögn við deildarforseta, rektor og akademíska starfsmenn, uppbyggingu á sterku starfslíði, eflingu alþjóðlegra tengsla og innra og ytra mati á rannsóknum og námi við skólann.

„Rektorsstarfið er mjög umfangsmikið og tímafrekt. Með tilkomu konrektors ætti rektorinn að hafa meiri tíma til að sinna

eins langt frá því að vera sérfræðingur í þessum málum og hugsast getur, ég vil ítreka það,“ segir John, „en ég verð að segja eins og er, ég finn ekki mikið fyrir þessu í daglegu lífi hér á Íslandi. Ég held líka að ástæða þess sé ekki sú að ég sé ónægur fyrir slíkum hlutum. Fólkið sem ég hef samskipti við daglega virkar fremur jákvætt og langt frá því að vera dauft í dálkinn. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að margir hafa misst vinnuna, og guði sé lof

lindum. Hversu mörg lönd myndu til dæmis ekki vilja vera í sporum Íslands þegar kemur að jarðorku. Landið er í svo einstakri aðstöðu hvað þetta varðar að það verður hreinlega að gera sér mat úr því,“ segir John.

„Það má heldur ekki vanmeta mikilvægi öflugrar ímyndarvinnu,“ bætir Marie við. „Við hjónin höfum nánast umbreytt í ferðaskrifstofu fyrir Íslands að undanförunu því við erum sífellt að tala um landið við alla sem

við hittum. Þegar við minnumst á hversu stórfenglegt okkur þykir land og þjóð og þessi miklu og athyglisverðu samskipti MIT og HR þá hvá nánast allir. Utan Íslands virðast flestir halda að eyjan hafi hreinlega sokkið í sæ og hér sé alls ekkert að gerast. Þetta er stórt vandamál sem við verðum öll að horfast í augu við og reyna að breyta. Ísland þarfnast þess meira nú en nokkru sinni fyrr,“ segir Marie.

Mikilvægi menntunar

John tekur fram að á tímum sem þessum megi mikilvægi menntunar alls ekki gleymast, þótt hart sé í ári. „Menntun er jafn mikilvæg á Íslandi nú og fyrir hrúnið, ef ekki enn mikilvægari. Það þarf að ganga úr skugga um að þeir mörgu sem eru að missa atvinnuna um þessar mundir eigi kost á frekari menntun ef þeir kjósa svo. Ég er ekki að segja að allir þurfi að fara í háskóla, en ef fólk hefur til dæmis

ekki lokið menntaskólaprófi á að leita allra leiða til að gera því það kleift. Hið sama gildir ef fólk vill bæta við mastersgráðum. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að þetta er ekki einfalt verkefni, en það er engu að síður bráðnaðsynlegt. Ein af stærstu auðlindum landsins er þetta bráðgáfaða og nokkuð vel menntaða fólk sem það byggir. Það skiptir miklu máli að fjárfesta í þessu fólki.“

Ljóðskáld og listamenn

Að sögn Marie líkar þeim hjónum lífið á Íslandi afar vel. „Þetta er undraverður staður. Mennirnir eru sterkbyggðir og kvenfólkið svo fallett að það ætti í raun að vera fyrirmynd kvenna um allan heim. Okkur virðist sem allir Íslendingar séu ljóðskáld og listamenn inn við beinið. Það er list úti um allt, og landið sjálft er í raun risastórt listaverk. Það sjáum við bara með því að líta út um gluggann á skrifstofunni okkar.“

Dásemdardýrð

Fáðu þér flottan tónlistarsíma í næstu verslun Vodafone



Nokia 5800 XpressMusic

- 12.000 kr. inneign*
- 5 lög í tónlistarverslun Vodafone

5.500 kr.

á mánn. í 12 mánn.

*1.000 kr. á mánn. í 12 mánn.



Nokia 5310 XpressMusic

- 12.000 kr. inneign*
- 5 lög í tónlistarverslun Vodafone

3.000 kr.

á mánn. í 12 mánn.

*1.000 kr. á mánn. í 12 mánn.

Lifðu núna



vodafone

Uppbygging á Ásbrú



Við höfum unnið hörðum höndum að því að umbreyta ímynd svæðisins og þeim viðhorfum og væntingum sem fólk hefur til uppbyggingarinnar.



- Öryggissvæði
- Vatnstankur
- 4. Verne Global
- Gamla flugstöðin
- 11. Háskólavellir
- KADECO skrifstofur
- 8. Háskólavellir
- 12. Tómsundatorgjöð
- Verslunarkjarni
- 7. Fjörheimar
- Listasmiðjan
- 1. Keilir Aðalbygging
- 3. Virkjun
- Hjallaleikskólinn Völlur
- Spítali
- 10. Íþróttavellir
- Háaleitisskóli Grunnskóli og leikskóli
- N1 bensinstöð
- Andrews leikhúsið
- 6. Officera-klúbburinn
- 8. Detox
- 2. Eldey
- 5. Kvikmyndaver AFS
- Öryggissvæði
- Tæknigarðar

Úr varnarstöð í vísindasamfélag

Í kjölfar brotthvarfs varnarliðsins í september 2006 var ráðist í umbreytingu herstöðvarinnar á Reykjanesi til borgaralegra nota. Svæðið hefur hlotið nafnið **Ásbrú**. *Brjánn Jónasson* og *Kjartan Guðmundsson* kynntu sér stefnumótun og helstu framkvæmdir.

Eitt af því sem hefur einkennt þessa vinnu er að það hefur vantað sameiginlegt heiti yfir svæðið og þá þróun sem er að eiga sér stað hér. Fólk hefur til dæmis verið að tala um fyrrum varnarsvæðið, varnarsvæðið á Keflavíkflugvelli og síðan Keilir hóf starfsemi sína hafa margir talað um Keilissvæðið. Nýja nafnið, Ásbrú, kemur úr goðafræði og fer vel í munninn Íslendinga og jafnvel útlendinga líka, enda er eitt af því sem við horfum til að fá hingað erlenda fjárfestingu í stórum stíl á næstu árum,“ segir Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkflugvallar.



KJARTAN ÞÓR EIRÍKSSON

Félagið var stofnað síðla árs 2006 til að bregðast við brotthvarfi varnarliðsins, og hefur síðan þá unnið að stefnumótun fyrir þróunarsvæði sitt á Reykjanesi. Yfirlýst markmið er að vinna að þróun og umbreytingu þessarar fyrrum herstöðvar til borgaralegra nota. Að sögn Kjartans hefur starfið mikið til gengið út á að greina hvar helstu samkeppnisyrfirburðir svæðisins liggja. „Út frá þeirri vinnu höfum við unnið markvisst að stefnumótun á uppbyggingu á allt að sjö klösum, sem eiga það sameiginlegt að byggja á þessum samkeppnisyrfirburðum. Nú í upphafi leggjum við mesta áherslu á tvo slíka; Annars vegar orkutengda uppbyggingu og hins vegar heilsutengda uppbyggingu.“



LISTAMENN FRAMTÍÐARINNAR Ballettskóli Bryndísar Einarsdóttur er starfræktur á Ásbrúarsvæðinu.

Kjartan segir meginstefnuna við uppbyggingu og þróun svæðisins byggja á tveimur megin stöðum, tækifærum tengdum vel staðsetningu alþjóðaflugvelli á heimsvísu og tækifærum tengdum grænni orku. „Við höfum unnið hörðum höndum að því að umbreyta ímynd svæðisins og þeim viðhorfum og væntingum sem fólk hefur til uppbyggingarinnar. Liður í þeirri vinnu er að koma ákveðnum eignum í not og sýna fram á að hér sé að rísa samfélag sem styður við þá uppbyggingu sem hér á sér stað,“ segir Kjartan.

Hann segir verkefnið hafa gengið mun hraðar en væntingar stóðu til í byrjun. „Okkar upphaflegu áætlanir gerðu ráð fyrir að hægt væri að ná um það bil 1.700 íbúum inn á svæðið á fimm árum. Raunin er þó sú að einu og hálfu ári eftir að við fórum af stað voru íbúarnir orðnir 2.000 talsins. Samhliða því hefur byggst upp þjónusta. Reykjanesbær hefur byggt upp grunn- og leikskóla og verslanir

og veitingastaðir hafa risið. Öll sú þjónusta sem 2.000 manna samfélag þarf á að halda er veitt hér í dag. Auk þess eru fjöldi fyrirtækja og frumkvöðla að koma sér fyrir á svæðinu. Má þar nefna sem dæmi Gagnaver Verne, auk fjölmargra frumkvöðlafyrirtækja í frumkvöðlasetrinu Eldey.“

Kjartan segir að sá hluti Ásbrúar sem áður var herstöð Bandaríkjahers sé í raun orðinn að hverfi í Reykjanesbæ. „Öll okkar vinna hefur frá byrjun gengið út á að

horfa ekki bara á þetta hverfi heldur miklu frekar að horfa almennt á tækifærin í kringum flugvöllinn og Reykjanesið í heildina. Við viljum nýta okkur þau megintækifæri sem eru í boði til að byggja upp atvinnustarfsemi og laða fólk að svæðinu,“ segir Kjartan Þór Eiríksson.

Opinn dagur verður á Ásbrúarsvæðinu laugardaginn 25. apríl þar sem almenningi gefst kostur á kynna sér helstu atburði og starfsemi sem þar fara fram.

2009

MÍN BORG

ICELANDAIR 



NOVASCOTIA.COM
Shaped by the Sea

NOVA SCOTIA • CANADA

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

HALIFAX

Frá **24.800 kr.**

Elskulegt viðmót, notaleg borg,
skemmtanalíf, frábær matur, góðar verslanir,
sólríkir sumardagar, skemmtilegar ökuleiðir
og ótal útivistarmöguleikar.

Borgarlukkuleikurinn

TAKTU ÞÁTT!

Þú getur unnið flugferð fyrir tvo

Hver vann síðast?

Nafn vinningshafa síðustu helgar er birt í þessu blaði

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Vildarklúbbur

Flug til Halifax gefur 3.500–11.200 Vildarpunkta.



NOVASCOTIA.COM
Shaped by the Sea

Golf í Nova Scotia

Nova Scotia og þar með talið næsta nágrenni Halifax er sannkölluð paradís fyrir golfara. Í Nova Scotia eru meira en 60 golfvöllir opin almenningi (public golf courses), margir þeirra í undurfallegu umhverfi með fram ströndinni og henta bæði þeim sem eru að taka fyrstu skref sín í íþróttinni og snillingum í greininni. Ágætar upplýsingar um golf í Nova Scotia má fá t.d. á www.golfnovascotia.com



Oak Island Resort

45 MÍN. FRÁ HALIFAX

Þriggja náttu pakki á þessum skemmtilega stað rétt fyrir utan Halifax. Slökun, spa, siglingar og fleira spennandi í boði. Möguleiki á að bæta við aukanoðttum.

Oak Island Resort and Spa er huggulegt hótél þar sem margt er í boði. Spa, dekur og slökun, fallegt umhverfi, bátsferðir, kajakferðir og margt fleira. Nauðsynlegt er að hafa bíl þar sem Oak Island er í 45 mínútna akstursfjarlægð frá Halifax. Í nágrenni Oak Island er margt að sjá eins og Lunenburg, Mahone Bay, Peggys Cove og margt fleira.

Verð á mann í tvíþýli frá 52.900 kr. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur á Oak Island Resort and Spa og morgunverður.



MÍN



Ólafur Þorsteinsson



Reykjavík – Halifax
frá 24.800 kr.

Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flögið er 3 sinnum í viku.

Flug og gisting í 2 nætur
frá 48.900 kr.

á mann í tvíþýli á Citadel Halifax Hotel ***
Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.

HALIFAX

Borgarvirkið – Citadel

Þótt Halifax sé tiltölulega ung borg á evrópskan mælikvarða er hún fyrsta borgin, sem Bretar settu á stofn í Kanada, en það gerðist árið 1749. Borgin breiðir úr sér út frá endurgerðu Borgarvirkinu, efst á hæðinni fyrir ofan höfnina. Langi þig að fá innsýn í sögu Halifax ættir þú að bregða þér í Borgarvirkið á sólríku morgni.

Alls konar andlit

Íbúar Halifax, „Haligonians“ eins og þeir kalla sig á móðurmálinu, eru flestir af evrópskum uppruna. Þegar blaðað er í símaskránni sjáum við að mikið ber á nöfnum með enskar, keltneskar, þýskar og franskar rætur. Í Halifax eru fimm háskólar þar sem stúdentar hvaðanæva úr veröldinni stunda nám. Því ætti ekki að koma okkur á óvart að sjá Kinverja, Nígíerumann eða Kúvæta á götunum.

Gestrisni og vinsemd

Eitt af því fyrsta, sem þið takið eftir þegar þið komið til Halifax, er hvað gestkomandi er tekið af mikilli hlýju, vinsemd og gestrisni. Í augum flestra,

sem koma til Halifax, líkist hún meira smábæ en borg með nærri hálfri milljón íbúa. Þið veitið því fjótt athygli að ökumenn stöðva bíla sína þegar þið gangið nærri gangstéttarbrún og gefið í skyn að þið ætlið yfir götuna. Þó að Halifax sé stærsta borgin í Nova Scotia er hún örugg borg á evrópskan og bandarískan mælikvarða.

Gaman að versla

Í Halifax býðst frábært tækifæri til að versla og gera góð kaup. Innan borgarmarkanna er fjölbreytt úrval verslana, allt frá litlum, sérhæfðum búðum upp í stórar, yfirbyggðar verslanamiðstöðvar þar sem þekktustu tísku- og stórmarkaðsverslanir í Norður-Ameríku eru með útibú. Látið ekki hjá liða að líta við á Brewery-bændamarkaðnum á laugardögum.

Háskólar, krár og næturklúbbar

Halifax er miðstöð mennta, menningar og skemmtanalífs á suðurströnd Nova Scotia og þekkt fyrir fjörugetu næturlíf, menningarviðburði og alls konar afþreyingu. Í miðbænum er iðandi mannlíf og á hafnarbakkanum urmull af krám og

næturklúbbum, fyrir utan að sjálfsögðu spilavítis-höllina þar sem einnig eru í boði fyrsta flokks tónleikar og kabarettysýningar. Þið megið búast við að sjá þarna á götu frægar stjörnur úr kvikmyndaheiminum og tókulið á þönum að taka upp atriði í kvikmynd eða sjónvarpsþátt. Útiatriði í mörgum Hollywood-kvikmyndum hafa verið tekin í Halifax.

Bregðið ykkur út fyrir borgina

Ekki þarf að aka langt út fyrir Halifax til að fá stórkostlegt útsýni yfir klettaötta ströndina, sandfjörur og víðáttumikið Atlantshaf. Mikið er um göngustíga og ferðamenn geta notið náttúrunnar á landi eða t.d. með því að róa út á kajak (ég mæli með því). Í grennd við Halifax eru margir góðir golfvöllir (ég mæli sérstaklega með Glen Arbour) og eillitíð fjær borginni eru margir frábærir golfvöllir í heimsklassa. Hafíð í huga að Halifax er á sömu breiddargráðu og sunnanvert Frakkland svo að sumrin eru yndislegur tími og veðrið sólríkt og hlýtt; reyndar svo gott að aðeins klukkustundar-akstur frá Halifax eru ágæt vinnræktarsvæði.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

apríl 2009

Páskegg með konfektu

Matgæðingurinn Elísabet Guðrún Jónsdóttir brá sér á námskeið í páskaeggjagerð og útbjó egg stútfullt af góðgæti.

BLS. 4



Litríkt yfir páskana

Listin við að útbúa litrík egg, saga páska-hérans og annar skemmtilegur fróðleikur sem tengist páskunum.


BLS. 2



FRÉTTABLAÐ/ANTON

Pönnukökur á páskunum

Ragnhildur Lára Finnsdóttir lumar á uppskrift að ljúffengum blinis-pönnukökum sem henta í öll mál og við ýmis tækifæri og hátíðleg tilefni eins og um páska.



Blinis-pönnukökur eru þeim eiginleikum gæddar að þær henta jafnt sem forréttur, aðalréttur og eftirréttur allt eftir því hvað sett er ofan á þær," segir Ragnhildur Lára Finnsdóttir, meistaranemi í blaða- og fréttamennsku, sem lætur lesendum Fréttablaðsins í té hugmynd að skemmtilegum eftirrétti sem er hægt er að gæða sér á tímunum saman.

„Ég fékk uppskriftina hjá

fyrirverandi meðleigjanda mínum sem er hálfur Færeyingur og hálfur Tékki. Hún bar pönnurnar fram með sultu, rjóma, búðingi og niðurskornum ávöxtum. Ég týndi uppskriftinni hennar, sem var með bókhveiti, en fann aðra sem er líkari hefðbundinni pönnukökuuppskrift.“

Ragnhildur segir suma hafa kökurnar á stærð við spælegg og að þá minni þær mest á lummur. Henni finnst skemmtilegra að hafa þær minni og miðar frekar við tíkall. „Úr verða litlir munnbitar sem fólk getur dundað sér við að raða ofan á

og tína upp í sig langt fram eftir kvöldi.“ Ragnhildur hefur líka borið kökurnar fram sem forrétt en þá með reyktum silungi, sýrdum rjóma og dilli.

Ragnhildur hefur gaman af að bjóða gestum í mat og hefur sankað að sér ótalmörgum uppskriftabókum. Þá safnar hún uppskriftum frá ættingjum og vinum í stílabók og er sú bók í mestri notkun. „Yfirleitt hef ég smakkað þessa rétti og veit að þeir virka.“

- ve

FRAMHALD Á BLS. 6

Rjómaostur

frá Ostahúsinu er bragðgóður, mjúkur og léttur og inniheldur fáar hitaeiningar.

Osta
HÚSIÐ



KRÆSINGAKVEISAN

Ragnheiður Tryggvadóttir skrifar

Magapína er fylgifyskur þessa árstíma. Nóg er af tækifærum til að eta á sig gat en fermingarveislurnar hellast yfir hver á fætur annarri þar sem metnaðarfull hlaðborðin svigna undan kræsingum. Þá er erfitt að halda í við sig. Meðal kræsinganna má finna listilega skreyttar smurbrauðstertur, dísætar kransakökur, hinn klassíska heita fermingarbrauðrétt og hnallþóru, svo ekki sé minnst á súkkulaðitertur, skinkuhornin eða konfektmolana. Svo styttest líka í eitt mesta súkkulaðiát ársins þar sem páskarnir eru rétt handan við hornið. Það þýðir því ekkert að spá í línurnar þessa daga og best að gefa þeim lausan tauminn.

Páskarnir eru líka tími íslenskrar lambasteikur og timjankryddaður ilmurinn af páskalambinu sem fyllir húsið á páskadag er ómissandi í hugum margra. Þeir sem hafa þann sið að blása úr eggjum til að mála og skreyta í öllum regnbogans litum um páskana eiga líka oft að venjast heimagerðum ís í eftirmat, þar sem innvolsið úr eggjunum er gjarnan nýtt til ísgerðar. Ommelettur rata þannig einnig á morgunverðarborðið og á páskum má vel komast upp með að borða súkkulaði í morgunmat. Það er í það minnsta æskuminningin, að þótt mamma reyndi að ota að mér ristudu brauði eða súrmjólk til málamynda, byrjaði dagurinn á páskaegginu.



Ég fæ ennþá nostalgíuhroll niður bakið við holt brothljóðið sem heyrðist þegar þykk súkkulaðiskelin brotnaði í höndum mínum og fjársjóðurinn innan í egginu blasti við. Súkkulaðikúlur og karamellur í bland við litríkt hlaup hurfu eins og dög fyrir sólu ofan í maga og allur dagurinn fór í að vinna sig niður úr skelinni. Stundum var því matarlystin á páskalambinu lítil og um kvöldið lúrdi ég með árvissa magapínuna uppi í rúmi og hét því að næst yrði farið hægar í sakirnar. Það stóðst þó aldrei og stenst ekki enn.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



Smáréttir



Hvunn dags/til hátiðabrigða



Eggjakaka í muffinsformi úr brúneggjum eftir Sigrúnu Þorsteinsdóttur.

Hollar og heppilegar EGGJAMUFFUR

Sigrún Þorsteinsdóttir matgæðingur gefur lesendum uppskrift að hollum og góðum eggjakökum úr brúneggjum sem hún bakar í muffuformum í ofni.



Hollt og gott!

Þessar eru upplagðar í hádegismat fyrir þá sem eru í ræktinni og fínar kaldar líka því eggjakökurnar eru prótein- og kalkríkar. Það besta við þær er að einungis tekur um tíu mínútur að hafa allt til í þær og svo fara þær beint í ofninn,“ segir Sigrún, sem útbjó þessa uppskrift til að baka í ofninum og sleppa þannig við brasið á pönnunni.

Hún segir hægt að bæta hráefni út í uppskriftina að vild eins og kartöfluteningum, söxuðum lauk eða blaðlauk og alls kyns kryddi og grænmeti. Einnig megi skera niður kjötafganga og setja út í.

SEX LITLAR EGGJAMUFFUR

1 brúnegg
3 eggjahvítur
50 g rifinn, magur ostur
1/4 tsk. basil
1/4 tsk. steinselja
1/4 tsk. salt (Himalaja- eða sjávarsalt)
hnífsoddur svartur pipar

Einnig má bæta út í söxuðum lauk, blaðlauk, sólþurrkuðum tómötum, blómkáli, spergilkáli og fleiru. Athugið að við það

verða eggjakökurnar fleiri en sex.

Hrærið saman eggj og eggjahvítum. Bætið rifna ostinum saman við ásamt basil, steinselju, salti og pipar. Bætið einnig öðru hráefni eins og grænmeti eða öðru sem þið viljið. Ef erfitt verður að hræra í blöndunni, bætið þá einni eggjahvítu enn saman við.

Smyrjið sex muffinsform að innan með nokkrum dropum af kókosolíu. Helljið eggjablöndunni út í og gætið þess að all hræfni fari jafnt út í hvert form og jafnið vel út.

Bakið við 180° C í um 20 til 25 mínútur.

Berið fram með hýðishrisgrjónum og salati.

VERSLUN SÆLKERANS

Fiskikóngurinn

Verslunin Fiskikóngurinn var opnuð á Sogavegi 3 í janúar síðastliðnum. Kristján Berg, eigandi verslunarinnar, leggur áherslu á ferskan fisk á góðu verði.

„Við bjóðum auðvitað líka upp á fisk í maríneringu og sósu en leggjum áhersluna á roðlaust og beinlaust og einnig steikur sem fólk getur kryddað.“

Kristján segir mikið um að fólk kaupi ferskan fisk til að krydda sjálft heima. Þó eru kryddlegnu réttirnir mjög vinsælir og kryddlegirnir búnir til á staðnum. „Ég var sá fyrsti til að koma fram með maríneringar á fisk. Þetta eru mikið til sömu maríneringar og á kjöt, það hafði bara engum dottið í hug að nota þær á fisk. Þannig byrjaði þetta. Við reynum einnig að hafa úrvalið hér eftir því hvaða tímabil er í fiskinum, ef steinbíturinn er góður núna bjóðum við upp á hann og ef einhver tegund veiðist mikið og er ódýr reynum við að bjóða upp á hana.“

Tvennt segir Kristján aldrei breytast hjá Fiskikónginum, plockfiskinn og fiskibollurnar, en í þetta tvennt hefur hann notað sömu uppskriftirnar í tuttugu ár. Hann fullyrðir líka að allt sé gott í versluninni. „Það er bara regla hjá mér að setja ekkert í borðið nema mér finnst það sjálfum gott. Ég vil ekki bara hafa þetta í lagi heldur gott og þannig hef ég rekið mína fiskbúð.“



FRETTABLAÐIÐ/PIJETUR

LITLA LÍFRÍKIÐ

AeroGarden® er stórsnjöll uppfinning sem gerir þér kleift að rækta kryddjurtir, grænmeti og annan exótískan mat allan ársins hring. Tækið veitir plöntunum alla þá birtu og yl sem þær þurfa og lætur vita þegar næringar eða vatns er þörf. AeroGarden er frábær búbot fyrir alla matgæðinga, sér í lagi þá sem eru hrifnir af ferskum kryddjurtum og búa á norðurhvara veraldar. Allar nánari upplýsingar eru á www.grodurhus.is

AeroGarden
Kitchen Garden Appliances

Dreifing: Lifa ehf - sími 511-0909

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Emília Örylgisdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarisdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

Íslenskur kalkúnn

Frábær í ferminguna, matarboðið og á grillið

- Góður hefðbundinn og fylltur
- Tilvalið að grilla og bera fram með eftirlætis meðlætinu
- Góður með indversku ívafi, naan brauði, kaldri gúrkusósu og kryddhrísgrjónum með rúsínum og döðlum
- Nýta má afganga í ýmsa heilsurétti, heita sem kalda, pottrétti, salöt, súpur, ofnrétti eða samlokuna
- Hollur og góður við öll tækifæri

Fjöldi uppskrifta á kalkunn.is



ATARNA



Holda
KALKÚNN



Að grilla heilan kalkún 3-5 kg

Fuglinn er ekki fylltur. Takið fuglinn úr kæli einni klst. áður og takið innmatinn úr. Þerrið fuglinn að innan. Miðað er við að grillið sé á hálfum hita eða 150°C. Hafið kveikt á tveimur brennurum. Fuglinn er penslaður og kryddaður að vild og settur á álbakka (ekki með götum). Lokið grillinu og grillið í u.þ.b. 50-75 mín. Nauðsynlegt er að hafa kjöthitamæli og stinga í þar sem brjóstið er þykkast. Grill geta verið misjöfn og því nauðsynlegt að hafa mæli. Þegar mælirinn sýnir 70°C (má ekki vera meira) er fuglinn fullsteiktur. Pakkið honum inn og látið standa í 20 mín.

Sjá nánar á kalkunn.is



Elisabet gerði fyrsta páskaeggjó á námskeiði en treystir sér til þess upp á eigin spýtur. „Þægilegast er að bræða súkkulaðið í örbylgjuofni en þá má bara hafa það smá stund í einu og fylgjast vel með því.“

Handgert páskaegg

Elisabet Guðrún Jónsdóttir er mikill matgæðingur og hefur gaman af að útbúa ýmiss konar góðgæti. Því er ekki að furða að hún hafi drifið sig á námskeið í páskaeggjagerð þar sem hún bjó til sitt eigið egg og fyllti það með sælgæti.

Þetta er í fyrsta skipti sem ég geri páskaegg en ég fór á námskeið hjá Hafliða Ragnarsyni súkkulaðimeistara sem haldið var hjá Tómsundaskólanum í Mosfellsbæ,“ segir Elisabet Guðrún Jónsdóttir lögfræðingur. „Vinkona mín fór á svona námskeið í fyrra og páskaeggjó hennar var svo girnilegt og flott að mig langaði að prófa líka.“

Elisabet er mikill matgæðingur og hefur gaman af að elda og baka. „Hugmyndin um að útbúa mitt eigið páskaegg, stútfullt af gómsætu konfekt, heillaði mig. Þetta var þó allt gert undir handleiðslu Hafliða, sem sýndi okkur réttu handtökin og fræddi okkur um súkkulaði. Síðan gerðum við líka eftirrétt,“ segir hún áhugasöm en námskeiðið kostaði 7.000 krónur. „Þá var allt efni innfalið sem og fræðsla og þótti mér þetta hverrar krónu virði,“ segir Elisabet ánægð.

„Við fylltum mótin af súkkulaði sem búið var að bræða og tempru. Mikilvægt er að láta súkkulaðið renna vel út í allar hliðar og búa til kanta svo hægt sé að líma eggjó saman á þeim. Síðan er afgangssúkkulaði hellt úr. Svo létum við

súkkulaðið kólna og kom mér í raun á óvart hversu fljótt súkkulaði storknar. Þegar súkkulaðið hafði storknað aðeins létum við mótin á hvolf í kæli þannig að súkkulaðihelmingarnir myndu losna úr. Auk þessa útbjuggum við konfekt inn í eggjó,“ útskýrir Elisabet, sem gerði tvær tegundir. „Önnur tegundin er með ástaraldinsfyllingu og hin með tógabaunafyllingu. Þetta eru harðir súkkulaðimolar, skel með fyllingu í,“ segir hún.

Mikilvægt er að bræða súkkulaði rétt. „Tempra þarf súkkulaðið með því að hita það fyrst upp í 45 gráður, kæla það því næst niður í 29 gráður og hita það svo aftur í 31 gráðu og þá er það tilbúið. Notaður er hitamælir til að fylgjast með hitastiginu,“ útskýrir Elisabet. Eitt mót var notað fyrir eggjó sjálft

og annað fyrir botninn. „Við límdum þetta saman með súkkulaði og valdi ég ljóst súkkulaði í botninn en dökkt í eggjó sjálft. Skrautið fengum við tilbúið frá Hafliða en það er gert með innfluttri skrautfilmu. Annars er hægt að líma hvað sem er á eggjó og setja má dót og annað smálegt inn í eggjó,“ segir hún og nefnir að páskaeggjamót fái stílk og kaffi.

„Eg hafði hugsað mér að gefa eggjó en þiggjendurnir vita ekki af því ennþá þannig að ég er ekki tilbúin til að upplýsa hverjir þeir heppnu eru að svo stöddu,“ segir Elisabet kímín en ljóst er að enginn verður svikinn af því að gæða sér á súkkulaðiegginu góða. „Fyrir mér eru hins vegar engir páskar nema fá Nóa og Sírius páskaegg og ég næli mér eflaust í eitt slíkt fyrir páskana,“ segir Elisabet og hugsar sér gott til glóðarinnar. - hs



PRETTIABLAÐ/STEFAN



Hvíti Kalkúninn

Ferskar kalkúnabringur Hollur og góður veislukostur

Ferskar kalkúnabringur eru tilvaldar til hátíðabrigða. Hollt og fitulítið kjötið er afar ljúffengt og auðvelt í matreiðslu.

Gómsæt máltíð á góðri stundu.



..... margt smátt

AÐ BLÁSA ÚR EGGJUM Til að blása úr eggjum þarf tituprjón til að pota göt í eggin að ofan og neðan (aðeins stærra gat á breiðari enda eggjans). Síðan er blásið úr grenni enda eggjans, yfir skál, þannig að eggjahvítan og eggjarauðan fái að seytle úr egginu í skálina. Þetta er erfitt og ekki á færi lítilla barna. Síðan eru eggin skoluð vel og lögð til þerris á klút. Að nokkrum klukkutímum liðnum er hægt að byrja að mála eggin.



PÁSKAUNGAR Gulir, bústnir og bollulegir páskaungar eru hið prýðilegasta páska-skraut. Bæði má kaupa þá fyrir páska-ana eða safna þeim með tíð og tíma af páskaeggjum. Ungunum má raða með öðru skrauti, lituðum eggjum, hérnum og blómum.

PÁSKALILJUR eru tákni um frjósemi jarðar og minna um leið táknkrænt á upprisuna fyrir kristna menn. Þær eru af stórrí ættkvísl sem kallaðar hafa verið hátíðarliljur. Þær eru harðgerðar jurtir og eru stóru páskaliljurnar ættaðar úr fjalladölum í suðurhluta Alpna. Páskaliljur eru til í óteljandi tilbrigðum, stórar og smáar. Afskornar páskaliljur geta staðið nokkra daga í vasa með köldu, hreinu vatni. Skipta þarf um vatn daglega. Páskaliljur eiga ekki að fá blómanæringu í vatnið og það er ekki heppilegt að hafa þær með öðrum blómum, þótt ein og ein trjágrein sé í lagi.



PÁSKAHÉRIÐ er líklega upprunninn í Þýskalandi. Hann kemur með körfu fulla af lituðum eggjum sem hann felur í gördum fyrir börn sem hafa verið þrúð og góð. Að morgni páskadags fara börnin út í garð og leita eggjanna. Hinn þýski páska-héri hefur með tímanum borist víða um lönd. Til dæmis barst sá siður að leita eggja sem hérinn skildi eftir með þýskum landnemum til Pennsylvaníu í Bandaríkjunum. Siðurinn hefur þó þróast í þá átt að hérinn skilur ekki aðeins eftir lituð egg handa bandarískum börnum heldur körfur fullar af súkkulaði og sælgæti.





Á FERÐ UM LANDIÐ


Fyrirtækið Síbyr hefur sett á markað nýstárlegt fatahengi þar sem fyrirmyndin er landið sjálft.

BLS. 2



EINU SINNI ER Handverk og hönnun opnar sýningu í Safnahúsinu á Svalbarðsströnd í dag. Þar verða til sýnis verk eftir 24 listamenn.

BLS. 4



Mikið úrval af góðum notuðum dekkjum

VAKA

á verði fyrir þig!

Vaka hf. / Eldshöfða 6 / 110 Reykjavík / Sími 567 6700 / hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is

heimili & hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 4. APRÍL 2009



KÓSÍ Í KYRRÐINNI

Steinunn Aldís Helgadóttur nýtur lífsins í náttúrufegurð Álftaness.

BLS. 6-7



Whirlpool AWOD6730
1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með stafrænu kerfisvali, 6th Sense sem skynjar óhreindi í vatni og flýtir þvottatíma, rafeindastýrðum kerfisveljara og hitastilli, stafrænni niðurtalningu og ullarkerfi. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir.

TILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 124.995



Whirlpool AWZ7465
6kg tviátta barkalaus PÜRRKARI með 6th Sense rakaskynjara, 2 hitastigum og köldum blástri. Íslenskur leiðarvísir.

TILBOÐ

89.995

FULLT VERÐ 119.995



ÞVOTTAVÉL MED ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI OG ÍSLENSKUM LEIÐARVÍSI



Heimilistæki ht.is



HEIMILISHALD
ROALD EYVINDSSON

Gamlar syndir gerðar upp

Nýlega festi ég kaup á alveg frábærri bók um mann sem vill koma betra lagi á líf sitt og fær þá hugdettu að setja saman verkefna-lista í því skyni. Í fyrstu hripar hann niður nokkur atriði sem hann vill ljúka til að ná settu marki en fyrr en varir hefur listinn tekið völdin og lengist úr hófi fram þar til eftir standa 1.271 verkefni. Bókin gengur síðan út á glímuna við að ljúka við verkin innan árs og fá svo vinina til að meta árangur erfiðisins.

Sjaldan hefur ein bók haft jafnmikil og jafnframt óvænt áhrif á mig. Ég lagði hana uppljómaður frá mér að lestri loknum og rifjaði upp þá dýrdartíð þegar ég bjó til mína eigin verkefnalista og þá ómældu ánægju sem það veitti mér að ljúka við verkefni á þeim. Velti svo í framhaldinu

..... fyrir mér hvort ég byggi enn yfir þeirri staðfestu sem þarf til verksins, greip í skyndi penna og blað og hófst handa við að útbúa minn eigin verkefnalista, algjörlega óviss um hvaða stefnu hann kynni að taka.

Fyrst á listann rötuduð nokkrar syndir sem höfðu lengi plagað mig. Þannig fór á hann ýmislegt sem vinum og vandamönnum

viðkemur, svo sem loforð um að halda betri tengslum. Nokkur stórvirki bókmennta og kvikmynda fengu pláss og ýmsir duttlungar eins og heimsókn til spákonu, ferð í Fíladelfíu og brasilísk vaxmeðferð. Heimilishaldið var svo sérstaklega sett undir smá-sjá, sem leiddi í ljós að ótrúlegustu hlutir hafa setið á hakanum síðustu ár.

Þannig hefur blá tunna ekki enn verið póntuð þrátt fyrir að hafa verið í umræðunni í tvö ár, kjallarinn er fullur af drasli sem á eftir að flokka og hluti búslóðarinnar er enn í foreldrahúsum, húsráðendum til ómældrar gleði. Skammarlegast fannst mér þó að uppgötva að frá því að við félagarnir fluttum í húsið árið 2001 hef ég ekki í eitt einasta sinn þvegið gluggana, heldur sársaukalaust eftirlátið betri helmingnum þetta leiðindaverk. Sem er athyglisvert í ljósi þess að ég setti ekki fyrir mig að taka húsið í gegn ásamt eiginmanninum svo innvolsið varð nær óþekktanlegt. Við nánari umhugsun er það kannski það afrek sem veldur því að mér gengur illa að takast á við einföld húsverk eins og gluggaþvott og verður óglatt af tilhugsuninni einni saman.

En nú á sem sagt að bæta fyrir gamlar syndir, verkefni liggja fyrir bara spurning um að takast á við þau af þeirri auðmýkt, kjarki og staðfestu sem til þarf. Og að sjálfsögðu með ælufötuna við hendina.



● Forsíðumynd: Valgarður Gíslason tók mynd á heimili Steinunnar Aldísar Helgadóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilia Örlýgsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is



SÍGILDUR Þessi stóll eftir hinn heimsfræga hönnuð Arne Jacobsen (1902-1971) nefnist Svanurinn (1957) og er meðal hans þekktustu verka, ásamt Egginu (1957) og Maurnum (1951). Stólinn hannaði hann sérstaklega inn í SAS Royal hótelið, sem Jacobsen hannaði jafnframt allt.

Snagarnir úti um allt land

● Ísland er formfagurt. Það nýta þeir Sigurður, Leifur og Björgvin hjá Síbyr sér til hins ýtrasta eins og sjá má á fatahengi þeirra, Íslandi, sem býður upp á skemmtilega möguleika.

Íslandslaga fatahengi er hugar-fóstur húsgagnaframleiðandanna í Síbyr. Fatahengið, sem fæst í fánalitunum, er þannig úr garði gert að hægt er að hengja af sér á mismunandi stöðum á landinu. Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Höfn eru á meðal valkosta og geta áhugasamir skoðað fatahengin í Epal.

Fatahengin eru framleidd í Vestmannaeyjum og hafa þeir Sigurður Gústafsson arkitekt, Leifur Ársæll Leifsson smiður og Björgvin Björgvinsson tækni-fræðingur, sem standa að baki Síbyr, nýtt sér aðstöðuna í staf-rænu smiðjunni FAB LAB, sem var sett á laggirnar í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar. Þar hafa þeir aðgang að nauðsynlegum tölvubúnaði og fræsivélum. Þá eru snagarnir framleiddir hjá vél-smiðjunni Þór og kortin sprautuð hjá bílasprautunarverkstæðinu Bragganum ásamt því sem tré-smiðaverkstæðið Tréverk hefur lagt hönd á plóg.

„Við höfum það að markmiði að að halda framleiðslunni hér í Eyjum, að minnsta kosti fyrst um sinn,“ segir Björgvin en hann og Sigurður hafa gengið með hugmyndina að Síbyr í mag-ánur um nokkurra ára skeið. „Við Sigurður höfum unnið saman við húsbyggingar og annað en Sigurður hefur auk þess áratuga skeið. Okkur langaði að starfað við húsgagnahönnun um



Þeir Leifur og Björgvin hafa ásamt Sigurði einnig leikið sér að því að gera „pikkólóa“ sem taka við yfirhöfnum gesta.

Fatahengið tekur sig vel út eitt og sér en býður gestum og gangandi upp á þann möguleika að hengja yfirhöfnina á uppáhaldslandshlutann.

einhvern atvinnugrundvöll með frekari samvinnu og erum nú að ýta þessu úr vör,“ segir Björgvin en Síbyr framleiðir húsgögn, hillur, lampa og fleira. „Um notendavæna húsgagna- og húsbúnaðarlist er að ræða, auðuga að lit og lögun.“

LÍNAN



ALLAR VÖRUR Á 40 - 50% AFSLÆTTI

LAGERSALA AKRALIND 9

VIÐ HÖFUM DREGIÐ SAMAN SEGLIN TÍMABUNDIÐ OG LOKAÐ VERLSUNINNÍ Í BÆJARLIND. VIÐ MUNUM EINGÖNGU SELJA VÖRUR OKKAR Á LAGERSÖLU Í AKRALIND 9

OPIÐ FÖSTUDAGA 14 - 18 OG LAUGARDAGA 12 - 15

LÍTIL YFIRBYGGING = LÆGRA VERÐ



Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is



LUX veggjós eru hönnuð af Lumex og framleidd á Íslandi

NÚ ER **30% AFSLÁTTUR** AF LUX VEGGLJÓSUM Í APRÍL

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is



hönnun

● **VERÐI LJÓS** Andagiftin við hönnun ýmiss konar lampa og ljósa er greinilega mikil hjá hinum ýmsu hönnuðum.

Lampi með hryggjarsúlu eða heila, olíuljós í ljósaperu og dýrindis Maserati-lampi gefa glögga mynd af þeim fjölbreytileika sem ríkir í heimi hönnunar.




● **T1000 LAMPI** í líki hryggjarsúlu. Hönnun frá Alexander Lervik.



● **SERGIO SILVA** blandar saman skemmtilegum hugmyndum í þessum olíulampa. Þar kallast á ný tækni og gömul.



● **LAMPI** með skíra tilvísun til Maserati-bílamerksins.



● **LJÓSIÐ KVIKNAR** í heilanum. Ansi áhuga-verður lampi eftir Alexander Lervik.



Einu sinni er á Svalbarðsströnd

● Sýning Handverks og hönnunar, Einu sinni er, verður opnuð í Safnasafninu á Svalbarðsströnd í dag, laugardaginn 4. apríl, klukkan 15. Þar verða til sýnis verk 24 listamanna sem hanna undir þemanu „gamalt og nýtt“. Sýningin stendur til 13. apríl. Nánar á www.handverkoghonnun.is.

1. Ljósfar heitir þetta fallega verk eftir þá Pál Garðars-son og Margréti Jónsdóttur. Hinn útskorni drengur er hluti af stærra verki sem myndar ljósakrónu.

2. Fjallgarður fortíðarinnar er ljós úr postulíni eftir þau Guðbjörgu Káradóttur og Frosta Gnarr.


3. Ferhyrningur kallast þetta trébox eftir þau George Hollanders og Guðrínu Steingrímsdóttur. Á boxinu eru fjögur horn.

4. Nói er askur úr áli eftir þá Þorberg Halldórsson og Ara Svavarsson.

5. Flökkukindur kallast þessar sniðugu leirskálar með marglitum ullardúskum. Skálarnar eru hönnun Sigríðar Ástu Árnadóttur og Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur.

6. Fjallaþyrpingar eru flát úr leir sem prýdd eru myndum af fjallkonum. Höfundar flátanna eru Ragnheiður

6



Ingunn Ágústsdóttir og Birna Júlíusdóttir.

7. Foldarskart heita boxin sem mótuð eru úr íslenskum leir og birki. Höfundar þeirra eru Lára Gunnarsdóttir og Sigríður Erla Guðmundsdóttir.

5



7



Ný sending af glæsilegum etanól eldstæðum



Xamena ryðfrítt stál
Verð: 69.900 kr



Trento ljóst travertine
Verð: 79.900 kr



Trento svart granit
Verð: 89.900 kr

VINNUSMIÐJUR VÖRUHÖNNUÐA verða opnar í dag og á morgun á Laugavegi 67 og Laugavegi 40. Gestum og gangandi er boðið að fylgjast með hönnuðum að störfum og skoða verk þeirra frá klukkan 12 til 18 í dag og 12 til 16 á morgun.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Nýttu tímann

Námskeið • Fyrirlestrar • Samverur

Dagskrá

- 6. apríl Hreyfing 3 - Tai chi og jóga
- 7. apríl Að efla framkomu sína og virkni
- 8. apríl Fatasaumur 3 (biðlisti)
- 15. apríl Hreyfing 4 - Tai chi og jóga
- 20. apríl Fatasaumur 4
- 21. apríl Internetið til afþreyingar og skemmtunar
- 22. apríl Opið hús - fyrirlestur um heilsufar og matarræði
- 27. apríl Ræktun kryddjurta
- 28. apríl Stofnun fyrirtækja
- 29. apríl Nýsköpun

- 4. maí Taflkennsla
- 5. maí Óhagganleg lögmál markaðarins
- 6. maí Briddskennsla
- 11. maí Ljósmyndakennsla
- 12. maí Gerð viðskiptaáætlana
- 13. maí GPSkennsla - kennsla á GPS-tæki

Viðburðirnir eru frá kl. 10 - 13 og eru fyrst og fremst ætlaðir atvinnulausum og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu, þeim að kostnaðarlausu. **Verkefnið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ.**

Skráning og nánari upplýsingar í síma **554 6626** eða á www.redcross.is/kopavogur



Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626, kopavogur@redcross.is



Ingibjörg Gréta ætlar að rifja upp gamla og góða tíma á Hollywood-ballinu um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Dansað á ný í Hollywood

Ingibjörg Gréta Gísladóttir er önnur kafin um helgina en hún ætlar meðal annars að rifja upp níunda áratuginn með Móðelsamtökunum og hyggst bregða sér á Hollywood-ball annað kvöld.

„Helgin er frekar annasöm, aldrei slíku vant,“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, leikkona og MsC í nýsköpun og frumkvöðlafræðum. „Í gær opnaði 19 ára frænka mín verslun í Smáralind sem nefnist Gossip og svo fór ég í boð hjá vinkonum mínum í SJÁ-viðmótsprófunum. Í dag fer ég síðan í útgáfuhóf í húsa-kynnum Sambands íslenskra myndlistarmanna vegna Kynjóttra hvata. Því næst er gleðistund með Móðelsamtökunum og Hollywood-ball á Broadway í kvöld með allri sinni dýrð. Á morgun er leikur í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu hjá syninum og afmæli þar á eftir. Ætli páskarnir fari ekki í að hvíla sig

í faðmi fjölskyldunnar,“ segir Ingibjörg með bros á vör. Ingibjörg var á sínum tíma í Móðelsamtökum Unnar Arngrímsdóttur og sýndi meðal annars á tiskusýningum í Hollywood. „Ég vann mér inn aur með þessu á þeim tíma sem ég stundaði nám í Verzlunarskóla Íslands. Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími, enda allir stjörnur í Hollywood,“ segir Ingibjörg kankvís og heldur áfram: „Við æfðum hvað mest fyrir Hollywood-sýningarnar og stundum settum við upp söguþráð í sýninguna og bjó ég þá til persónur í kringum mínar innkomur. Hollywood var eins og félagsmiðstöð, þarna gerðust mörg ævintýri og maður

kynntist fólki sem hefur fylgt manni í gegnum tíðina.“ Ingibjörg hefur nú að eigin sögn vent kvæði sínu í kross eftir atvinnumissi. „Ég er að leggja lokahönd á viðskiptaáætlun tengdri sölu íslenskrar hönnunar í Bandaríkjunum og svo er ég að safna sögum og upplýsingum um tísku og fleira því tengdu sem ég vonast til að gefa út á næsta ári,“ segir Ingibjörg áhugasöm og bætir við: „Þar fær Hollywood-tímabilið að sjálfsögðu sinn heiðursess. Ég hvet alla þá sem luma á einhverju skemmtilegu og fróðlegu um tískuna, málfarið, staðina, upplifunina eða hvað sem þeim dettur í hug að senda mér línu á tiska@internet.is.“

hrefna@frettabladid.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

SUMARHÚS OG FERÐALÖG

Sólarrafhlöður og fylgihlutir. 10-80w

Gashellur

Sólarrafhlöður fyrir húsbíla og fellihýsi. Þunnar 75 - 130w

Kælibox gas/12v/230v

Coolmatic 12v ísskápar m/ kælipressu

Ólíu ofn

Gasofn

Gas eldavélar og helluborð

Gas vatnshitarnar 5 - 14 l/mín

Útisturta

Gaskæliskápar 100 og 180 lítra

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • skorri.is • Opið virka daga frá kl. 8.15 til 17.30

HELGIN

KEIKO KURITA er ung japönsk listakona sem opnar sýningu sína tree/sleep í Listasafni ASÍ í dag. Á sýningunni eru tíu paraðar ljósmyndir sem fjalla um tré og svefn og hið draumkennda ástand sem tengist þessum fyrirbærum.



Vandaðir og þægilegir bandaskór úr leðri og skinnfóðraðir í úrvali. Stærðir: 36 - 42 Litir: Hvítt, beige, brúnt, rautt og svart Verð: 8.975.-



Dömuinniskór í úrvali. Allt leðurskór með skinnfóðri. Sérlega mjúkir og þægilegir. Stærðir: 36 - 42 Margir litir. Verð frá: 6.550.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 5473

ALLT

ALLT HEILSA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447



Í baðstofunni var sofið, unnið og leikið eins og Helga lýsir fyrir börnunum.

FRÉTTABLAÐ/ANTON

Fylgt aftur til fortíðar

Beinagrindur, álfapottur og átta hundruð ára gamall skór er meðal þess sem Helga Einarsdóttir safnfræðslufulltrúi sýnir börnum sem fylgja henni um Þjóðminjasafnið á morgun klukkan tvö.

„Við hefjum ferðina á slóðum landnámsmanna á níundu öld og þar verður skoðað ýmislegt áhugavert eins og sverð og kuml með beinagrindum.“ Þannig byrjar Helga á að lýsa göngu sinni um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins með börnum á aldrinum fimm til átta ára sem boðið verður uppá á morgun klukkan 14. Hefð er komin á slíka leiðsögn fyrsta sunnudag hvers mánaðar, nema yfir sumartímann, og er fólki að kostnaðarlausu. Hún bendir foreldrum á að fá sér kaffi á meðan eða skoða aðrar sýningar safnsins.

Helga segir börnunum sögur sem tengjast því sem fyrir augu ber, til dæmis um álfapott og gamla hurð með útskornum myndum sem líkja má við teiknimyndasögur nútímans.

„Við lítum líka á leikföng sem börn léku sér með í gamla daga og ég reyni að útskýra fyrir þeim hvernig lífið í baðstofunni var,“ segir hún og kveðst bæði sýna þeim mynd úr baðstofu og ýmsa hluti sem tengjast slíkri vistarveru. „En fá börnin að snerta hlutina sem hún sýnir þeim? „Nei og þau eru ótrúlega dugleg að stilla sig um það. Við segjum þeim frá reglunum og yngri krakkarnir virða þær ótrúlega vel. Auðvitað er freistandi að koma við hluti, alveg eins og fyrir okkur fullorðna fólki.“

En hvað er það sem börnin heillast mest af? „Það eru hinar fornu beinagrindur af karli, konu og barni og líka 1000 ára gamalt skyr sem hefur varðveist í jörð og er nú orðið að steingervingum.“

Leiðsögnin tekur um 45 mínútur að sögn Helgu. Á eftir mælir hún með að foreldrarinn gefi sér tíma til að fylgja börnunum um ljósmynda-sýningu sem heitir Þrælkun, þroski, þrá og birtir myndir af börnum við vinnu, bæði á sjó og landi á árunum 1930 til 1950. Einnig bendir hún á sýninguna Endurfundur í kjallar-anum. Þar er afrakstur fornleifafunda á kirkjustöðum og klaustrum á Íslandi. Sýningin er hönnuð í barnahæð, kíkjugöt eru lág og þar eru borð sem börn geta setið við, búið til líkón af gömlum verslunarstað og stimplað nafnið sitt með gótesku lettri. Í Skemmtimenntuninni geta þau svo fönðrað, mátað hringabrynju og sverð og fleira þannig að af nógu er að taka.

gun@rettabladid.is

KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPÍÐ

laugardaga

og

sunnudaga

frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Gólfdukur skynsamleg,
smekkleig og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Heimilisdúkur, sígild lausn:

- léttur í þrifum
- auðveldur í lögn
- glæsilegt úrval
- fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfduki og teppi

Forbo
FLOORING SYSTEMS

KJARAN
GÓLFBUNADUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510



Stjörnurarnar hafa að geyma marga leyndardóma.

Sólkerfið skoðað í miðbæ Reykjavíkur

Boðið verður upp á fræðslu um sólkerfið í skemmtilegum göngutúr í miðbænum í dag.

Í tilefni af ári stjörnufræðinnar 2009 hefur verið hleypt af stokkunum verkefninu 100 stundir af stjörnufræði. Um er að ræða stærsta vísindamiðlunarverkefni allra tíma þar sem viðburðir eru skipulagðir í yfir 130 löndum og áætlað er að um ein milljón manna taki þátt með einhverjum hætti. Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn sjá um skipulagningu verkefnisins hér á landi.

Boðið verður upp á stjörnuskoðunarkvöld fyrir alla áhugasama. Einnig gefst fólki kostur á að feta í fótspor Galíleós með því skoða gígana á tunglinu og hringa Satúrnusar með stærsta sjónauka landsins.

Boðið verður upp á allsérstæðan göngutúr í dag sem hefst á Ingólfstorgi klukkan 11 og endar á Hlemmi. Á þessari vegarspotti að endurspeglar sólkerfið og verður fræðsla á leiðinni. Strax í kjölfarið verður haldinn fyrirlestur í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, um uppruna alheimsins.

Nánar á www.stjornuskodun.is

- sg



Börn í Kópavogsdeild Rauða krossins leggja sitt af mörkum.

Markaður með handverk í Kópavogi

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur handverksmarkað í Hamraborg 11, 2. hæð í dag frá klukkan 11 til 16.

Handverksmarkaðurinn er loka-verkefni nema í Menntaskólanum í Kópavogi sem eru í áfanga um sjálfboðið starf. Áfanginn er samstarfsverkefni MK og Kópavogsdeildar Rauða krossins.

Hægt er að gera góð kaup á markaðnum á alls konar handverki. Þar má nefna þrjónaflíkur, peysur, húfur, sokka, vettlinga, teppi, trefla, handstúkur og fleira sem sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar í verkefninu Föt sem framlag

hafa þrjónað. Í því verkefni eru rúmlega fimmtíu sjálfboðaliðar sem þrjóna, hekla og sauma allt árið um kring.

Barna- og ungmennastarf Kópavogsdeildarinnar hefur einnig verið virkjað. Enter-börnin, 9 til 12 ára innflytjendur sem koma á vikulega samveru í sjálfboðamiðstöðinni, hafa málað á egg sem verða til sölu. Þá hafa Eldhugar, 13 til 16 ára ungmenni, búið til brjóstsykur sem einnig verður til sölu.

Helmingur af ágóða markaðarins rennur til vinadeildar Kópavogsdeildarinnar í Maputo-héraði í Mósambík. Hinn helmingur ágóðans rennur til verkefnisins Föt sem framlag.

- sg

INNRETTINGATILBOÐ SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur

30%

EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM



OPIÐ

Mán. - föst. kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

www.friform.is

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Vorið í Búdapest 30. apríl



Ótrúleg sértílböð!
Þriggja nætta helgarferð á einstökum tíma!

Örfá herbergi í boði – fyrstur kemur fyrstur fær!

Heimsferðir bjóða frábært sértílböð á allra síðustu sætum í helgarferð til Búdapest 30. apríl. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og á vorin skartar hún sínu fegursta og þá er einstakur tími til að heimsækja borgina. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Þjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértílböðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.

– helgarferð
Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Platanus *** með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértílböð 30. apríl.

Gisting á Hotel Tulip Inn ***
kr. 4.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértílböð 30. apríl.

Gisting á Hotel Promenade ****
kr. 10.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértílböð 30. apríl.

Gisting á Hotel Mercure Metropol ****
kr. 14.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértílböð 30. apríl.



Veldu traustan ferðafélaga í sumar!



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið





Sigga & Tímo

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854



Ásbjörg Una Björnsdóttir og Helena Rafnsdóttir með hundana sína en Helena fékk einmitt hundinn sinn gegnum Dýrahjálp.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt heimili og athvarf

Dýrahjálp Íslands stendur fyrir ættleiðingardögum í Garðheimum nú um helgina. Þar gefst dýravinum tækifæri til að eignast dýr sem þarf á heimili að halda en hefur verið í föstri hjá Dýrahjálpinni.

Í Garðheimum geta dýravinir orðið sér úti um gæludýr um helgina en Dýrahjálp Íslands stendur þar fyrir Ættleiðingardögum.

„Við verðum hér í Garðheimum í dag og á morgun frá klukkan 12 til 18 og hingað getur fólk komið sem er að leita sér að dýri sem það vill veita heimili,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir hjá Dýrahjálpi.

Starf Dýrahjálpar hófst á síðasta ári en samtökin vinna að því að koma dýrum, sem eru einhverra hluta vegna á hrakhólum, til nýrra eigenda. Starfið er algjörlega byggt á sjálfbodavinnu. Dýrahjálpi heldur úti heimasíðu þar sem hún auglýsir dýr fyrir fólk en einnig eru samtökin með fösturheimili fyrir dýr.

„Við auglýsum á heimasíðunni okkar dýrahjalp.org og líka á Face-

book. Stundum getur fólk ekki haft dýrið heima hjá sér þangað til við höfum fundið því nýtt heimili og þá erum við með fösturheimili til dæmis hér í Reykjavík, Keflavík, Selfossi og víðar, þar sem dýrin geta verið í nokkra daga eða vikur. Einnig tökum við stundum við dýrum frá dýralæknum sem átt hefur að lóga en ekkert amar að.“

Ásbjörg segir ýmsar ástæður fyrir því að dýr lendi undir verndarvæng samtakanna. Stundum komi upp ofnæmi í fjölskyldum fyrir gæludýrinu svo það verður að fara, eða í ljós komi að fólk hafi hvorki tíma né getu til að sinna gæludýri. Einnig segir hún reglur um dýrahald í fjölbýlishúsum á Íslandi vera mjög strangar svo fólk þurfi oft að láta

gæludýrin frá sér ef það flytur í fjölbýli. Frá því að samtökin tóku til starfa hefur því fjöldi gæludýra fengið nýtt heimili.

„Við útveguðum um 300 dýrum nýtt heimili á síðasta ári. Ef við þurfum að taka dýr í föstur tökum við vaktgjald fyrir það. Stundum þurfum við líka að sendast eftir dýrinu eða fara með það til dýralæknis og þá reynum við að safna fyrir því. Um helgina verðum við með fjölda dýra sem þurfa heimili. Við hvetjum fólk til að koma endilega við og vita hvort það sér ekki sætustu kisu í heimi hjá okkur, eða myndi einhver tengsl við eitthvert dýranna og vilji taka það með sér heim. Við erum að leita að fólki sem er tilbúið til að veita dýrinu heimili til framtíðar.“

heida@frettabladid.is

Frábær tilboð í Ecco búðinni

68994 00222
Litir: Brúnt
Stærðir: 40-47
Verð: 9.995



Langur laugardagur

68994 00201
Litir: Svart
Stærðir: 40-47
Verð: 9.995



68993 02152
Litir: Hvítt
Stærðir: 36-42
Verð: 9.995



68973 00201
Litir: Svart
Stærðir: 36-42
Verð: 9.995



68993 00201
Litir: Svart
Stærðir: 36-42
Verð: 9.995



68974 02114
Litir: Brúnt
Stærðir: 40-47
Verð: 9.995



68974 00201
Litir: Svart
Stærðir: 40-47
Verð: 9.995



68973 22152
Litir: Hvítt
Stærðir: 36-42
Verð: 9.995



65383 00101
Litir: Svart
Stærðir: 36-41
Verð: 7.995



65503 00101
Litir: Svart
Stærðir: 36-42
Verð: 6.995



LAUGAVEGUR

the most comfortable place on earth

ECCO

SMART FYRIR PÁSKANA

- skokkar
- kjólar
- jakkar
- pils

Ný sending

FLASH

LAUGAVEG 54 • SÍMI: 552 5201

Auglýsingasími

512
50
50

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum **VSV**

Starfsfólk óskast

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum auglýsir eftir vönu starfsfólki í snyrtingu og þökkun í frystihúsi félagsins.

Upplýsingar gefur Þór Í. Vilhjálmsson, starfsmannastjóri í síma 488 8010 eða 897 9615



Hársnyrtideild

Óskar eftir sölu og markaðsfulltrúa til starfa.

Menntunarkröfur:

Umsækjendur þurfa að hafa lokið námi í hársnyrtið.

Hæfniskröfur:

Við leitum eftir einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, reynslu af sölu og markaðsmálum, ríka þjónustulund, metnað, frumkvæði, auk góðrar alhliða tölvukunnáttu.

Umsóknir ásamt ferilsskrá og mynd, sendist til: Halldórs Jónssonar ehf Skútuvoði 11 104 Reykjavík, eða í tölvupósti á afgr@hj.is fyrir fimmtudaginn 9.apríl.



SASSOON SEBASTIAN
PROFESSIONAL

Net-sérfræðingur

Svar tækni leitar að hæfileikaríkum tæknimanni á sviði net- og IP símkerfþjónustu.

Starfið felur m.a. í sér:

- Uppsetningar á netkerfum hjá viðskiptavinum
- Uppsetningar á IP símkerfum hjá viðskiptavinum
- Þjónusta við núverandi viðskiptavini

Menntun og hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga og þekkingu á Microsoft Windows netumhverfi.
- Áhugi og þekking á IP net- og símakerfum er kostur.
- Viðurkenndar gráður í faginu frá Microsoft, Cisco eða sambærilegum aðilum.
- Rík þjónustulund og metnaður eru lykilatriði en miklir möguleikar eru á að vaxa innan fyrirtækisins.

Svar tækni selur og þjónustar Swyx IP símkerfi en hátt í 160 íslensk fyrirtæki nota þau í dag.

Umsóknarfrestur er til 13. apríl 2009.

Umsóknum skal skila á umsokn@svar.is eða Svar tækni ehf., Síðumúli 37, 108 Reykjavík.

svar: tækni



Linux kerfisstjórn

NimbleGen Systems á Íslandi óskar eftir að ráða í tímabundið starf

Starfið felur í sér rekstur og viðhald á Linux/Unix kerfum fyrirtækisins. Þátttaka í uppbyggingu/innleiðingu nýrra lausna í Linux umhverfi til stuðnings framleiðslu auk annarra tilfallandi verkefna.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða a.m.k. þriggja ára reynsla í starfi sem kerfisstjóri í Linux/Unix umhverfi
- Góð þekking á rekstri Linux/Unix kerfa í fyrirtækja-umhverfi
- Góð enskukunnáttu

Starfsmaður þarf að vera sveigjanlegur og áreiðanlegur auk þess að eiga auðvelt með að vinna með öðru fólki.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá (CV) á netfangið: reykjavik.jobs@roche.com. Umsóknarfrestur er til 20. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Einarsdóttir, starfsmannastjóri, gudny.einarsdottir@roche.com, s: 414-2125

NimbleGen Systems útibú á Íslandi
Vínlandsleið 2-4, 113 Reykjavík

Fjordshipping is a management company that is located in Måløy, Norway. As of today's date, the company operates 15 ships, 10 refrigerator ships, 3 chemical product tankers and 2 self-loaders. Due to an increase in activities and internal re-structuring within the company, we are seeking to engage a new Technical Superintendent as soon as possible.

FJORD SHIPPING
MANAGEMENT

Technical Superintendent

Areas of responsibility:

- Follow-up of ships in operation
- Planning/management of maintenance and shiprepair/drydocking.
- Budgetary responsibility for assigned ships
- Claim handling with insurance companies.
- Purchasing.
- Follow-up of classification, flag state and port state.
- This position reports to the technical manager.

Required qualifications:

- Relevant technical/maritime education.
- Experience in equivalent tasks within shipping, classification and/or shipyards.
- Experience in use of maintenance systems will be preferred.
- Must be fluent in English, both written and spoken.
- Must be able to work in a structured and independent manner.
- Vitality and a positive attitude towards working with people are qualities we attach great importance to.

General conditions:

- Challenging and demanding tasks and responsibilities in an expanding company with high ambitions.
- Competitive terms.
- Some travelling abroad should be expected.

For further information, please contact general manager Magne Aarvik by phone on: +47 57 85 38 50. We look forward to receiving your application with attached CV, which can be sent to: magne@fjordshipping.com, or Fjord Shipping AS, Postboks F, 6700 Måløy, Norway. Please mark the envelope as follows: "Application – Technical Superintendent." Deadline 14.04.09

Fjord Shipping AS
P.O. Box F
N-6700 Måløy
Norway



SKÓLASTJÓRI

Laus er staða skólastjóra fyrir samrekinn leik-, grunn- og tónskóla Mýrdalshrepps.

Skólarnir hafa til þessa verið reknir sem sjálfstæðar einingar en haustið 2009 mun starfsemin í fyrsta sinn verða samrekin.

Mýrdalur, syðsta sveit á Íslandi, er grasi gróin sveit sunnan Mýrdalsjökuls. Sveitin er land mikilla andstæðna þar sem beljandi jökulfljót og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við grasi grónar heiðar og láglendi. Frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal er einungis tveggja tíma akstur og býður Vík upp á afþreyingu fyrir börn jafnt sem fullorðna t.d. eru frábærar gönguleiðir, sundlaug, golfvöllur, jöklaferðir ofl.
www.vik.is

Starfssvið

- Skipulagning og undirbúningur nýrrar stofnunar
- Fagleg forysta og skólaþróun
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Stjórnun starfsmannamála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður og einlægur áhugi á skólastarfi, reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum

Laun skv. kjarasamningi LN og KÍ vegna SÍ eða FL.

Umsjón með starfinu hefur Agla Sigríður Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Laust starf í Húnaþingi vestra

Starf við Félagsþjónustu Húnaþings vestra

Félagsþjónusta Húnaþings vestra óskar eftir að ráða starfsmann með menntun sem þroska-, iðjuþjálfari eða tilsvarandi.

Starfssviðið er fjölbreytilegt með áherslu á ráðgjöf í málefnum fatlaðra. Náð samstarf við fjölskyldur, grunnskóla og leikskóla, sem gerir m.a. kröfu um góða samvinnuhæfileika og skipulag. Starfsmanni er m.a. ætlað að taka þátt í mótun og uppbyggingu starfsins í faglegu umhverfi. Ef ekki tekst að ráða fagmenntaðan starfsmann verður litið til annarrar menntunar og persónulegra eiginleika umsækjenda. Á Norðurlandi vestra er sterkt faglegt umhverfi í málefnum fatlaðra og gott samstarf er milli sveitarfélaga og fagfólks á svæðinu. Í Húnaþingi vestra er mjög fjölbreytt og góð þjónusta fyrir íbúa á öllum aldri. Umhverfið er öruggt og þetta er fjölskylduvænt samfélag. Húnaþing vestra, með Hvammstanga sem byggðakjarna, er vel tengt. Hér eru tryggðar samgöngur með staðsetningu miðsvæðis milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Hér er einnig fjölbreytt félags- og menningarlíf og góðir möguleikar til útivistar og frístundalífs. Vegna kynjasamsetningar eru karlmenn hvattir til að sækja um starfið. Í boði er framtíðarstarf í faglegu og spennandi umhverfi. Launakjör eru samkvæmt samningum Launaneftdar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá berist fyrir 21.apríl nk. til: Félagsþjónusta Húnaþings vestra, Ráðhúsið, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Nánari upplýsingar veitir Oddur Gíslason, félagsmálastjóri eða félagsráðgjafi Henrike Wappler s. 455 2400 eða á netfanginu felagsmalastjori@hunathing.is. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Múrarak - Flísamenn

Óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum múrurum til liðs við framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Strúctor er ahlíða byggingaþjónusta með fagmennsku í fyrirmúri

Næg vinna framundan
Símar: 824-0150 / 824-0160



Vinnslustöðin Vestmannaeyjum



Vinnslustöðin er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Velta félagsins nam rúmum 7 milljörðum króna árið 2008. Landvinnsla fyrirtækisins samanstendur af uppsjávarvinnslu, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolffiskfrystingu. Vinnslustöðin gerir út 7 skip; 2 uppsjávarskip, 4 togskip og 1 netabát og rekur auk þess fiskimjólsmiðju.

Nánari upplýsingar veitir: Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Vinnslustjóri

Vinnslustöðin hf. óskar eftir að ráða vinnslustjóra.

Ábyrgðar- og starfssvið:

- Hefur umsjón með og skipuleggur daglega fiskvinnslu félagsins s.s. mönnun, innkaup hráefnis, ákvarðanir um framleiðslu og val vinnsluleiða.
- Hefur umsjón með útreikningum á framlegð, vinnslunýtingu og afurðanýtingu. Sér um þjálfun og árangursmat starfsmanna.
- Ber ábyrgð á gæðamálum og að unnið sé í samræmi við verklagsreglur og verklýsingar í gæðahandbók félagsins (HACCP) og hefur samskipti við eftirlitsaðila.
- Tekur þátt í vörubrúun, vörustjórnun og sölu á afurðum félagsins.

Menntun og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla í fiskvinnslu/sjávarútvegi.
- Reynsla af stjórnun.
- Góð tölvukunnátta.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.

Melabraut 21-27 – Hafnarfirði - www.vhe.is - vhe@vhe.is



Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar í Hafnarfirði og á Reyðarfirði, óskar eftir að ráða til starfa:

- Vélvirkja
- Rennismiði
- Aðra málmíðnaðarmenn og/eða fólk vant smíðum
- Rafvirkja - Til að starfa á Reyðarfirði

Starfsemi Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar er mjög fjölbreytt en fyrirtækið sinnir ýmsum smíða- viðhalds- og þjónustuverkefnum ásamt hönnun og smíði véla og vélbúnaðar fyrir álver, hér á landi og erlendis.

Óskað er eftir að umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjendur séu sendar í tölvupósti á jongt@vhe.is (Austurland) og einar@vhe.is (Hafnarfjörður) Vinsamlegast endurnýið eldri umsóknir. Upplýsingar í síma 5759700

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu framkvæmdastjóra

Starfssvið

- Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með heildarstarfi hljómsveitarinnar og verkefnum á hennar vegum.
- Hann ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar, sem tekur ákvörðun um ráðningu hans, sbr.lög nr. 36/1982

Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafist er háskólamenntunar og traustar rekstrarþekkingar, auk haldgóðrar þekkingar á sígildri tónlist

Umsóknar frestur er til 24. apríl.

Starfið er veitt frá 1. september nk.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu stílaðar til Prastar Ólafssonar (throl@sinfonia.is), sem veitir allar nánari upplýsingar

Sinfóníuhljómsveit Íslands,
Háskólabíó v/Hagatorg, Pósthólf 7052,
127 Reykjavík, sími 545 2500 fax 562 4475
<http://www.sinfonia.is>

Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn fá hollan mat í glæsilegu mötuneyti og boðið er upp á akstur til og frá vinnu. Hjúkrunarfræðingar og lækur sinna heilsumvernd starfsmanna í álverinu.

Sumarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli

Við leitum að duglegu og áreiðanlegu fólki til sumarstarfa í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Störfin eru fjölbreytt og geta veitt góðan undirbúning fyrir framtíðarstörf. Unnið er á vöktum sem gefa ágætar tekjur og drjúgan frítíma.

Starfsmenn þurfa að hafa náð 18 ára aldri og vera komnir með bílpróf.

Ráðningartími er frá 1. maí eða 1. júní.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl.

OKKUR LANGAR Í

... Body Excellence Slim kremið frá Chanel sem hjálpar til við að koma manni í form fyrir laugarnar í sumar.




DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson


Tíska fyrir lítinn pening

Nú tekur við hið skrýtna tímabil tískunnar þegar árstíðirnar fara að breytast og íslenskar píur fara að lifa í þeirri sjálfsblekkingu að vorið sé á næsta leiti. Það versta við þetta allt saman er að í raun og veru kemur aldrei neitt almennilegt sumar, bara einhvers konar vor og venjulega er maður hríðskjálfaði í röðinni fyrir utan Kaffibarinn þó að það sé miður júlímánuður. Það er mér að minnsta kosti nokkuð ljóst að allir þessir Hawaii-blómakjólur í anda Gucci eða víðar kvennabúrs-buxur munu ekki birtast í fataskápnum mínum í vor. Norræni tiskutvíværingurinn er nýfyrstaðinn og það mátti sjá litríkar ljósmyndir af stórglæsilegum stelpum í ævintýralega flottum fötum og ég verð alltaf jafn impóneruð af flottum og frumlegum íslenskum stíl. Ég get ímyndað mér að margar þeirra séu þeim kostum gæddar að kunna á saumavél og eigi ekki í erfiðleikum með að töfra fram dress eftir dress sem er væntanlega skynsamlegur kostur eins og efnahagsstaða landsins er í dag. Það kemur oftast mikill sorgarsvipur á vinkonur mínar þegar talað er um tíska þessa dagana því enginn tímir að kaupa sér eitthvað nýtt, hvað þá að kíkja í búðarglugga þegar freistingarnar eru margar og lítið af peningum milli handanna. „Hvar finnur maður eiginlega ódýr og flott föt,“ er alltaf viðkvæðið og eins leiðinlegt og mér þykir að segja það þá er úrval af ódýrum fatnaði bara nokkuð slæmt hér í borg. Ekki erum við komin með H&M, búðina sem allar konur elska, og einhvern veginn er verðið á fötum úr tiskuvörukeðjum óeðlilega hátt. Ef maður hefur ekki efni á nýjum kjól eða flottu dressi við öll þessi partí-tækifæri sem eru fram undan í vor, hvort sem það eru útskriftir eða árshátíðir, þá klikkar samt aldrei að bæta nokkrum nýjum fylgihlutum við. Einfaldur, þröngur svartur kjóll verður æðislegur við himinháa hælaskó í flottum sterkum lit, rauður varalitur gerir kraftaverk, og svo er hægt að vera sniðugur og nota til dæmis stóra slaufu til að poppa upp á einfaldan kjól eða fá gamla flotta pelsslá lánaða. Það er hægt að finna fínustu hælaskó í ódýrari búðum eins og Top Shop og Zöru sem apa eftir nýjustu tíska og enginn sæi nokkurn tímann muninn. Svo stendur nú „grunge“-rokk lúkkið alltaf fyrir sínu og þá þarf maður ekki annað en gallabuxur, bol og leðurjakka og vænan skammt af „attitude“.

HVÍTT Sumarlegur hvítur þröngur kjóll.



SEXÍ Svartur stuttur kjóll með áberandi munstri á hliðum.



ELDRAUTT Sexý sumarflík frá Hervé Leger.

STUTT Þröngur jakki og pils minna mikið á tíska níunda áratugarins.



32.000 hugtök
6.000 myndir
800 viðfangsefni

HANDBÓKUR / FRÉTTABLAÐIÐ 31.03.2009

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FRAMTÍÐAREIGN

Glæsileg fermingargjöf

Fyrsta bók sinnar tegundar á íslensku. Hún geymir myndir af öllu milli himins og jarðar, allt frá smæstu líffærum augans til einstakra hluta þotuhreyfils. Hverri mynd fylgir íslenskt orð yfir viðkomandi fyrirbæri og hluta þess og einnig heiti þeirra á fjórum öðrum tungumálum: ensku, þýsku, frönsku og spænsku.

ÍSLENSKA • ÞÝSKA • ENSKA • FRANSKA • SPÆNSKA

HERVÉ LEGER STIMPLAR SIG INN

Kynþokkafullir kjólar

Á níunda áratugnum naut hönnuðurinn Hervé Leger mikilla vinsælda hjá ofurfyrirsætum og kvikmyndaleikkonum, en hann varð frægur fyrir stutta og niðþrönga kjóla sem nefndust „bandage dresses“ og voru gerðir úr eins konar vafningum úr þykku teygjuefni sem gerðu heilmikið fyrir kvenlegan vöxt. Hönnuðirnir Christopher Kane og Proenza Schouler fengu hugmyndina að láni síðasta sumar en þá slógu slíkar flíkur rækilega í gegn. Hönnuðurinn Max Azria hefur tekið við Leger-tískuhausinu og sýndi mjög flotta línu fyrir vor og sumar 2009 þar sem sítruslitir og svart voru áberandi. Einnig vakti sundfatnaðurinn mikla athygli fyrir kynþokkafull snið.

GULT Fallegur, stuttur og sexi kjóll í sumarlit.

- amb



HNÉSITT Fallegur pastellitaður kjóll með sítrusívafi.



FLOTTUR Sundbolur fyrir konur með línur frá Hervé Leger.



VAFNINGAR Efnislítil sundbolur í svörtu frá Hervé Leger.

BLU-RAY MARKAÐUR

Blu-ray myndir á frábæru verði
Fjöldi titla í boði!

2.199 kr.

*Dr. No
From Russia With Love
Thunderball
Live and Let Die
Die Another Day
For Your Eyes Only
Casino Royale
Die Hard
Die Hard 2
Die Hard 4
Night at the Museum
27 Dresses
What Happens in Vegas
Hancock
Made of Honour
Rocky
Hitman
o.fl., o.fl...*



BLU-RAY MYNDIR

Fáanlegt í Skeifu, Kringlu, Smáralind og á Akureyri*
*Allt úrvalið fæst í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 8. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

PÁSKA

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

A300D FARTÖLVA Á TILBOÐI
 AMD Dual Core X2 R6170 2.0GHz
 4GB DDR2 800MHz vinnuleysi
 800GB SATA 5400RPM diskur
 DVD SuperMulti DL skrifari
 15.4" WXGA freðiflöt skjár
 812MB ATI HD3470 skjáskort
 1.3MP myndgrip myndavali
 Windows Vista Business og IP Pro
149.900
 RADGRIÐSELUR TIL 48 MAN

A300
 Intel Core 2 Duo T3000 2.0GHz
 4GB DDR2 800MHz vinnuleysi
 250GB SATA 5400RPM diskur
 DVD SuperMulti DL skrifari
 15.4" WXGA freðiflöt skjár
 812MB ATI HD3470 skjáskort
 1.3MP myndgrip myndavali
 Windows Vista Home Premium
134.900
 RADGRIÐSELUR TIL 48 MAN

ML65 FARTÖLVA Á TILBOÐI
 Ný og gleðingartölva frá Packard Bell með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
9.990
 HVERJÓ BETRA VERÐ!

500GB HDMI EDITION 1080i
 Ný og gleðingartölva frá Packard Bell með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
29.900
 750GB AERISX KR. 34.900

160GB COOLMAX FLÁKKARI
 160GB Coolmax írrennir flákkari
 Sérstök til og gleðingartölva
 Afskrifað og írrennir
 Örnir í lita og aðrir 180gr.
 Þarf ekki strömbrýtt
 Vinsulframtölva með kappabútt hljóð
9.990
 650GB AERISX KR. 34.900

1TB 1080P HD SPILARI
 1TB LaCie írrennir flákkari
 HD TV 1080P HD Mynda spilar
 Nýja 1.01 útgáfa hraða spilar
 Hægt að tengja við aðra flákkara
 Spilar HD kveikjandi og hljóð
 MP3G, 1.02A, MP3, H.264 vtt. vtt.
 HDMI, RCA, S-video tengi vtt.
49.800
 HD TV ÁN LACIE KR. 28.900

GIGABYTE GIGABYTE X TÖLVUTILBOÐ
 GIGABYTE X írrennir með nýja Athlon X2 Dual Core írrennir og óskilvæðni áttu góð hljóð og hljóðgætt.
 Athlon X2 Dual Core 7500 2.7GHz - 3MB
 4GB DDR2 800MHz vinnuleysi
 300GB SATA2 15000 NCG diskur
 30x DVD SuperMulti skrifari
 812MB ATI HD3470 skjáskort
 20" LCD 16:9 skjár 20000:1, 5ms
 Vandað lykilmál og English mál
 Windows Vista Home Premium
129.900
 ÖTRALEGT PÁSKATILBOÐ

LACIE FLOTTUR 1TB FLÁKKARI
 Sérstökur flákkari með 1TB af góðum hljóðnum frá LaCie sem er góður fyrir gæðingartölva og írrennir.
 1TB LaCie írrennir flákkari
 Hægt að tengja við aðra flákkara
 Afskrifað og írrennir
 Örnir í lita og aðrir 180gr.
 Þarf ekki strömbrýtt
 T-Click afbrotarhljóð
 Tengist beint í USB 2
19.900
 HVERJÓ BETRA VERÐ!

MP540 ALL IN ONE
 Ný og gleðingartölva frá Canon með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
17.900
 FULVOTAFRÁLA

CANON IP 3600 PRENTARI
 Ný og gleðingartölva frá Canon með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
12.900
 CANON PRENTARI

USB SÓNVARPSKORT
 USB Áhrifa og DVI-D HDV skrávörp
 HDV myndavali og myndavali
12.900
 GIGABYTE UNOHD

2009
 NÝJÓ BETRA VERÐ!
4.990
 MIST BILD Á ÍSLANDI

20" LCD ACER SKJÁR
 20" LCD ACER skjár
 16:9 skjár
 20" LCD ACER skjár
27.900
 SLÁÐLEGLAR 20" LCD

28" LCD HANNS-G SKJÁR
 28" LCD HANNS-G skjár
 16:9 skjár
 28" LCD HANNS-G skjár
79.900
 FULL HD 1080P SKJÁR

IM PRO VEFMYNDAVEL
 Ný og gleðingartölva frá Creative með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
5.990
 CREATIVE VEFMYNDAVEL

I-TRIQUE 2.1 KERFI
 Ný og gleðingartölva frá Creative með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
9.990
 CREATIVE HLJÓÐKERFI

HS900 KEYRNATÖL
 Ný og gleðingartölva frá Creative með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
6.990
 CREATIVE KEYRNATÖL

FATALITY LEIKJAMUS
 Ný og gleðingartölva frá Creative með mjög góðum hljóðnum. Sérstök með mjög góðum hljóðnum.
3.490
 CREATIVE LEIKJAMUS

4BLS
 BÆKFLINGUR
 STÚTFULLUR AF
 SJÓÐHEITUM PÁSKA
 TILBOÐUM

**OPIÐ
 ALLA
 HELGINA**

OPNUNARTÍMAR
 Í dag laugardag
 11:00 - 18:00
 Sunnudag
 13:00 - 17:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Birt með fyrirvara um breytingar, myndbrot og villur • Aðeins þessa heild tilboð gilda aðeins helgina 4-5 apríl

TILBOÐ

ÞUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI



ÁÐEINS
PESSA
HELGI

16:9
CINEMA



ACER
ACER 5335
FARTÖLVA
79.900

ÁÐEINS
30STK



2GB
800MHz DDR2
VINNSLUMINNI
2.990

ÁÐEINS
PESSA
HELGI



1GB
GIGABYTE GTS250
SKJAKORT
19.900

GLÆSILEG
VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31



> SKÓSIJÚK SÖNGKONA

Fergie segist vera sjúk í skó, en hún hefur nú sett á mark að eigin skólinu sem kallast Fergie. Söngkonan víðurkennir að hún þurfi aukaskápa á heimili sitt undir skó sína sem eru af öllum gerðum enda á hún rúmlega 500 skópör. Fergie, sem er 34 ára, gekk nýverið að eiga unnusta sinn, leikarann Josh Duhamel, 36 ára.



fólk

folk@frettabladid.is

Seyðfirðingar í Sony-auglýsingu

„Okkur hefur verið vel tekið af bæjarbúum og það eru allir hérna boðnir og búnir að gera allt fyrir okkur þótt við séum í raun að taka bæinn yfir,“ segir Hjörtur Grétarsson hjá True North um alþjóðlega Sony-auglýsingu sem fyrirtækið tekur nú upp á Seyðisfirði. Alls verða gerðar fimm auglýsingar fyrir hátalara og heyrnartól Sony sem verða sýndar úti um allan heim.

„Við byrjuðum að taka klukkan 11 í gær og verðum hérna í fjóra daga. Við höfum reist móstur með hátölurum sem eru yfir 100 talsins og fest gríðarlega stóra hátalara á ljósastaura. Í fyrrakvöld reistum við eitt mastur í hólmanum í miðju Lóninu, svo við þurfum að gæta flóðs og fjöru, en veðrið ætlar að leika við okkur í tókunum,“ útskýrir Hjörtur,



YFIR 100 HÁTALARAR Móstur með hátölurum hafa verið reist úti um allan Seyðisfjörð, þar á meðal í hólmanum í miðju Lóninu.

en segir megnið af hátölurum einungis vera fyrir leikmynd en ekki hljóð.

„Ástæðan fyrir því að við erum að taka þetta hér á Seyðisfirði er að auglýsingin á að gerast í afskekktum bæ þar sem allir vísindamenn Sony búa og eru að prófa alls konar heyrnartól og hátalara sem þeir framleiða. Það er í raun bara verið að búa til blæ venjulegs lítills samfélags svo þetta á að vera eins eðlilegt og heimilislegt og það getur verið. Um 130 manns koma að tókunum, en þar af eru 25 til 30 leikarar. Þeir eru nær allir héðan úr Seyðisfirði og nokkrir frá Egilsstöðum, svo þetta er allt úr héraði,“ bætir hann við. Auglýsingarnar fara í loftið í lok maí og verða sýndar út um allan heim. Sú lengsta er þrjár mínútur og verður mest spiluð á netinu svo Seyðfirðingar eru að verða heimsfrægir.“

- ag

Kreppuveggspjald úr annarri vídd

Bókaforlagið Crymgea hefur gert samning um dreifingu og sölu á kreppuplakati Halldórs Baldurssonar, teiknara hjá Morgunblaðinu. Plakatið er aðeins prentað í hundrað eintökum af stærðinni 100x70 í sérstakri deluxe-húðun sem krumpast ekki. Verðið er 3.500 krónur.

„Þetta er bara mynd. Um leið og þú horfir á þetta svona nokkra mánuði aftur í tímann sérðu hvað þetta er absúrd. Þetta virðist koma eins og úr annarri vídd,“ segir Kristján B. Jónasson hjá Crymgea um plakatið, sem hann telur að gæti orðið safngripur. „Þetta er að vísu ekkert áritað en þetta er minnismerki um kreppuna, smá minjagripur.“ Á meðal þeirra sem lenda í háðsádeilu



KRISTJÁN B. JÓNASSON Bókaútgefandinn hefur nú til sölu kreppuplakat Halldórs Baldurssonar.

Halldórs á plakatinu eru Ólafur Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde, Gordon Brown og Robert Mugabe, ásamt bankastjórum og útrásarvíkingum.

Halldór bjó plakatið til eftir að efnahagskreppan reid yfir landið og sendi inn í árlega hönnunarkeppni FÍT, Félags grafískra hönnuða og myndskreyta. Þar vann það aðalverðlaunin og hafði dómnefndin þetta að segja um verkið: „Grafískt meistara verk, sem sýnir mátt myndmálsins. Sköpunargleði, teiknináttúra, kímigáfa og síðast en ekki síst persónuleg og einstök sýn höfundarins á viðfangsefnið. Hárbeitt ádeila á heimsmælikvarða.“

PLAKATIÐ Kreppuplakat Halldórs Baldurssonar er gott minnismerki um kreppuna.

- fb

LOGI BERGMANN OG SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR

Rás 2 hyggst blása til nýrrar spurningakeppni fjölmiðlanna en að þessu sinni verður hún um hvítasunnuna. Bylgjan verður með spurningakeppni fjölmiðlanna um páskana.



Tvær keppnir í ár

RÚV er hætt við að hætta við Spurningakeppni fjölmiðlanna. Því verða tvær slíkar keppnir í ár.

„Þetta er magnað og auðvitað eru þetta viðbrögð við keppninni okkar. Mér finnst álika trúlegt að þau hafi ákveðið þetta með jafn skömmum fyrirvara og raun ber vitni og að allir auðmennirnir hafi ekki heyrt um eyjuna Tortola,“ segir Logi Bergmann Eiðsson.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá hætti RÚV við hina sívinsælu spurningakeppni fjölmiðlanna sem haldin hefur verið um páskana á Rás 2. Bylgjan ákvað að bregðast við fjölda áskorana, fá Loga Bergmann til að stjórna keppninni og semja spurningar og ekkert var að vanbúnaði annað en að senda boð til fjölmiðla um að senda lið til leiks. En ekki voru liðnar margar mínútur frá því að Logi birtist í viðtali við Vísir.is en dr. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins, tilkynnti á mbl.is að Rás 2 myndi halda spurningakeppni fjölmiðlanna, reyndar ekki

um páskana eins og hefð er fyrir, heldur hvítasunnuhelgina. Og að Ævar Örn Jónsson myndi sjá um hana líkt og undanfarin ár. Hún yrði þó með breyttu sniði. Í stað engrar spurningakeppni verða því nú tvær með stuttu millibili.

Sigrún Stefánsdóttir sagðist í samtali við Fréttablaðið vonast til þess að Logi Bergmann myndi blómstra í sinni keppni. Spurningakeppni Rásar 2 yrði enda einum og hálfum mánuði seinna. „Við erum búin að keyra þessa keppni áfram í tuttugu ár en sökum þess að Rás 2 er ekki fjársterk um þessar mundir var þetta eitt af því sem ég ákvað að skera niður,“ segir Sigrún. Sú ákvörðun hafi verið endurskoðuð vegna fjölda áskorana, meðal annars á Facebook. Sigrún bætir því við að Ævar Örn sé nú að vinna að tillögu um hvernig keppninni verði háttátt um hvítasunnuna en hún verður með breyttu sniði. Hvorki Sigrún né Logi reiknuðu með því að fréttastofurnar myndu fara í manngreinarálit heldur myndu einfaldlega mæta til leiks í báðum keppnum.

freyrgigja@frettabladid.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Mallorca í vor á einstöku tilboðsverði!

Dagskrá fyrir Gott fólk 60+

Fararstjóri: Rebekka Kristjánsdóttir
Skemmtanastjóri: Bjarney Lea Guðmundsdóttir

Dvöl á Mallorca sameinar allt sem fólk yfir sextugt sækist eftir á sólarstað. Þeir sem hafa ekki áhuga á siglingu um Miðjarðarhaf geta haft hægt um sig, slakað á og gíst á Píllari Playa á Playa de Palma á Mallorca allan tímann. Í boði er fjölbreytt skemmtidagskrá og fjöldi skoðunarferða með fararstjóra.

Heilsurækt
Félagsvist/mini golf
Ganga/stafaganga
Skemmtikvöld

Hotel Cosmopolitan hálf tæði

Verð frá 98.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli með hálfu fæði. Verð m.v. 5.000 kr. afslátt til félaga í Gott fólk 60+

* Verð án Vildarpunkta en með klúbbafslætti: 108.900 kr.

ISLENSKA SÍMA SÍM 4377 042009

VITA er ný ferðaskrifstofa í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

vita

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444



GLÆDIR Í BRAGÐI Leifur B. Dagfinnsson og félagar hjá True North voru ánægðir með að endurgreiðsluprósentan skyldi loks vera hækkuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skálað í True North

„Við fögnum þessum áfanga og nú erum við búnir að ná augum alheimsins,“ segir Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North. Alþingi samþykkti á fimmtudag frumvarp Óssurar Skarphéðinssonar um að hækka endurgreiðsluprósentu til kvikmyndagerðar um sex prósent, úr fjórtán upp í tuttugu.

Kvikmyndagerðarmenn hafa lengi barist fyrir hækkingu endurgreiðsluprósentunnar. Segir Leifur að þetta muni skila sér í auknum verkefnum og sé mikil lyftistöng fyrir kvikmyndaiðnaðinn. Þetta sést til að mynda á gerð Sony-auglýsingar á Seyðisfirði sem fjallað er um hér ofar á síðunni.

- fgg

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU MARKAÐUR

er í fullum gangi í
Norðlingaholtinu
gamla Mest húsinu

MIKIÐ ÚRVAL
AF VOR- OG
SUMARVÖRUM

Opið alla
daga frá
12 - 18



Útsöluvörur frá

Kaupfélagið

skór.is

STEINAR WAAGE

| ECCO

BLEND

CRUSER



VAGABOND

SKECHERS

Reebok

SAM ROCKWELL & ANJELICA HUSTON
FRÁ HÖFUNDI FIGHT CLUB
SÞUKLEGA "FYNDIN OG HÁR-BEITTI KÓMEDIA MÆÐ SÖÐAHUG!"
WINNER SPECIAL JURY PRIZE SUNDANCE 2008
CHOKÉ

Fumsýnd 3. apríl í Háskólabíói

Ekkert hlé á góðum myndum!
Skráning á póstlistann margborgar sig
www.graenaljosid.is

græna ljósið

Sýnir málverk af Grýlu og Gretti

Grýla, Grettir Ásmundarson og Egill Skallagrímsson birtast ljóslifandi í verkum Þrándar Þórarins-sonar listmálara, sem opnar aðra einkasýningu sína í dag.

Samkvæmt þjóðsögunni kemur Grýla til byggða og étur óþekku börnin og í málverki Þrándar er farið með söguna alla leið. „Maður er ekkert voðalega hræddur við að sjá kerlingu með stórt nef sem er skopmyndaleg. Ég málaði hana sem virkilega viðbjóðslega flökkukerlingu,“ segir Þrándur, sem sækir viðfangsefni sín bæði í þjóðsögur og Íslendingasögurnar. Á meðal annarra olíumálverka á sýningunni eru myndir af Heklugosinu, fjallkonunni, kristnitökunni og Flugumýrar-brennu.

Einnig er á sýningunni heldur óvenjuleg sjálfsmýnd Þrándar.

„Ég málaði sjálfan mig sem flotaforingja. Ég vildi bara mála mig í eins huggulegum múnderingum og ég gat hugsað mér,“ segir hann.

Þrándur, sem er fæddur 1978, nam málalístinu hjá norska listmálaranum Odd Nerdrum á árunum 2003 til 2006 eftir nám hér á landi í Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólanum á Akureyri. Einkasýning hans verður haldin á Laugavegi 51 og opnuð kl. 14 í dag. Hún stendur yfir til 19. apríl og er opin daglega frá 13 til 17. - fb



ÞRÁNDUR ÞÓRARINSSON Þrándur sækir viðfangsefni sín í þjóðsögur og Íslendingasögurnar.

Úrslitin ráðast í kvöld

Ellefu hljómsveitir taka þátt í úrslitakvöldi Músíktílauna sem verður haldið í Listasafni Reykjavíkur í kvöld. Undan kvöldin fóru fram í Íslensku óperunni og mættu óvenju margar góðar hljómsveitir til leiks í ár.

Hljómsveitin Agent Fresco, sem vann keppnina í fyrra, stígur fyrst á svið klukkan 17 og spilar í fimmtán mínútur. Eftir það hefja hljómsveitirnar leik og verður herlegheitunum útvarpað á Rás 2. Þrjár efstu hljómsveitirnar fá verðlaun auk þess sem hljómsveit fólksins verður valin. Einnig verða þeir einstaklingar sem þykja hafa skarað fram úr verðlaunaðir.



AGENT FRESKO Hljómsveitin Agent Fresco spilar á úrslitakvöldi Músíktílauna í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afslátt eða gott verð?

Í **MÚRBÚÐINI** er mikið úrval af málningu og málningarvörum

<p>DEKAPRO 04 loftmálning 10L 4.990 kr.</p>	<p>SCALA gólfلاك - olíu 3 L 3.495 kr.</p>	<p>DEKA Meistaralakk 40V 1.495 kr.</p>	<p>DEKA Meistaralakk 70V 1.495 kr.</p>	<p>SCALA olíulakk 30 L 1.395 kr.</p>
<p>DEKAPRO 10 innimálning 10L 5.795 kr.</p>	<p>SCALA Kínaolía 2.5 L 2.495 kr.</p>	<p>DEKA Meistaragrúnnur V 1L 1.295 kr.</p>	<p>SCALA útigrúnnur á tré 40 1L 1.195 kr.</p>	<p>ODEN þekjandi viðarvörn 1L 1.495 kr.</p>
<p>DEKACRYL 7 innimálning 10L 4.590 kr.</p> <p>LÓSIR LITIR</p>	<p>Bakki og rúlla 995 kr.</p>	<p>DEKA Aqua 25 baðherbergismálning 1L 1.595 kr.</p>	<p>Rúlla og skaft 695 kr.</p>	

Reykjavík, Klettháls 7
Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18
Opið mán.-fös. kl. 8-18.
Akureyri, Furuvellir 15
Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 10-13

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Einföld bankþjónusta á netinu



Kort



Lán



Sparnaður



Sjálfsafgreiðsla



Betri vextir

S24 netbanki er fyrir þá...

...sem vilja njóta **betri vaxta**

...sem vilja nýta sér **sjálfsafgreiðslu**

...sem vilja hafa fjármálin **einföld**

Sæktu um...

www.s24.is



Sími 533 2424 – Digranesvegur 1

KVÆÐASAFN ÞÓRARINS ELDJÁRNS EINS ÁSTSÆLASTA SKÁLDS ÞJÓÐARINNAR



BÓK ER GLÆSILEG FERMINGARGJÖF

VAKA-HELGAPELL
www.forlagid.is

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 4. apríl 2009

→ Kvikmyndir

16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmyndina **Beitiskipið Potemkin** eftir leikstjórnann **Sergei M. Eisenstein** í Bæjarbíói við Strandgötu 6, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.



→ Tónleikar

14.00 Skólahljómsveit Mosfellsbæjar efir til 45 ára afmælistónleika í Þróttahúsinu að Varmá. Fram koma alls 120 hljóðfæraleikarar og 10 kórar. Sérstakir gestir verða **Sigrún Hjálmtýsdóttir, María Ólafsdóttir** og **Jón M. Jónsson**.

16.30 Lúðrasveitin **Svanur** og **Big band Svansins** halda tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á efnisskránni verða lög eftir m.a. **Glenn Miller, Benny Goodman, Stevie Wonder, Earth Wind and Fire** o.fl. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

19.00 Tónleikar í Hellinum TPM við Hólmaslóð 2. Fram koma **Severed Crotch, Beneath, Muck** og **Munnriður**. Tónleikarnir eru opnir öllum aldurshópum.

20.00 og 23.00 **Eivör Pálsdóttir** og hljómsveit halda tvenna tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.



21.00 Landslið punkins á Íslandi kemur saman á hátíðinni **PUNK 2009** sem haldin verður á Grand Rokk við Smiðjuveg. Húsið opnað kl. 21.

22.00 Brasilíska söngkonan **Jussananda Silva** verður með tónleika ásamt hljómsveit á Cafe Cultura við Hverfisgötu 18.

22.00 Hljómsveitirnar **Skakkamanage** og **Létt á bárunni** verða ásamt plötusnúðunum **Pasta & Basta** í tjaldinu á Klapparstíg 38 (áður Pasta Basta)

→ Fyrirlestrar

13.00 **Elísabet V. Ingvarsdóttir** flytur erindi í Listasafni Arnesinga við Austurmörk 21 í Hveragerði. Þar mun hún fjalla um íslenska hönnun og íslenska ímynd í samburði við þá hönnunarmynd sem Danir hafa skapað. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



13.00 **Eyja Margrét Brynjarsdóttir** flytur fyrirlesturinn: **Thomas Kuhn** og **visindabyltingar** í Háskólabíói, sal 2. Erindið er liður í fyrirlestraröð þar sem kynntar eru hugmyndir og einstaklingar sem skarað hafa fram úr á sviði vísindanna á 20. öld. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. ar

→ Hönnun og tíska

Norraeni tískutværingurinn í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.nordice.is

14.00 **Védís Jónsdóttir** hönnuður flytur erindi um þróun hönnun.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 5. apríl 2009

→ Dansleikir

20.00 **Swing-dansleikur** verður í Iðná við Vonarstræti þar sem Swingsveit Jóhannesar Þorleikssonar flytja gullaldrar swingjazz í bland við rokk og ról.

→ Heilsa

Í Smáralindinni mun **Ungliðadeild SLFÍ** bjóða upp á fríar blóðþrýstings- og blóðsykurmælingar í samstarfi við Lyfju apótek, milli kl. 13 og 17 í dag.

→ Tónleikar

17.00 **Stúlknakór Norðurlands** vestra heldur tónleika í Félagsheimilinu á Hvammstanga.

22.00 **Elín Eypórsdóttir** verður með tónleika á Cafe Cultura við Hverfisgötu 18. Einnig munu koma fram **Ellen Kristjánsdóttir, KK** og **Lay Low**.



→ Hönnun og tíska

Norraeni tískutværingurinn í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4.

Heimildarmyndin **Möguleikar 2009** eftir **Þorstein J.** verður sýnd kl. 13, 14 og 15.

→ Dansleikir

POPS spila á Bítlaballi á Kringlukuránni, Kringlunni.

Papar verða á NASA við Austurvöll.

Nýdönsk verður í Höllinni við Strembugötu í Vestmannaeyjum.

Vorfagnaður **Smirnoffs** og **Funkþáttarinn** verður haldinn á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma **Boy 8-bit** ásamt **MEGA** úr **Steed Lord** og **Terrorisco**. Húsið opnar kl. 23.

Egó verða í Sjallanum við Geyslagötu á Akureyri.

→ Málþing

Trúarbragðafraeðistofa Hugvísindasviðs HÍ efir til málþings um trúarleg stef í verkum Halldórs Laxness í kapellu Aðalbyggingar HÍ milli kl. 13.30-16.30. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

→ Heilsa

Í Kringlunni mun **Ungliðadeild SLFÍ** bjóða upp á fríar blóðþrýstings- og blóðsykurmælingar í samstarfi við Lyf og Heilsu apótek, milli kl. 12 og 16 í dag.

→ Blús

Blúshátíð í Reykjavík, 4.-9. apríl. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.blues.is.

14.00 Akstur blúsvagna **Krúserklúbbs Reykjavíkur** niður Skólavörðustíg og Bankastræti. Blúsáhaldagangann leggur af stað frá Eggerti feldskera.

15.00 **Gítarsýning** opnuð í Gallerí Sævars Karls í Bankastræti.

17.00 **Klúbbur Blúshátíðar** opnaður á Café Rósenberg við Klapparstíg.

→ Fyrirlestrar

15.00 **Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Helgi Ólafsson** og **Hafþór Yngvason** rýna í hugtak fagurfræðinnar í samhengi við skáklitina á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.



→ Sýningar

Ásgerður Ólafsdóttir hefur opnað myndlistasýningu í Listasal IÐU við Lækjargötu. Sýningin verður opin alla daga kl. 9-22.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



GLUGGAR & HURÐIR

Tilboð í apríl!

Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður

- Gluggar frá BYKO eru vottaðir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Íslensk hönnun og verkvit
- Eingöngu gagnvarinn viður
- Einangrunargler / sólvarnargler
- Glerjað og málað í verksmiðju



BYKO gluggarnir hafa staðist íslenska veðráttu um áratugaskeið enda hannaðir sérstaklega fyrir íslenskt veðurfar.

Tvær gerðir af gluggum:

- Áíklætt að utan og viður að innan. Fjölmargir litamöguleikar.
- Viðargluggar. Fura / Mahogny / Oregon Pine.

Gæðaeftirlit

BYKO gluggar eru með íslenska vottun frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.





NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BYKO.IS, EÐA SENDA FYRIRSPURN Á GLUGGAR@BYKO.IS. SÍMI 515 4000

**Max
Kaupþúni**

84.989 kr.

Fullt verð ~~119.989~~

22 tommur

Toshiba 22DV555DG

22" LCD breiðtjald • Innb. fjölkerfa DVD spilarí • Digital DVB-T móttakari • 1680x1050 uppl. ofl.

**INNBYGGÐUR
DVD
VIDEO
SPILARI**



**MADAGASCAR 2
fylgir frítt!**

Full búð af fermingatilboðum!

OPNUNARTÍMI
Mán. kl. 11-19
Þri. kl. 11-19
Mið. kl. 11-19
Fim. kl. 11-19
Fös. kl. 11-19
Lau. kl. 11-18
Sun. kl. 12-18

MAX / Kaupþúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX
RAFTÆKI

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSRUMSÝNING FAST & FURIOUS
LÚXUS

PÁSKAMYNDIN Í ÁR!
Vinsælasta Myndin í USA í dag!
3D
Fyrsta DREAMWORKS ANIMATED TILGÁTTAÐA SEM ER DÖRÐUR Í FÖRSTU FÝRIR BÍÓMYNDIR
LÚXUS

Viðsælasta myndin á Íslandi í dag!
Vinsælasta gamanmynd ársins í USA
2 vikur á toppnum!
KEVIN JAMES
PAUL BLART
MALL-COP
Öryggi tekur sér aldrei frið!
Smáralind

FRÁ HOEJUNDI FIGHT CLUB
SINCE I CAN FINN ME, I CAN FIND SOME OTHER PEOPLE...
DANIEL CRUISE
SOCRATUÐUR
CHOKE

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

FAST AND FURIOUS	kl. 3-5:45 - 8-10:15	12
FAST AND FURIOUS LÚXUS	kl. 5:45 - 8-10:15	12
MONSTERS VS ALIENS 3D	kl. 1-3:20-5:30 ísl. tali	L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 1-3:20-5:30 ísl. tali	L
MONSTERS VS ALIENS LÚXUS	kl. 1-3:40-5:50-8-10:10	L
MALL COP	kl. 8-10	16
KILLSHOT	kl. 8-10	16
MARLEY AND ME	kl. 8-10:30	L
BLÁI FÍLLINN	kl. 1	L

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919 **TILBOÐSVERÐ**

CHOKE	kl. 6-8-10 (Ekkert hlé)	14
THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS	kl. 3-5:50-8-10:10	12
MALL COP	kl. 3-5:50-8-10:10	L
ARN THE NIGHT TEMPLAR	kl. 10:20	14
THE READER	kl. 5:40-8	14
BLÁI FÍLLINN	kl. 3	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 3:40	L

BORGARBÍÓ Sími 462 3500 **TILBOÐSVERÐ**

FAST AND FURIOUS	kl. 6-8-10* Kraftsýning	12
MALL COP	kl. 2-4-6-8-10	L
BLÁI FÍLLINN	kl. 2	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDDAN Á **mid.is** FÖRÐ 5% ENDURGREIÐT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDDAN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



TAUGASTRÍÐ Lið MR og MH eigast við í kvöld í úrslitum Gettu betur. Lið MR er skipað (frá vinstri): Vigni Mátí Þórsýni, Birni Reyni Halldórssyni og Elíasi Karli Guðmundssyni. Lið MH er skipað (frá vinstri): Skúla Þór Jónsýni, Inga Þór Óskarsýni og Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJÉTUR



Taugarnar lykilatriði í kvöld

Í kvöld eigast MH og MR við í spurningakeppni framhaldsskólanna. Taugarnar verða þandar þegar menntskælingarnir úr höfuðborginni eigast við í beinni útsendingu úr sjónvarpsal Ríkissjónvarpsins í Efsta-leiti.

Páll Ásgeir Ásgeirsson var höfundur spurninga og dómari keppinnar í fyrra og Fréttablaðið fékk hann til að rýna aðeins í viðureign liðanna í kvöld. „Sagan segir mér að MR muni vinna, þetta er ekkert byggt á faglegru skoðun, það er bara frávík ef einhver annar skóli en MR vinnur þessa keppni. Menn mega þó ekki gleyma því að það eru alltaf undantekningar frá öllum reglum,“ segir Páll. Orð að sönnu, MH hefur aldrei unnið þessa keppni. MR hefur hins vegar farið með sigur af hölmum oft en nokkurt annað lið, alls þrettán sinnum. Ef Hljóðneminn fer niður í miðbæ verður það þriðja árið í röð. Páll bætir því við að þegar komið sé á þennan stað í keppninni skipti hæfni liðanna minna máli en oft áður. „Þetta snýst alveg rosalega mikið um taugastyrk og andlegt jafnvægi, við höfum oft

séð það í þessum þáttum, andlegi þátturinn er alveg gríðarlega mikilvægur,“ segir Páll.

Spyrill í kvöld verður sem fyrr Eva María Jónsdóttir, dómari og spurningahöfundur er Davíð Þór Jónsson og stigavörður Ásgeir Erlendsson. Hinir tveir síðastnefndu hafa vakið mikla athygli fyrir smekklegan klæðnað í sjónvarpinu að undanförunum en mikil leynd hvílir yfir klæðaburði þeirra í kvöld. „Hann verður við hæfi,“ var það eina sem Davíð Þór vildi láta hafa eftir sér í samtali við Fréttablaðið.

freyrgjiga@frettabladid.is



ANDLEGI ÞÁTTURINN MIKILVÆGUR Páll Ásgeir Ásgeirsson telur að taugasterkara liðið muni vinna Gettu betur í kvöld.

Undirbúa sumarið

Hljómsveitirnar Skakkamanage og Létt á bárunni halda parti í tjaldinu við Klappartíg 38 við veitingastaðinn Basil & Lime í kvöld. Þetta verða fyrstu tónleikar Létt á bárunni sunnan heiða en sveitin er skipuð Svavari Pétri Eysteinsyni og Berglind Häsler sem eru bæði í Skakkamanage. Plötusnúðarnir Pasta & Basta koma einnig

fram. „Við ætlum að búa fólk undir komu sumarsins og útilegu- og tjaldstemningu,“ segir Svavar Pétur. „Þarna verður dansað fram eftir nóttu.“ Stuðið hefst klukkan 22 og stendur til 1.

SKAKKAMANAGE Hljómsveitin Skakkamanage spilar í tjaldinu við Klappartíg 38 í kvöld.



NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HEIMSRUMSÝNING **EINNIÐ SÝND Í 3D**

FAST & FURIOUS **MONSTERS VS ALIENS**

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

FAST & FURIOUS - POWER	kl. 5:50, 8 og 10:10	12
MONSTERS VS ALIENS 3D	kl. 2(850 kr.), 4, 6 ísl. tali	L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 2(850 kr.), 4, 6 ísl. tali	L
MALL COP	kl. 4, 8 og 10	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8 og 10:15	12
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 2(500 kr.)	L

PÁSKAMYNDIN Í ÁR! Fyrsta DREAMWORKS ANIMATION TEKNAFUNDIN SEM ER BERT SÉRSTAFLEGA FYRIR ÞRÍÓDDIÐ.

MONSTERS VS ALIENS

SAMBÍÓ

SAMBÍÓ ALFABAKKA		SAMBÍÓ SELFÖSS	
MONSTERS m/ísl. tali	kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D)	MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8 L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	WATCHMEN	kl. 10:10 16
MONSTERS VS ALIENS	kl. 8 - 10:20 m/ensku tali	RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 3:40 L
FAST & FURIOUS	kl. 6 - 8 - 10:20	HOTEL FOR DOGS m/ensku tali	kl. 5:50 L
FAST & FURIOUS	kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:20 VIP	THE INTERNATIONAL	kl. 8 16
KNOWING	kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE WRESTLER	kl. 10:30 14
WITCH MOUNTAIN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	BLÁI FÍLLINN m/ísl. tali	kl. 2 L
DUPLICITY	kl. 8 12	SAMBÍÓ AKUREYRI	
WATCHMEN	kl. 8:20 16	MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8 L
GRAN TORINO	kl. 10:20 12	ELEGY	kl. 10 12
DESPERAUX m/ísl. tali	kl. 1:30	CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 2 L
BOLT m/ísl. tali	kl. 3:40 L	RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 4 - 6 7
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:30 L	KNOWING	kl. 8 - 10:20 12
SAMBÍÓ KRINGLUNNI		SAMBÍÓ KEFLAVÍK	
MONSTERS kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D)	L	MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8 L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L	DUPLICITY	kl. 8 - 10:20 L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 8(3D) - 10:10(3D) (dub.)	VALKYRIE	kl. 10 16
KNOWING	kl. 8D - 10:30D 12	DESPERAUX m/ísl. tali	kl. 2 - 4 L
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 6 - 9 16	BLÁI FÍLLINN m/ísl. tali	kl. 6 L
RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 1:30	Sparbíó 550kr	
SHOPAHOLIC	kl. 3:40 L	Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNGUGLU	

Sparbíó SAMBÍÓ SAMBIO.IS

MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka og í Kringlunni kl. 2 á Selfossi og í Keflavík **550kr**

RACE TO WITCH MOUNTAIN kl. 1:30 í Álfabakka og í Kringlunni kl. 2 í Keflavík **550kr**

CHIHUAHUA m/ísl. tali kl. 1:30 í Álfabakka kl. 2 á Akureyri **550kr**

Ódýrt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

MONSTERS VS ALIENS ATH. 850 KR. Á 3D ATH. 500 KR. EKKI Í 3D

Ævintýri Desperaux ATH. 500 KR.

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

750kr KL.3.40 HÁSKÓLABÍÓ

750kr ÖRYGGI TEKUR SÉR ALDREI FRI! KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.2 BORGARBÍÓ

1000kr KL.1 SMÁRABÍÓ

850kr KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

750kr KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

750kr KL.2 BORGARBÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ

OKKAR FRAMLAG

SUMAR
09

Dömu-, herra- og
barnafatnaður

bolir
skyrtur
softshell
flís
buxur
jakkar
bakpokar
svefnpokar
ofl.

NÝJAR VÖRUR

-500%

TILBOÐ VIKUNNAR
KÍKTU Á!

Regatta 
GREAT OUTDOORSTM

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST & SPORT

verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

ADRIR SÖLUSTADIR: Hafnarbúðin Ísafirði, Hjá Dóru Hornafirði, Hornið, Sunnuhlíð Akureyri

> Betra að tapa í dag?

Ætli KR-ingar og Grindvíkingar að fylgja uppskriftinni að síðustu Íslandsmeistaratitlum sínum þurfa þeir væntanlega að keppast um að tapa fyrsta leiknum í lokaúrslitunum í Iceland Express-deild karla í DHL-Höllinni í dag. KR tapaði fyrsta leiknum á móti Grindavík 2000 og fyrsta leiknum á móti Njarðvík fyrir tveimur árum en tryggði sér titilinn í bæði skiptin með því að vinna þrjá næstu leiki. Þetta á líka við hjá Grindavík því þegar liðið varð Íslandsmeistari í eina skiptið 1996 tapaði það fyrsta leiknum í úrslita-einvíginu á heimavelli en vann síðan einvígið 4-2 eftir að hafa unnið alla þrjá útleikina í lokaúrslitunum.

sport
sport@frettabladid.is



ARON PÁLMARSSON: FER Í HNÉAÐGERÐ Í KIEL Á MÁNUDAG EN VERÐUR EKKI LENGI FRÁ

Verð örugglega klár í landsleikina í sumar

Það á ekki af landsliðsmönnum Íslands í handbolta að ganga. Þeir eru orðnir fastgestir hjá skurðlæknum og sá nýjasti til þess að leggjast undir hnifinn er ungstirnið Aron Pálmarsson, leikmaður FH og tilvonandi leikmaður Þýskalandsmeistara Kiel.

Aron er staddur ytra þessa dagana en læknar Kiel munu skera hann upp á mánudagsmorgun.

„Ég lét Alfrið [Gíslason, þjálfari Kiel] vita af þessum málum sem og að Binni [Brynjólfur Jónsson, læknir landsliðsins] vildi skera. Allt vildi endilega láta lækna skoða mig úti og þeir komust að nákvæmlega sömu niðurstöðu. Ég fer því í aðgerðina á mánudagsmorgun. Ég ætti að vera klár eftir sex vikur og verð örugglega með í landsleikjunum í sumar,“ sagði Aron við Fréttablaðið frá Kiel.

„Það er víst í ágætu lagi með sjálft hnéð en það er einhver sin fyrir neðan hnéð sem er að gera mér lífið leitt. Það er skemmd í henni og bólgur sem myndast í kringum hana. Þetta hefur farið versnandi og ég fór líklega endanlega í Eistaleiknum að Ásvöllum,“ sagði

Aron en það var ekki að sjá á honum í leiknum að hann væri sárþjáður enda fór hann á kostum í leiknum. „Ég fann alveg fyrir þessu í leiknum en ég var í finni meðhöndlun þegar ég var með landsliðinu. Ég var samt mjög aumur eftir leikina, þurfti mikið að kæla og gat þess utan ekki æft mikið með liðinu.“

Aron er kominn í sumarfrí enda missti FH af sæti í úrslita-keppninni eftir frábært gengi framan af móti. „Það var alveg glatað að komast ekki í úrslitakeppnina. Við vorum finir fyrir áramót, svakalega gaman en ég veit ekki hvað gerðist svo hjá okkur. Það er bara eins og tímabilið hafi ekki orðið að neinu. Það var svo líka svakalega svekkjandi að fylgjast með úr stúkunni gegn Fram.“

Aron fer á stórleik Kiel og Croatia Zagreb í Meistaradeildinni í dag. Fyrri leiknum í Króatíu lyktaði með jafntefli og því verða einhver átök í dag. „Það er bót í máli að fá að sjá þennan leik hér úti áður en maður fer í aðgerðina. Annars hugsar félagið svakalega vel um mig. Ég er með flottan nýjan Audi til afnota og allt er frítt hérna á hóteli,“ sagði Aron léttur.



LAGERSALA

• opið alla helgina •

Pollajakkar
1.500 kr.

Pollabuxur
1.500 kr.

Krakkar



Flispeysur
1.500-3.000 kr.

Bolir 2 fyrir 500 kr.

Öndunarbuxur
6.000 kr.



Öndunarkjakkur
6.000-10.000 kr.

Dömur & herrar



Flispeysur
4.000-6.500 kr.

Buxur
3.000 kr.

Stuttbuxur
1.000 kr.



Vindbuxur
1.000 kr.



Vindstakkur
2.000 kr.

Regnkápur/jakkur
2.000 kr.

Opunartímar
Lau: 11-16 • Sun: 12-16

ÚTSÖLUMARKAÐUR



Faxafeni 12 (2. hæð), 108 Reykjavík

www.66north.is

Komið að því að vinna KR

Brenton Birmingham á ekki eftir að vinna margt í íslenskum körfubolta en hann hefur þó aldrei unnið KR í lokaúrslitum. Úrslitaeinvígi KR og Grindavíkur hefst í dag. Búist er við hröðum og spennandi leikjum og troðfullum húsum.

KÖRFUBOLTI Brenton Birmingham er kominn í sjöunda sinn í lokaúrslitinum um Íslandsmeistaratitilinn og nú ætlar hann sér að gera það sem honum hefur aldrei tekist – að vinna KR í úrslitaeinvíginu. Fyrsti leikur úrslitaeinvígis KR og Grindavíkur fer fram í DHL-Höllinni í dag og hefst klukkan 16.

„Ég hef verið í úrslitunum nokkrum sinnum áður og veit alveg hvernig það er að vera í þessari stöðu. Þetta verður þó í eitt af örfáum skiptum þar sem mitt lið kemur inn í lokaúrslitin og er ekki spáð sigri. Við höfum 110 prósent trú á okkar liði og vitum að við getum alveg eins unnið titilinn eins og KR,“ segir Brenton.

Brenton hefur þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari en hann tapaði í tveimur fyrstu lokaúrslitunum sem og síðast þegar hann komst svona langt með Njarðvíkurliðinu 2007. „Það er kominn tími á að vinna KR í úrslitum. Ég hef bara unnið þá í undanúrslitunum,“ segir Brenton, sem tapaði fyrir KR í úrslitum 2000 og 2007.

Jón Arnór og Jakob

„Það vita allir að KR-liðið snýst í kringum Jón Arnór og Jakob. Þeir eru aðalmennirnir og svo mun Jason skila sínu. Þeir eru með þrjá aðalmenn en hinir mennirnir í liðinu eru mjög góðir hlutverkaleikmenn sem skila sínu vel,“ segir Brenton, sem kemur örugglega til með að dekkja Jón Arnór. „Það er líklega ekki hægt að stoppa Jón Arnór en við ætlum að reyna að hægja á honum eins mikið og mögulegt er,“ segir Brenton.

Brenton og Nick Bradford hafa verið í fimm af síðustu átta Íslandsmeistaraliðum hér á landi og þar fara menn sem vita hvað þarf til þess að vinna. „Ég og Nick vitum að það er ætlast til mikils af okkur í þessum leikjum. Við eigum það sameiginlegt að við getum gert miklu meira en að skora. Við reynum að hjálpa til á öðrum sviðum eins og í vörninni,“ segir Brenton.

Brenton hefur skorað minna síðustu tímabil en mikilvægi hans er þó engu minna. „Ég lenti oft í leikjum þar sem ég er ekki

að skora mikið en er að draga að mér athygli varnarinnar. Ég er oft í hlutverki tálbeitunnar,“ segir Brenton og gott dæmi er síðasti leikur Grindavíkur og KR sem Grindavík vann með 11 stigum.

Tók 3 skot í síðasta KR-leik

„Ég skoraði bara 2 stig og tók aðeins 3 skot en ég gat spilað góða vörn og gat dregið að mér athygli á meðan aðrir í liðinu voru að setja niður skotin,“ segir Brenton.

„Bæði lið búa yfir mikill breidd og miklum hæfileikum. Ég held að það muni svo litlu á þessum liðum að þetta verði bara spurningin um hvort liðið sé að framkvæma hlutina betur, mætir grimmara til leiks eða spilar betri vörn,“ segir Brenton. Liðin hafa mæst fjórum sinnum í vetur. KR vann þrjá fyrstu leikina en Grindavík þann síðasta. „Þegar við töpuðum fyrir þeim síðast í DHL-Höllinni var Nick nýkominn og við vorum ekki búnir að mynda nægilega sterkan liðsanda. Það sást í þeim leik og líka á muninum á okkar liði þegar liðin mættust síðan aftur í Grindavík nokkrum vikum síðar. Á þessum tíma ársins skiptir

SJÖUNDU LOKAÚRSLITIN

Brenton Birmingham ætlar sér að verða Íslandsmeistari í fjórða sinn á ferlinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

litlu hvernig hefur farið í vetur því allt getur gerst,“ segir Brenton og talar af mikilli reynslu.

Gætum fyllt Höllina fimm sinnum

Brenton hefur engar áhyggjur af því þótt hraðinn verði mikill í leikjunum. „Ég býst við háu tempói í þessum leikjum því bæði lið vilja keyra upp hraðann. Ég samþykki það alveg og mun reyna að halda í við ungu strákana. Ég er í góðu formi,“ segir Brenton.

„Þetta verður skemmtilegt einvígi fyrir áhorfendur. Ég hef heyrt fólk vera að tala um það að við gætum líklegt fyllt Laugardalshöllina fyrir alla fimm leikina. Það eru rosalega margir búnir að segja mér að þeir ætli að mæta á leikina í stað þess að horfa á þá í sjónvarpinu,“ segir Brenton og rifjar upp lokaúrslitin fyrir tveimur árum þegar fólk troðfyllti DHL-Höllina á fjórða og síðasta leiknum.

Það má búast við DHL-höllinni troðfullri í dag enda er körfuboltaáhuga-fólk búið að bíða eftir þessu einvígi í allan vetur eða allt frá því að liðin hófu tímabilið á frábærum úrslitaleik í Powerade-bikarnum.

ooj@frettabladid.is



LOKAÚRSLIT BRENTONS BIRMINGHAM UM ÍSLANDSMEISTARATITILINN 1999-2009:

1999

Brenton leikur með Njarðvík sem tapar í oddaleik í Keflavík eftir að hafa komist í 2-1 og fengið tvo leiki til þess að tryggja sér titilinn. Brenton skorar 28,2 stig að meðaltali auk þess að taka 11,2 fráköst og gefa 4,6 stoðsendingar.

2000

Brenton leikur með Grindavík sem tapar 1-3 fyrir KR eftir að hafa unnið fyrsta leikinn. Brenton skorar 23,8 stig að meðaltali í leik.

2001

Brenton leikur með Njarðvík og vinnur sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil þegar Njarðvík vinnur Tindastól 3-1 í úrslitum. Brenton á stórkostlega úrslitaseríu þar sem hann er með 23,3 stig, 8,3 fráköst, 9,0 stoðsendingar og 4,8 stolna bolta að meðaltali í leik.

2002

Brenton leikur með Njarðvík sem vinnur Keflavík 3-0 í lokaúrslitum. Brenton er með 19,3 stig, 8,0 fráköst og 4,7 stoðsendingar að meðaltali.

2006

Brenton leikur með Njarðvík sem vinnur Skallagrím 3-1 í lokaúrslitum. Brenton er kosinn besti leikmaður úrslitanna eftir að hafa skoraði 21,0 stig, tekið 8,3 fráköst og gefið 4,3 stoðsendingar að meðaltali í leik.

2007

Brenton leikur með Njarðvík sem tapar 1-3 fyrir KR eftir að hafa unnið fyrsta leikinn og verið yfir í nánast öllu einvíginu. Brenton er með 17,3 stig, 6,5 fráköst og 6,0 stoðsendingar að meðaltali í leik.





+ Hættu nú alveg

Það er mál að hætta að reykja því fíknin er lúmskur andstæðingur. Þá getur verið gott að eiga bandamann í Lyfju. Við erum reykingamönnum innan handar þegar sígarettunni sleppir.

Í Lyfju Lág múla bjóða lyfjafræðingar inngripsmeðferð sem ráðið getur úrslitum í baráttu þinni við löngunina í tóbak. Þeir hjálpa þér að greina vandann, sigrast á vananum og takast á við leiðann sem oft fylgir því að hætta að reykja.

Hugaðu að heilsunni í Lyfju

- + Í **Lyfju Lág múla** býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja.
- + **Heilsufarsmælingar**, s.s. á blóðþrýstingi, blóðfitu og kolmónoxíði.
- + **Nicorette – reyklausa bókin** fæst í öllum apótekum Lyfju.
- + **Lyfja** býður öll lyfjaform Nicorette.

Við minnum á reyksímann: **800 6030** og reyklaus.is



+ Gildir út apríl 2009

15% afsláttur +

á **NICORETTE** tyggjói í 210 stk. pk. Fruitmint, Freshmint og Spicemint.

Fótbolti og stór bjór

Merktir stuðningsmenn fá stóran bjór þegar þeirra lið skorar!

Leikir helgarinnar:

Laugardagur

Blackburn - Tottenham **11.45**

Newcastle - Chelsea **14.00**

Fulham - Liverpool **16.30**

Sunnudagur

Man. Utd - Aston Villa **15.00**



Ruby Tuesday
BRAGDGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Liverpool getur komist í toppsætið á nýjan leik

Liverpool getur klifrað í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar, í að minnsta kosti 22 tíma, á nýjan leik í dag. Þá þarf liðið að gera það sem Man. Utd tókst ekki – að vinna Fulham á Craven Cottage. Spenna fyrir fyrsta leik Shearers.

FÓTBOLTI Enski boltinn fer á fullt eftir landsleikjahléið í dag. Toppbaráttan er heldur betur orðin hörð. Liverpool sækir Fulham heim á Craven Cottage í dag en þar missteig lið Manchester United sig hrapallega á dögunum. Með sigri í dag fer Liverpool á toppinn en United gæti endurheimt toppsætið með sigri á Aston Villa á sunnudag.

Liverpool er búið að vinna þrjá leiki í röð og er það í fyrsta skipti síðan í október sem liðið kemst á slíkt flug. Liðsmenn Fulham mæta eflaust til leiks með sjálfstraustið í lagi eftir magnaðan sigur á United í síðasta heimaleik sínum. Fulham er þess utan búið að vinna tvo leiki í röð. Liðinu hefur ekki tekist að vinna þrjá leiki í röð síðan það bjargaði sér frá falli á ævintýrlegan hátt á síðustu leiktíð.

Stuðningsmenn Newcastle hafa ekki verið eins spenntir fyrir leik í háa herrans tíð enda stýrir uppáhald stuðningsmannanna, Alan Shearer, liðinu í fyrsta skipti í dag. Það hefur lengi verið draumur stuðningsmannanna að sjá Shearer í brúnni og nú er loksins komið að því. Newcastle er í fallsæti og Shearer byrjar á því erfiða verkefni að spila á móti Chelsea.

„Chelsea er lið með heimsklassaleikmenn og reyndan, frábæran stjóra. Þetta er lið á mikilli siglingu. Þetta er samt frábær leikur fyrir okkur á þessum tímamarki. Ég sætti mig ekki við það viðhorf að fólk telji okkur ekki eiga möguleika í þessum leik. Við verðum

ENSKI BOLTINN

Laugardagur:

Arsenal - Manchester City
Blackburn - Tottenham
Bolton - Middlesbrough
Fulham - Liverpool
Newcastle - Chelsea
West Bromwich Albion - Stoke
West Ham - Sunderland

Sunnudagur:

Everton - Wigan
Manchester United - Aston Villa



TREYSTA Á SHEARER Stuðningsmenn Newcastle treysta á að goðsögnin Alan Shearer bjargi liðinu frá falli. Fyrsta verkefni Shearers er í dag þegar Chelsea kemur í heim sókn.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

að fá eitthvað úr þessum leik eða hætta á að lenda fimm stigum á eftir keppinautum okkar,” sagði Shearer.

Hollendingurinn Guus Hiddink, stjóri Chelsea, gerir sér fyllilega grein fyrir því að það verði enginn hæðarleikur að taka öll stig frá St. James's Park um helgina enda verði lið Newcastle líklega allt annað lið en í síðustu leikjum.

„Það vita allir hvaða stöðu liðið er í og það verða viðbrögð frá bæði leikmönnum og stuðningsmönnum vegna nýjustu tíðinda,” sagði Hiddink. „Við búumst við erfiðum leik og gríðarlegum baráttuanda hjá heimaliðinu. Ég ber mikla virðingu fyrir Shearer. Ég þekki hann sem leikmann. Hann er mikill karakter sem mun smita leikmenn sína baráttuanda.“

henry@frettabladid.is



Suðurlandsdagur hjá Arctic Trucks
laugardaginn 4. apríl frá kl. 10 - 16 að Kletthálsi 3

ÆTLAR ÞÚ Á FJÖLLUM PÁSKANA?

Páskatilboð!

Astandsskoðun á 3.990,- kr.

(ef gengið er frá tímabókun og greiðslu á laugardaginn)

Dekk og felgur með 15% afslætti.

20% afsláttur af:

- ljósabúnaði
- glugga- og ljósaflifum
- álboxum og ferðaboxum
- ýmsum ferðabúnaði

FRÍ UMFELGUN
FRÍ ASETNING

Pólfararnir Gísli, Hjalti og Emil segja ferðasöguna frá Suðurlandsleiðangrinum í máli og myndum kl. 10:30 og kl. 13:30. Allir velkomnir! Kaffi á könnunni og páskaglaðningur fyrir börnin.



Arctic Trucks - Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími 540 4900



FLOTTIR Eyjólfur og Ögri frá Baldurshaga sjást hér í fimmgangsköppunni.

MYND/ÖRN KARLSSON

Meistaradeild VÍS:

Aftur sigur hjá Eyjólfvi

HESTAR Eyjólfur Þorsteinsson heldur áfram að gera það gott í Meistaradeild VÍS en hann vann fimmganginn á fimmtudag á Ögri frá Baldurshaga.

Sigurbjörn Bárðarson var annar á Stakk frá Halldórsstöðum og Viðar Ingólfsson og Segull frá Miðfossung hreppu bronsið.

